

12



Allt að helmingi fleiri ferðamenn en vant er á þessum árstíma

16



Selur gærur og garn beint frá bónda


36



Samkeppni um land orð í tíma töluð

Bændablaðið

6. tölublað 2013 ● Fimmtudagur 21. mars ● Blað nr. 391 ● 19. árg. ● Upplag 28.000



Gleðilega páska

Það er blómavertíð hjá Gísla Jóhannssyni garðyrkjubónda í Dalsgarði í Mosfellsdal og hans fólki þessa dagana. Er nú unnið baki brotnu allan sólarhringinn við að skera tugþúsundir af páskafljum og túlipönum fyrir páskana. Auk þess fer á markað mikið af páskaþreinum ásamt rósum sem ræktaðar eru í stöðinni.

Mynd / HKR.

Fulltrúar stærstu stjórnmálaflokka landsins:

Hafna innflutningi á nýju kúakyni

Fulltrúar stærstu stjórnmálaflokka landsins hafna með öllu innflutningi á erlendu kúakyni til landsins.

Þetta kom skýrt fram á opnum fundi Samtaka ungra bændu sem haldinn var á Hvanneyri í gærkvöld. Jafnframt kom fram að fulltrúarnir töldu að varnarlínur Bændasamtakanna ættu að liggja til grundvallar samningsafstöðu Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið, hvað varðar

innflutning á lifandi dýrum. Töldu fundarmenn ljóst að ekki gæti farið saman að flytja hingað til lands nýtt kúakyn og að standa á bak við varnarlínurnar. Hátt í hundrað manns sátu fundinn.

Á fundinum, sem bar yfirskriftina Framtíð og nýliðun, hélt Helgi Elí Hálfðánarson framsögu um nýliðun í landbúnaði. Á fundinn mættu fulltrúar Framsóknarflokks, Samfylkingar, Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar, Sjálfstæðisflokks og Dögunar. /fr

Kaupmannahöfn:

Gríðarlegur áhugi á íslensku ullinni

Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn stóð fyrir kynningu á íslensku ullinni, eiginleikum, meðhöndlun og hönnun, í húsakynnum sendiráðsins þann 7. mars síðastliðinn. Fljótlega eftir að boðskort höfðu verið send út varð ljós sá gríðarlegi áhugi og sú athygli sem íslenska ullin nýtur, en yfir tvö hundruð boðsgestir sóttu viðburðinn.

„Það er gífurlegur áhugi hér á íslensku ullinni. Það myndaðist biðröð við sendiráðið þó nokkru áður en formleg dagskrá hófst. Íslensku kynnendurnir fundu fyrir miklum áhuga og náðu góðum samböndum og hugsanlegu samstarfi. Auk þess var ferðaþjónustuaðili á staðnum sem vill vinna að því að senda danska ferðamenn sérstaklega til landsins í frekari kynningar á þeirri fjölbreyttu vinnu sem á sér stað í kringum ullina,“ segir Viðar Ingason, viðskipta- og ferðamálafulltrúi í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn.

Vegur íslensku ullarinnar

Fag- og söluaðilar frá Íslandi, auk heildsöluþyrftækis íslensku ullarinnar í Danmörku, héldu kynningar eftir inngangsorð sendiherra Íslands.

„Jóhanna Pálmadóttir, sauðfjárbóndi, kennari og sérfræðingur um íslensku ullina, skýrði gestum frá hinum sérstöku eiginleikum ullarinnar. Guðrún Bjarnadóttir, grasfræðikennari við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og eigandi Hespú ehf., sýndi vörur sínar og aðferðir við litun ullarinnar sem byggjast á jurta- og grasnytjum.

Margrét Jónsdóttir frá Handverkssetrinu Þingborg gerði grein fyrir vistvænum vinnsluaðferðum sínum sem jafnt ná yfir sérstakar



Biðröð myndaðist fyrir framan íslenska sendiráðið í Kaupmannahöfn á dögunum þegar íslensk ull og eiginleikar hennar voru kynntir.

ullarþvottaaðferðir sem og jurtalitun. Einnig kynnti Margrét notkun tölvuforrita við þrjónauppskriftir,“ útskýrir Viðar og segir jafnframt:

„Halla Benediktsdóttir kennari, sem býr og starfar í Kaupmannahöfn og leggur stund á nám í hönnun, kom að undirbúningi viðburðarins og hélt utan um vinnustofur.

Fulltrúar fyrirtækjanna Ístex á Íslandi og Fru Zippe í Danmörku standa í sameiningu að útflutningi íslensku ullarinnar til danskra verslana og þrjónaáhugafólks. Bæði þessi fyrirtæki höfðu fulltrúa viðstadda á viðburðinum og sýndu brot vöruúrvalsins auk þess sem þau leystu gesti út með gjöfum. Íslenska ullin selst mjög vel í Danmörku og dagskránni var ætlað að kynna hana enn frekar. Vel þykir hafa tekist til, með þessum viðburði, að lokka að áhugasama Dani, hannyrðafólk, seljendur og fagtimarit, til að gera veg íslensku ullarinnar enn meiri.“

/ehg

Fréttir

Söfnun hafin fyrir bændur í Fjósatungu

Sá sorglegi atburður varð á bænum Fjósatungu í Þingeyjarsveit 15. mars að lítið stúlkubarn lést af slysförum. Hún hét Lilja Dóra Ástþórsdóttir og var eins og hálfs árs gömul. Lilja Dóra var eina barn foreldra sinna, sem eru ungir sauðfjárbændur.

Aðstandendur og vinir þeirra hafa sett af stað fjársöfnun til aðstoðar foreldrum Lilju Dóru.

Tekið er á móti framlögum í Sparisjóði Suður-Þingeyinga á bankareikning númer:

1110-05-403050
Kennitala 110883-4989.



Hádegisfundur í Bændahöllinni: Hver er áhættan af innflutningi á hráu kjöti?

Bændasamtök Íslands boða til hádegisfundar 3. apríl um þá áhættu sem felst í innflutningi á hráu kjöti til landsins. Haldin verða tvö stutt erindi og síðan verða umræður um málefnið.

Það eru þeir Vilhjálmur Svansson, dýralæknir á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum, og Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítalans, sem munu halda erindi um sín sérsvið. Vilhjálmur ræðir um hvaða áhætta felst í innflutningi á hráu kjöti og öðrum dýraafurðum fyrir búfé. Karl mun m.a. rekja þann árangur sem náðst hefur í baráttunni við salmonellu hér á landi og fjalla um sýklalyfjaónæmi og þá sjúkdóma sem geta mögulega borist í menn með hráu kjöti.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 3. apríl í salnum Heklu á 2. hæð Hótel Sögu. Hefst hann kl. 12.00 og verður lokið kl. 13.30. Allir áhugasamir eru velkomnir á fundinn en hádegishressing verður í boði bænda.

Aðalfundur LK í beinni á netinu

Aðalfundur Landssambands kúabænda árið 2013 verður haldinn á Icelandair Hótel Héraði á Egilsstöðum, dagana 22. og 23. mars næstkomandi.

Fundurinn verður settur kl. 10 árdegis þann 22. mars og áætlað er að honum ljúki um kl. 17 laugardaginn 23. mars. Á dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf. Áhugasamir geta fylgst með fyrri fundardegnum í beinni útsendingu á vef kúabænda, www.naut.is

Deilt um innflutning á hráu kjöti í kjölfar álits ESA vegna kvörtunar SVP:

Okkur ber skylda til að verja búfjárstofna okkar

– ekki sjálfsagt mál að flytja hér inn hrátt kjöt segir Vilhjálmur Svansson dýralæknir á Keldum.

Vilhjálmur Svansson dýralæknir á Keldum segir ekki sjálfsagt mál að heimila innflutning á hráu kjöti. Af því sé áhætta þótt deila megi um hversu mikil hún sé. Þá varði hættan ekki eingöngu íslenska bústofna því smit geti einnig borist í menn.

Upplýst var á dögnum að ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, telji að bann Íslands við innflutningi á hráu kjöti brjóti gegn ákvæðum EES-samningsins. Voru þetta viðbrögð vegna kvörtunar Samtaka verslunar og þjónustu til ESA í árslok 2011. Stofnunin hefur veitt íslenskum stjórnvöldum frest til loka maí til að standa fyrir máli sínu, en áskilur sér rétt til að fara með málið fyrir dómstóla. Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra sagði í kjölfarið að tekið yrði til ítrustu varna gegn Eftirlitsstofnun EFTA.

Áhættan getur verið sérlega mikil

Vilhjálmur Svansson hefur áður bent á að vegna landfræðilegrar einangrunar og strangra innflutningsreglna lifandi dýra og dýraafurða hafi tekist að halda Íslandi fríu af mörgum smitefnum sem landlæg eru erlendis og hafa sum hver valdið faröldrum, þar á meðal í ríkjum Evrópusambandsins. Áætlað hafi verið að aðeins lítil hluti þekktra smitefna sem finnast í ESB löndum sé að finna á Íslandi. Því geti áhættan verið sérlega mikil vegna sjúkdóma sem íslenskir húsdýrastofnar hafi ekki byggt upp ónæmi fyrir. Auðveldlega geti því komið upp faraldrar hér eins og dæmin sýni t.d. varðandi hross.

Innflutningur á hráu kjöti ekki sjálfsagt mál

„Við viljum meina að það sé ekki sjálfsagt mál að flytja hér inn hrátt kjöt. Það er þannig að búfé á Íslandi er með mjög óvenjulega smitsjúkdómastöðu og hefur búið við aldalanga einangrun. Það er óumdeilt að mjög margir af þeim sjúkdómum sem eru þekktir og landlægir erlendis eru ekki til staðar hér á landi. Við viljum nýta okkur sérstöðu okkar sem eylands og lágmarka áhættuna á að fá hér slíka sjúkdóma. Auk þess erum við líka með menningarsöguleg verðmæti í okkar íslensku búfjárstofnum og okkur ber skylda til að verja þá sem framleiðslukyn.“

Vilhjálmur nefnir að öll eyölnd sem einhverja möguleika hafi á, reyni að verja sína bústofna af mikilli hörku. Þar megi t.d. nefna Nýja-Sjáland sem er m.a. stórframleiðandi á kindakjöti. Þar geri menn allt til að lágmarka áhættuna.

Vilhjálmur segir að menn hafi svo sem ekki hugmynd um við hverju megi búast varðandi möguleg smitefni. Í manninum, sem er mest rannsakaða dýrategund jarðarinnar, séu þekkt um 1.500 smitefni. Þá séu að uppgötvast 2-4 ný smitefni í mönnum á hverju ári. Fyrir búfjártegundir sem mest eru rannsakaðar, séu þekkt 150 til 250 smitefni. Þekkt smitefni séu þó einungis toppurinn á ísjakanum.

Smitefni geta líka borist í fólk

„Sum þessara smitefna geta verið til staðar í hráu kjöti eða aðliggjandi vefjum. Síðan er það ákveðið mat hver áhættan sé á að þetta geti borist í okkar búfé eða fólk. Gagnvart mönnum er t.d. verið að tala um



Íslenskir búfjárstofnar eru vegna aldalangrar einangrunar afar viðkvæmir fyrir utanaðkomandi smitsjúkdómum. Öll eyölnd sem einhverja möguleika hafa á reyna að verja sína bústofna af mikilli hörku, segir dýralæknir.



Íslenski kúastofnin er einstakur á heimsvísu og alfarið á ábyrgð Íslendinga að vernda hann.

kampýlóbakter, salmonellu og E coli O157:H7 (Escherichia coli), stundum kölluð hamborgarabakterían, sem veldur ekki veikindum í dýrum en getur valdið alvarlegum sjúkdómi í fólk og dauða og hefur oft valdið stórum hópсыkingum. Talið er líklegt með auknum innflutningi á hráum nautgripaafurðum megi búast við að þessi baktería berist til landsins, komist út í lífríkið og smiti íslenskan búpening.

Af öðrum smitefnum mætti nefna til sníkjudýrið tríkínu sem möguleg hættu er á að berist hingað, þó að áhættan sé kannski ekki mikil, ef ekki er farið framhjá eftirliti og dýrum ekki gefnar smitaðar afurðir. Tríkína er ekki þekkt í dýrum hér en berist hún með afurðum, getur hún valdið veikindum í mönnum og jafnvel dauða. Þetta er síðan alltaf háð mati hver líkindin séu fyrir að slíkt berist hingað með hrávöru.“

Þráðormurinn tríkína (Trichinella), sem stundum er nefndur fleškokormur, hefur m.a. fundist í ísbirni sem skotinn var á Hornströndum á sjöunda áratug síðustu aldar. Einnig fannst hann í ísbirni sem felldur var skammt frá Þverárfellsvegi 3. júní 2008. Sníkjudýrið er vel þekkt í ýmsum spendýrum erlendis eins og refum, hundum, villissvínunum og jafnvel búfé. Ormurinn smitast ekki í menn nema við neyslu á smituðu hráu kjöti og býr sníkjudýrið þá um sig í vöðvum og veldur miklum sársauka og jafnvel dauða.

Einstök staða kjúklinga- og svínaréktar

Vilhjálmur nefnir svína-, kjúklinga- og eggjabú hérlandis sem dæmi um góðan árangur af smitvörnum. Þar sé viðhaft strangt eftirlit og smitvarnir miklar.

„T.d. er staða kampýlóbakter í kjúklingarékt hér á landi einstök á heimsvísu og þótt einstaka tilfelli hafi verið um salomellu í kjúklingaeldi hér á landi er hún mjög fátíð og vel fylgst með því að ekki fari salmonellu-mengaðar afurðir á markað.“

Þó svo að dæmi séu þekkt hérlandis frá fyrri tíð af smiti í svínunum með innfluttum matvælum eru hverfandi líkur á að smitsjúkdómar berist inn á stærri svína- og alifuglabú með innfluttum matvælum, enda matarúrgangur ekki notaður sem skepnufóður á þeim búum. Slíkt á ekki að geta gerst nema fyrir algjöra slysi eða gáleysi.

Öðru máli gegnir um búpening sem gengur frjálss utandyra; hann er berskjaldaðri fyrir smiti sem hugsanlega leyndist í matarúrgangi sem honum er gefinn eða sem skilinn er eftir á víðavangi. Smit úr slíkum úrgangi getur hugsanlega einnig borist í villt dýr. Má í því sambandi nefna tríkínur og sull.“

Innflutningur lifandi dýra hættulegastur

Vilhjálmur segir að mögulega megi flokka áhættuþættina með tilliti til alvarleika. „Vísindamenn hér á landi eru trúlega einna minnst hræddir við að smit berist með innfluttu kjöti en þeir eru dauðhræddir við að smit berist með innfluttum lifandi dýrum. Ef við færum út í óheftan slíkan innflutning þá yrði fjandinn laus.“

Segir Vilhjálmur að ef lítt eða óheftur innflutningur á hráu kjöti frá ESB yrði leyfður væri það líka alltaf spurningin um eftirlitið þar sem kjötið er upprunnið. Þá gæti líka verið erfitt að rekja uppruna og tryggja heilbrigði kjöts sem komist hefði inn á markað í Evrópu og yrði hugsanlega selt hingað.

„Nefna má í þessu sambandi hrossa- og asnakjöt sem hefur verið selt víða sem nautakjöt. Eftirlitskerfið er því kannski ekki 100%,“ segir Vilhjálmur.

Yfirdýralæknir á svipaðri skoðun

Í Bændablaðinu 7. febrúar sl. sagði Sigurborg Daðadóttir, nýr yfirdýralæknir, að hættu væri á að hingað til lands bærust sjúkdómar með afurðum dýra sem fluttar væru til landsins. Hættan samfara slíku er ekki síst fólgin í sjúkdómum sem geta

lagst á fólk, sagði Sigurborg. – „Það er mun minni hættu á að það beri með sér sjúkdóma í dýr, þó að hún sé til staðar. Það er mun styttri leið frá dýri til dýrs og frá manni til dýrs. Við megum hins vegar ekki einblína á innfluttar dýraafurðir út frá heilbrigði dýra heldur út frá heilbrigði okkar mannanna. Íslendingar hafa náð mjög góðum árangri í baráttunni gegn salmonellu og kampýlóbakter í kjúklingum, það er mun lægri tíðni slíkra sýkinga í fólk hér á landi en í Evrópulöndunum. Það er það sem við eignum að verja eins og kostur er.“

Varðandi áhættuna nefndi Sigurborg einnig kjúklinga-framleiðsluna hérlandis, sem væri til fyrirmyndar en samt afar viðkvæm fyrir smiti.

„Kjúklingabændur hér á landi eru fremstir í heiminum að verjast kampýlóbakttersmiti og því má ekki tefla í tvísýnu. Aðrir bændur ættu að taka kjúklingabændur sér til fyrirmyndar, að verja sínar skepnur fyrir sjúkdómum. Svínabændur hafa gert þetta líka en mér þykja aðrir bændur ekki endilega sýna mikla ábyrgð í þessum efnum.“

Varað við smiti úr frosnum innfluttum berjum

Varðandi smit úr innfluttum matvælum vakti athygli þegar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Matvælastofnun og söttvarnalæknir sendu út tilkynningu 15. mars sl. með hvatningu til almennings um að sjóða allar tegundir frosinna berja sem fást í búðum áður en þeirra en neytt. Í tilkynningu sagði að á undanförunum mánuðum hefðu 30 manns í Danmörku greinst með Lifrabólgu A. Grunur léki á að fólkíð hefði smitast við neyslu á ósoðnum frosnum berjum. Ekki hefði verið hægt að benda á ákveðna tegund en rannsókn væri í gangi. Sambærilegar vörur eru á markaði hér og í Danmörku og því er neytendum ráðlagt að sjóða berin í minnst eina mínútu áður en þau eru notuð.

Þó að yfirvöld hafi þarna varað eingöngu við frosnum innfluttum berjum, sem flestir hafa talið örugg til þessa vegna frystingarinnar, er vert að hafa í huga að hingað til lands er árlega flutt inn umtalsvert magn af frystu grænmeti. Einnig fersku grænmeti, frosnum kjötvörum og fleiri matvælum.

/HKr.

Búvís hefur lagt metnað í að þjónusta bændur með gæðavörur eins og Rani rúlluplast ... og mun gera áfram!

www.buvis.is
Verið velkomin á vefsíðu okkar

**TRAUST OG GÆÐI
VELDU BÆÐI**

Rani plast fyrir rúllur, útistæður og flatgryfjur



Tama net og garn
Tama net
- Lengd 3.000 til 4.500 metrar



FarmWrap

Framleitt úr 100% DOWLEX LLDPE hráefni.
Mikill styrkur og góð mótstaða fyrir smágötum (nálarauga).
Fimm laga plast. Framleitt af Aspla í ESB.
Fyrir allar gerðir af grasi og allar 75 cm þökkunaryélar.

Agriflex rúlluplast



DISKASLÁTTUVÉLAR - RAKSTRARVÉLAR - HEYTÆTLUR



PALMSE STURTUVAGNAR VÆNTANLEGIR

10 TONNA

Burðargeta: 10 tonn



PALMSE RÚLLUVAGN



Burðargeta: 12 tonn • Heildarþungi: 14,6 T.
Mesta lengd: 9,78 m. • Mesta breidd: 2,46 m.
Pallst. innan: 8 x 2,46 m. • Dekk Extra stærð: 520/50 x 17



Taðklær

Einfaldar og góðar
Kr. **269.000.-** án vsk.



Haughræra

Lengd 5,6 til 7,6 metrar
7,6m kr. **650.000.-** án vsk.



Ávinnsluherfi

4, 6 og 8 metra
Hægt að snúa vinnslumottu við til að auka eða minnka ávinnslugetu.
4m kr. **196.000.-** án vsk.
6m kr. **315.000.-** án vsk.
8m kr. **395.900.-** án vsk.



Snjóplógar

Samasz snjóplógar og snjótennur í úrvali
Vinnslubreidd frá 1,5 til 3,6 metra



Afrúllari

1 eða 3 faza
Mest seldi afrúllari á landinu
Fleiri spyrnur, hærri hliðar
Einn ódýrasti vinnumaður sem völ er á
3 faza kr. **721.000.-** án vsk.
1 faza kr. **781.000.-** án vsk.



Talía

Talía og rafdrifinn hlaupaköttur, 1 fasa mótur, lyftigeta 1 tonn á tvöföldum vír
Mótorstærð: 1600W

Hlaupaköttur

Mótorstærð: 70W
Keyrsluhraði:
16 metrar á mínútu
Talía og hlaupaköttur Kr. **89.000.-** án vsk.



Áburðardreifari

Einstakt „Vibro system“ tryggir jafna dreifingu á áburðinum. Stærð 1350 ltr.
Kr. **589.000.-** án vsk.

NÝTT!

REIÐVÖRUR

Hnakkar, reiðvörur og fatnaður frá Karlslund



FERMINGARTILBOÐ

Kjarni hnakkur
kr. **110.229,- með vsk.**



Skór með stáltá
kr. **12.900,- með vsk.**



SPÆNIR

Höfum hafið innflutning á rykfríum hágæða spæni og sagi frá Spanval í Danmörku

Þýsk gæðavara kränzle háþrýstidælur

Til smærri og stærri verka

Til afgreiðslu strax



Háþrýstidæla með 10 m háþrýstislöngu:
10 m radius vinnur 314 m².

Kränzle háþrýstidæla með 15 m háþrýstislöngu:
15 m radius vinnur 706 m².
Rúmlega tvisvar sinnum meira!



10/120
Hámarksþrýstingur 135 bar
Vinnuþrýstingur 10-120 bar
Vatnsmagn 10 l/min
220 volt, 2,5 kw
Kr. **69.500,-** án vsk.



1151T
Hámarksþrýstingur 150 bar
Vinnuþrýstingur 10-130 bar
Vatnsmagn 10 l/min
220 volt, 2,8 kw
Kr. **99.900,-** án vsk.



PROFI T-195 TST
Hámarksþrýstingur 195 bar
Vinnuþrýstingur 10-170 bar
Vatnsmagn 8 l/min
220 volt, 3,2 kw
Kr. **159.900,-** án vsk.



1000TST
Hámarksþrýstingur 250 bar
Vinnuþrýstingur 30-220 bar
Vatnsmagn 15,5 l/min
Vatnstankur 16 l
400 volt, 5,5 kw
Kr. **279.000,-** án vsk.

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | www.buvis.is

Búvís
Akureyri

Fréttir


Tollar og íslenskur landbúnaður

– Hver er ástæðan fyrir því að tollur er lagður á erlendar búvörur?

Í fyrrasumar gáfu Bændasamtökin út fræðslubækling um tolla og íslenskan landbúnað. Markmiðið með útgáfunni var að fara með skipulögðum hætti yfir tolla-umhverfi íslensks landbúnaðar og landbúnaðarstefnu stjórnvalda.

Tollamálin eru sífellt á dagskrá, en fyrir nokkru boðuðu Samtök verslunar og þjónustu tillögur sem miða að auknum innflutningi á búvörum. Bændasamtökin hafa um árábil bent á að Ísland er ekki frábrugðið öðrum þjóðum sem slá skjaldborg um innlenda búvöruframleiðslu með tollvernd. Rókin eru einkum þau að hagsmunir neytenda séu ekki fölgirnir í því að veikja innlenda matvælaframleiðslu með auknum innflutningi á mat sem hægt er að framleiða á Íslandi. Það kosti mikinn gjaldeyri og veikir atvinnulíf, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum.

Í fræðslubæklingnum er dregin upp mynd af alþjóðasamningum um viðskipti með landbúnaðarvörur, svo sem við Evrópusambandið og Alþjóðaviðskiptastofnunina. Sýnt er fram á samhengi launa og verðlags 20 landa og sýndur samanburður



á útgjöldum til matvörukaupa milli nokkurra Evrópulanda. Einnig er þeirri spurningu velt upp hvað myndi gerast hérlandis ef tollar væru afnumdir og bent á mikilvægi hugtakanna fæðu- og matvælaöryggis í því sambandi að vernda innlenda matvælaframleiðslu.

Bæklingurinn er fánlegur hjá Bændasamtökunum og á vefsíðu samtakanna á bondi.is

Nokkur atriði um tollvernd

» Stjórnvöld leggja tolla á innfluttar búvörur sem eru sambærilegar þeim sem framleiddar eru hér á landi. Einkum er um að ræða mjólkurvörur, kjötvörur og blóm. Einnig nýtur útiræktað grænmeti eins og gulrætur, gulrófur og kartöflur tollverndar þegar íslenska framleiðslan annar eftirspurn. Þegar íslenskar vörur eru ekki til eru erlendu vörurnar fluttar til landsins án tolla. Einnig er lagður magntollur á sveppi en gúrkur, tómatar, salöt og paprikur, sem flutt eru inn allt árið, eru án tolla.

» Aðeins 10% af landbúnaðarframleiðslu heimsins eru seld á milli ríkja. Hin 90% eru til neyslu og vinnslu á heimamarkaði.

» Reynsla annarra þjóða af því að opna fyrir innflutning og á sama tíma að draga úr hvatningu til innlendra framleiðenda er að slíkt hefur leitt til mikilla verðhækkana á mat.

» Langflestar landbúnaðarvörur eru fluttar inn án tolla. Þetta á til dæmis við um allt hveiti og kornvörur, pasta, hrísgrjón, sykur, matarolíur, ávexti og grænmeti.

Ítölunefnd heimilar væga beit á Almenninum

Nefnd sem skipuð var á liðnu sumri til að meta beitarþol afréttarlandsins Almennings í Rangárfingi eystra hefur skilað úrskurði sínum. Nefndin klfnaði í afstöðu sinni, en meirihluti hennar úrskurðaði að heimila væga beit á afréttinum. Minnihlutinn vildi að afrétturinn yrði friðaður fyrir beit.

Mikill styr stóð síðastliðið vor vegna fyrirætlaða bænda um upprekstur á Almenninum eftir langt hlé. Árið 2007 staðfesti Hæstiréttur úrskurð Öbyggðanefndar um að Almenningar væru þjóðlenda en bændur ættu þar áfram heimild til afréttanota. Bændur á svæðinu boðuðu árið 2009 að þeir hygðust hefja upprekstur á svæðið en það frestaðist, fyrst vegna gossins í Eyjafjallajökli en síðar vegna beiðni Landgræðslu ríkisins. Á síðasta ári ráku nokkrir bændur svo fé á Almenninum, sem olli töluverðum deilum. Í framhaldi af því var umrædd nefnd svo skipuð sem

ætlað var að finna svokallaða ítölu fyrir svæðið, þ.e. hversu mikla beit afrétturinn þyldi.

Ítölunefndina skipuðu dr. Guðni Þorvaldsson, tilnefndur af sýslumanni Rangárvallasýslu, dr. Ólafur R. Dýrmondsson, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og Sveinn Runólfsson, tilnefndur af Landgræðslu ríkisins. Nú hefur nefndin, sem áður segir, lokið störfum og skilað úrskurði. Nefndin klfnaði í afstöðu sinni á þann hátt að meirihlutinn sem Guðni og Ólafur mynduðu úrskurðaði um væga beit á Almenninum, 50 tvílembdar ær, með ákveðnum skilyrðum. Sveinn skilaði hins vegar séráliti sem felur í sér algera beitarfriðun afréttarins. Nefndin var skipuð samkvæmt heimild í afréttarlögum og er úrskurður hennar bindandi, þó að heimilt sé að kæra hann til yfirmatsnefndar. Að sögn Landgræðslustjóra má búast við að slík kæra verði lögð fram. /fr

Leiðrétting

Í síðasta Bændablaði birtist tafla með yfirliti um áburðartegundir á markaði.

Í upplýsingum um verð og skilmála Áburðarverksmiðjunnar

voru villur. Hið rétta er að Áburðarverksmiðjan býður viðskiptavinum 6 prósentu staðgreiðsluafslátt og uppgefið verð er ekki háð gengi.

Kálfar fæðast dauðir í 14 prósentum tilfella

Samkvæmt skýrsluhaldi í nautgriparækt fæddust 14 prósent allra kálfa frá árinu 2004 og fram á mitt ár 2012 dauð. Hlutfallið er enn herra sé eingöngu horft til fyrsta kálfs kvigna, eða 21,6 prósent, á meðan hlutfallið er 10,8 prósent hjá eldri kúm. Á þessum átta og hálfu ári fæddust 32.105 kálfar dauðir. Það er geysilega hátt hlutfall og til mikils að vinna ef draga mætti úr dauðfæddum kálfum.

Þetta er eitt af því sem kom fram í erindi Grétars Hrafnar Harðarsonar á Vísindapingi landbúnaðarins – Landsýn, í erindi sem bar yfirskriftina Kálfadauði II – niðurstöður framhaldsrannsóknar. Í erindinu kom einnig fram að alls eru 37,5 prósent allra kálfa sem fæðast á landinu undan heimanautum. Verulegur meirihluti kvíga fær fang með heimanautum, eða 70,4 prósent. Ekki síður er sláandi niðurstaða að 24 prósentum eldri kúa er haldið við heimanaut. Að mati Grétars er þetta alvarlegt varðandi ræktunarstarfsemi íslenska kúakynsins. Hins vegar er ekki að sjá neinn meginmun á kálfadauða eftir því hvort kýr eru sæddar eða þeim haldið við heimanaut.

Alþjóðlegur samanburður óhagstæður

Í alþjóðlegum samanburði standa íslenskir kúabændur líka höllum fæti varðandi samanburð á dauðfæddum kálfum. Áberandi hæst hlutfall kvíga ber dauðum kálfum hér á landi en Holstein-Friesen kynið í Bandaríkjunum kemur næst með 12,1 prósent dauðra kálfa. Munurinn er minna áberandi með eldri kýr en er þó til staðar.

Á árunum 2006-2008 var unnið



Þessir kálfar á Hóli í Skagafirði eru kraftmiklir og sprækir en því er ekki að heilsa varðandi alla kálfa sem fæðast á Íslandi. Fjórtni prósent allra kálfa sem fæddust frá 2004 fram á mitt ár 2012 fæddust dauðir.

að stóru rannsóknarverkefni sem náði til almennrar þekkingaröflunar um þætti sem hugsanlega gætu skýrt orsakir hárrar tíðni dauðfæddra kálfa og/eða veitt innsýn í lífeðlisfræðilega röskun sem valdið getur því að kálfurinn deyr við burð. Í framhaldi af niðurstöðum þess verkefnis var ráðist í verkefnið sem var til umfjöllunar í erindi Grétars Hrafnar á þinginu. Meginmarkmið þess var að skoða þroska kvígna sem báru dauðum kálfum og var hann borinn saman við þroska kvígna sem báru eðlilega, enda var þetta eitt af þeim atriðum sem fyrri rannsókn gaf tilefni til að rannsaka betur. Jafnframt var markmið verkefnisins að efla tengsl við erlenda sérfræðinga á þessu sviði, en kálfadauði er alþjóðlegt vandamál.

Valin voru 38 kúabú í Árnes- og Rangárvallasýslum og kvígur metnar sem ýmist voru nýlega bornar eða áttu stutt í burð. Fjórar

breytur fengust við þessa skoðun; holdastig, brjóstmál, breidd milli mjaðmarhorna og aldur við burð. Alls voru skoðaðar 479 kvígur og reyndust dauðfæddir kálfar vera 131, eða um 27 prósent. Hvorki var munur á stærð og þroska kvígna né á aldri við burð hjá kvígum sem báru dauðum kálfum og hinum sem báru lifandi kálfum.

Ljóst virðist vera að umhverfis-áhrif og arfgerðaráhrif hafi bæði mikið að segja. Nýlegar rannsóknir í Hollandi sýna að aukning kálfadauða sé af völdum umhverfisáhrifa að hálfu og ætternisáhrifa að hálfu. Ljóst er að inngrip í burð, burðarhjálp, eykur tíðni kálfadauða. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að burðarhjálp er veitt í um helmingi burða hjá kvígum, enda þótt burðarvandamál hafi ekki sérstaklega verið greind nema í 28 prósentum tilfella. Þá virðist ljóst að mismunandi áhætta er á kálfadauða tengd við feður kúnna. /fr




Þó að mörg áhugaverð erindi væru flutt á Vísindapinginu slógu konurnar ekkert slöku við í þrjónaskapnum. Mynd / fr

Vísindaping landbúnaðarins:

Mikil ánægja með Landsýn

Landsýn – vísindaping landbúnaðarins fór fram föstudaginn 8. mars síðastliðinn á Hvanneyri. Yfir 130 manns tóku þátt í þinginu og þótti það heppnast afar vel. Fjórar málstofur voru á dagskrá þingsins og voru flutt 33 erindi. Málstofurnar fjórar höfðu yfirskriftirnar Áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi, lífríki og ræktun; Fóður og fé; Ástand og nýting afrétta og Sjálfbær ferðapjónusta og heimaframleiðsla matvæla. Þá voru kynnt 20 veggspjöld sem innihéldu fræðsluefni um aðskiljanlegustu hluti.

Blásið var til kosninga um bestu veggspjöldin og hlutu eftirfarandi veggspjöld viðurkenningar:



Endurheimt staðargróðurs í aflögðum slóðum var valið besta veggspjald vísindapingsins. Mynd / fr

Endurheimt staðargróðurs í aflögðum slóðum eftir Önnu Sigríði Valdimarsdóttir, Kristínu Svavarsdóttur og Ásu L. Aradóttur

var valið besta veggspjaldið, með tilliti til upplýsingagildis og framsetningar.

Íslenska jarðarberíð – svip- og arfgerðir eftir Hrannar Smára Hilmarsson, Magnus Göransson og Jón Hallstein Hallsson var valið sem það veggspjald sem var áhugaverðast eða með bestu framsetninguna.

Fræðsluefni fyrir fjárbændur eftir Ragnhildi Sigurðardóttur var valið frumlegasta veggspjaldið.

Að Landsýn standa Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðsla ríkisins, Matís, Matvælastofnun, Skógrækt ríkisins og Veiðimálastofnun.

Sjá frekari umfjöllun um erindi þingsins á bls. 24 og 26. /fr



„GENGIÐ TIL FJÁR“ ÞÖKKUM STUÐNINGINN

Verkefnisstjórn söfnunarinnar „Gengið til fjár“ til styrktar bændum sem urðu fyrir tjóni í óveðrinu í september 2012 þakkar öllum þeim sem lögðu verkefninu lið með fjárframlögum eða með öðrum hætti. Alls söfnuðust **38** milljónir króna og voru þær nýttar til að greiða bændum bætur. Að auki var Landsbjörg veittur styrkur fyrir ómetanlegt framlag við leit og björgun í kjölfar óveðursins.

Kristjáni Jóhannssyni skipuleggjanda styrktartónleika sem haldnir voru í Hofi og listafólki sem þar gaf vinnu sína, eru færðar sérstakar þakkir.

Þeim er gáfu drykkjarumbúðir í söfnun á kjötsúpudaginn á Skólavörðustíg fyrsta vetrardag og kaupmönnum á Skólavörðustíg er þakkað fyrir þeirra framlag.

Þá eru þeim **98** einstaklingum sem lögðu fram fjárframlög einnig færðar alúðarþakkir.

Verkefnisstjórn „Gengið til fjár“:

Guðni Ágústsson, formaður, Dagbjört Bjarnadóttir, Friðrik Friðriksson, Jón Aðalsteinn Baldvinsson og Þórarinn Ingi Pétursson.

48 fyrirtæki og félagasamtök gáfu í söfnunina og eru nöfn þeirra birt hér að neðan.

Alcoa Fjarðaál / Arion banki / Austfar / Brim / Búnaðarsamband Eyjafjarðar / Bústólpi / Bændasamtök Íslands / Eimskip
Endurvinnslan / Eyrarbúið / Félag hobbýfjárbænda / Félag sauðfjárbænda í Borgarfirði / Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu
Félagsbúið Oddgeirshólum / Fóðurblandan / Gistiheimilið Flúðum / Hagar / Höfðabrekka / Icelandair Group
Íslandsbanki / Ístex / Jarðböðin / Kaupfélag Skagfirðinga / Kaupfélag Vestur-Húnavetninga / KEA / Kjarnafæði
Kussungur / Kvenfélag Gnúpverja / Kvenfélagið Vaka / Landsbankinn / Landsnet / Landsvirkjun / Lifland
Mjólkursamsalan / N1 / Norðlenska matborðið / Norvik / Olís / Rarik / Rio Tinto Alcan / Samskip
Sláturfélag Suðurlands / Slysavarnafélagið Hringur / Sparisjóður Suður-Þingeyinga / Steinull / Vélfang / VÍS / Þór

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 6.900 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.450. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritsjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 Blaðamenn: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is
Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is
Auglýsingastjóri: Eiríkur Helgason eh@bondi.is – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsníð ehf.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Búseta í dreifbýli á að vera raunhæfur valkostur

Á nýafstöðnu Búnaðarþingi var mörkuð stefna bænda og áherslur í mörgum málum. Miklar breytingar urðu í stjórn Bændasamtakanna og eru fráfaramandi formanni og stjórnarmönnum, ásamt fjölskyldum þeirra, færðar kveðjur og þakklæti fyrir vel unnin störf á undanförunum árum.

Á undanförunum búnaðarþingum hefur verið vaxandi umræða um stöðu þeirra sem búa í dreifbýli og má segja að áhyggjur fulltrúa á þinginu af þróun mála aukist með ári hverju. Veikir innviðir samfélaga á landbyggðinni og niðurskurður á grunnþjónustu eru staðreynd sem nauðsynlegt er að bregðast við.

Viðhald vega á landsbyggðinni er víða slæmt og þjónusta eins og snjómokstur óviðunandi. Hönnun og burðarþol gamalla vega er fjarri kröfum nútímans.

Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu og löggæslu veldur miklum áhyggjum og öryggi hjá íbúum á landsbyggðinni.

Fréttir af barnsfæðingum í sjúkrabifreiðum á öfærum vegum eru óásættanlegar.

Sjálfsagðir hlutir eins og rafmagn, sjónvarp, nettenging og farsímasamband eru víða í slæmu ástandi.

Nýleg dæmi sanna að bæta þarf afhendingaröryggi raforku. Í óveðrum eru dæmi um að ísing hafi valdið rafmagnsleysi í fleiri daga með tilheyrandi vandræðum fyrir bændur, atvinnurekendur og aðra íbúa.

Dæmi eru um það í vetur að öll fjarskiptabjónusta hafi fallið niður, þ.m.t. heimasímar. Það einfaldlega gengur ekki upp í samfélagi 21. aldarinnar.

Enn í dag eru um 70 sveitabær á landinu sem ekki ná útsendingum Ríkissjónvarpsins og farsímasamband er víða glöppótt.

Vissulega hefur mikið áunnist á liðnum árum í fjarskiptamálum en tækniþróun er mjög hröð og kröfur almennings miklar. Skynsamlegt væri að nýta betur þá ljósleiðara sem þegar er búið að plægja í jörð og setja sér það markmið að tengja öll lögbýli landsins við ljósleiðara á allara næstu



árum. Íslenska þjóðarbúið skuldar mikla peninga í erlendum gjaldeyri. Til að standa undir því þarf að afla aukinna útflutningstekna. Það verður ekki sist gert með því að nýta betur þau tækifæri sem finna má úti um allt land, landbúnað, sjávarútveg, orkuna, ferðabjónustuna og fleira. Til þess að það gangi upp þarf grunnþjónustuna að vera í lagi. Sé ekki svo kemur það niður á samfélaginu í heild í formi vannýtttra tækifæra.

Raunhæfur valkostur í frjálsu landi

Búseta í dreifbýli á að vera raunhæfur valkostur í frjálsu landi og óumdeildir eru ýmsir þeir kostir sem minni samfélög sveita og bæja hafa upp á að bjóða. Fjöldi fólks hefur enda áhuga á að njóta þeirra kosta. Við eigum að leggja stolt okkar í að möguleikarnir séu sem opnastir fyrir þá sem það vilja gera. Það skiptir máli fyrir þjóðina í heild.

Á Búnaðarþingi voru innri málefni einnig mikið til umræðu. Ljóst er að mikill vilji er fyrir því að sameina krafta þeirra sem vinna að málefnum bænda. Stjórn samtakanna er falið að endurskoða félagskerfi bænda með það að markmiði að einfalda það og gera það skilvirkara og ódýrara í rekstri. Mikilvægt er að þeir kraftar sem búa í samtökum bænda nýtist sem best í þágu greinarinnar í heild og að sem flestir taki virkan þátt í því starfi.

Fulltrúar á búnaðarþingi voru einhuga í

afstöðu sinni gagnvart aðildarviðræðum við ESB. Ítrekuð var andstaða við inngöngu Íslands í Evrópusambandið og áréttað mikilvægi þess að varnarlinur Bændasamtakanna yrðu áfram grundvallarsjónarmið í gerð samningsafstöðu Íslands í aðildarviðræðunum. Ljóst er orðið að Ísland verður að undirgangast sáttmála ESB og engar varanlegar undanþágur eru í boði, svokallaðar samningaviðræður eru einungis aðlögun að regluverki ESB.

Vatnalögin

Það er mikilvægt fyrir Bændasamtökin að fá tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við Alþingi þegar mál sem varða bændur og búskap eru til meðferðar og umfjöllunar þar. Ár hvert senda Bændasamtökin tugi umsagna um hin ýmsu þingmál sem hafa snertifleti við hagsmuni bænda. Þetta samráð er verðmætt.

Einn vandmeðfarnasti málaflokkur varðandi löggjöf síðustu 100 ár eða svo eru lög tengd vatnamálum. Síðastliðinn fimmtudag fengu Bændasamtökin sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum þar sem gert er ráð fyrir að beinn eignarréttur landeigenda að grunnvatni og grunnvatnsréttindum verði afnuminn. Veittur var tveggja virkra daga frestur til þess að skila umsögn um þingmál sem varðar stjórnskrárvarinn eignarrétt bænda. Frumvarpið sem slíkt ber þess síðan engin merki að vera jafn veigamikilið og það er í raun og veru og lítið gefið fyrir stjórnskrána. Um er að ræða grundvallarbreytingu á eignarréttarlegri stöðu grunnvatns en ekkert er í athugasemdum með frumvarpinu sem gefur það til kynna. Það sætir undrum að frumvarp af þessu tagi skuli skyndilega birtast í felubúningi á síðustu metrum kjörtímabilsins.

Við lagasetningu þarf að vanda til verka, sérstaklega þegar um stjórnskrárvarinn réttindi manna er að ræða. Það er ekki gert með þeim vinnubrögðum sem hér hefur verið lýst. /SSS

LOKAORÐIN

Einstakar perlur

Eins og margoft hefur verið hamrað á í Bændablaðinu búa Íslendingar við einstök skilyrði, sem eru um margt betri en flestar aðrar þjóðir geta státað af. Spurningin er bara hvort við viljum trúna því sjálf og viljum nýta þau tækifæri sem landið hefur upp á að bjóða.

Þegar rætt er um alla þá möguleika sem felast í nýtingu landsins gæða er vatnið þar ekki endilega efst í huga fólks. Samt er þetta sú perla í okkar landi sem er ein af okkar allra dýrmætustu eignum til framtíðar lítið. Öll olía heimsins getur ekki komið í staðinn fyrir vatnið og í þeim samanburði eru bankar og aðrar ríkmannlega búnar fjármálastofnanir ansi lítils virði. Hvorki maðurinn né aðrar lífverur jarðar geta lifað án vatns. Vert er að hafa það í huga á morgun, 22. mars, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa útnefnt Dag vatnsins.

Eins og getið er um í grein Landgræðslunnar hér á blaðsíðu 26 er ferskvatn aðeins um 2,5% af öllu vatni jarðarinnar.

Fyrir ári birtu leyniþjónustur Bandaríkjanna skýrslu um vatn sem öryggismál (Global Water Security – Intelligence Community Assessment). Sú skýrsla dregur upp mjög dökka mynd af áhrifum vatnsvandans á friðarhorfur víða um heim. Þar kemur fram að innan 10 ára gæti skortur á vatni og lítill gæði vatns valdið vaxandi óstöðugleika í ýmsum löndum.

Aukin hætta er einnig á togstreitu og stríði milli þjóða sem deila með sér vatnsauðlindum, svo sem þar sem ár renna milli landa. Alþjóðasamfélagið þarf að beina auknum kröftum að þróun lausna. Þarna búa Íslendingar við mikla sérstöðu sem glæpsamlegt væri að fórna fyrir mögulegan stundargróða.

Fyrir utan vatnið er vitað að hér er nægt landrými til að fara út í mun umfangsmeyri ræktun á nytjajurtum eins og korni en nú er gert. Þannig má spara umtalsverðan gjaldeyri og stórauka framleiðslu á svinakjöti, alifuglakjöti og nautakjöti.

Við Íslendingar höfum sannarlega alla möguleika til að hafa það gott. Þá verðum við líka að passa okkur á að selja ekki fjöregg okkar fyrir slíkk eins og liðónýta bíldrúslu. Hvorki í glæsisölum ríkjasamsteypubraskara í Brussel né í vasa sendiboða annarra stórvelda, sem munu án efa berja hér hart að dyrum á næstu misserum.

/HKr.

BÆR MÁNAÐARINS – MARS 2013

Sveitahótelið Hraunsnef

Hraunsnef er fjölskyldurekið sveitahótel skammt frá Bifröst í Borgarfirði. Gisting er í tíu rúmgóðum herbergjum með sér baði og í tveimur smáhýsum. Samkvæmt viðskiptavinum og starfsfólki Ferðabjónustu bænda hefur gestgjöfum á Hraunsnefi tekist að skapa einstaka sveitastemningu þar sem vel er gert við gesti með góðum aðbúnaði og persónulegri þjónustu.

Hraunsnef er ekki bara gistingarhúsið heldur má þar einnig finna heimilislegan veitingastað sem er opin fyrir gesti jafnt sem gangandi og býður upp á rétti úr heimaræktuðu hráefni að miklu leyti. Brynja Brynjarsdóttir, gestgjafi á Hraunsnefi, segir frá breyttum áherslum í öflun hráefnis til matargerðar:

„Undanfarin ár höfum við skipt um gir og snúið okkur að aukinni sjálfbærni. Þetta byrjaði árið 2008 þegar við fengum okkur hænur, sem hafa séð okkur fyrir eggjum síðan. Árið 2009 fengum við svo fyrstu tvo

grísina en í fyrra vorum við með alls sex grísi. Þá fórum við að vinna kjötið okkar sjálf, meðal annars áleggspylsur, kæfur, hamborgarhrygg og heimareykt beikon. Við erum einnig með gróðurhús, en þau eru núna orðin fjögur og við erum langt komin með að vera sjálfbær með salat og kryddjurtir.“

Þá er sérstaklega vel tekið á móti börnum á Hraunsnefi, en dýrin vinalega á bænum eru ekki síður ætluð gestum til yndisauka og geta verið stór hluti af upplifuninni.

„Við erum með þrjá hesta sem eru hvorki reiðhestar né til matvælaframleiðslu en í staðinn hafa þeir verið duglegir við fyrrisætustörfin. Þeir eiga það til að kíkja inn um gluggana til að sjá hvort einhver eigi bita handa þeim. Það gera einnig gimbrurnar okkar, þær Tína og Tönn. Þær eru einstaklega gæfar, eiga það til að elta gesti ef þær sleppa út úr girðingunni sinni og vekja ávallt mikla hrifningu!“ segir Brynja kát.

Það má segja að heimilislegt



andrúmsloftið sé aðalsmerki staðarins, en síðustu fimm ár hefur fjölskyldan boðið erlendum gestum að taka þátt í jólahaldinu með sér. Margir gestanna hafa haldið sambandi og komið aftur til okkar eftir þessa upplifun. Hér í febrúar komu til dæmis

aftur til okkar ung hjón sem voru hér um jóln fyrir rúmu ári, en þau vildu skoða þetta fjölbreytta svæði hér í kring betur. Þau misstu því miður rétt svo af komu nýju grísanna okkar en í staðinn fengu þau þá nefnda í höfuðið á sér, Matt og Sheri. Nú er spurning

hvort þau verði ekki að koma aftur í þriðja skiptið!“

Nánari upplýsingar um Bæ mánaðarins og upplýsingar um gistingu, afþreyingu og aðra þjónustu á vegum Ferðabjónustu bænda er að finna á www.sveit.is.

Líf og starf



Magnús Halldórsson, Kristján Ragnarsson, Sigurjón Valdimar Jónsson, Guðni Ágústsson, Pétur Pétursson, Þórður Pálsson og Reynir Hjartarson. Myndir / Sigurður Sigmundsson

„Hann lét klárinn brokka“:

Vísuð rutt út í löngum bunum á hátíð Vínar Tungnarétta

Vínir Tungnarétta héldu mikla hátíð í Aratungu um fyrri helgi undir yfirskriftinni „Hann lét klárinn brokka“. Þar mættu hagamæltir menn, sumir langt að komnir, og röðuðu niður vísuð eins og enginn væri morgundagurinn.

Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, þótti fara þar á kostum. Það gerði líka Pétur Pétursson lækni frá Höllustöðum, Reynir Hjartarson frá Akureyri og Þórður Pálsson frá Sauðanesi í Húnavatnssýslu. Úr hópi sunnlenskra hagrörðinga mættu auk stjórnandans Guðna, og þóttu lítið gefa honum eftir, þeir Magnús Halldórsson frá Ásakoti og Sigurjón Valdimar Jónsson frá Skollagröf.

Sigurjón Valdimar sendi Bændablaðinu eftirfarandi vísu í gegnum vinn sinn Sigurð Sigmundsson, sem þarna myndaði herlegheitin af mikilli list. Sem ungur maður fór Sigurjón að hætta þess tíma ríðandi í Tungnaréttir og þá varð honum að orði:

Við Tungnaréttir tryggð ég festi þann tíma man ég enn í dag kom ég þar á hvítum hesti og konurnar þær misstu þvag



Troðið var út úr dyrum í Aratungu 8. mars.

Veðurtepptir á Hveravöllum

„Gangnamenn úr Tungunum voru í haust veðurtepptir á Hveravöllum í sólarhring og komust eigi úr húsi að ganga örna sinna,“ segir Sigurjón og orti:

Kappar ekki komust heim kúkuðu í rusladalla og þá glottu yfir þeim Eyvindur og Halla

Sigga í Arnarholti

„Sigga frænka mín í Arnarholti setti og sleit samkomunni á Aratungu. Hún gaf út ljóðabókina Kanill í fyrri og þótti sumum nóg um þær lýsingar.“

Er hún Sigga engri lík orðin færa í letur yrkir hún um erótík öðrum konum betur



Sigríður Jónsdóttir bóndi í Arnarholti er ekki vön að láta karlpeninginn eiga neitt inni hjá sér. Hún gerði það heldur ekki þarna, þótt þeir spöruðu ekki vísaskothríðina.

Sigurjón Valdimar sagði þessar vísuð aðeins lítið brot af sínum kveðskap en í Aratungu hraunaði hann meðal annars duglega yfir aðra þátttakendur, einkum norðlenska.

Stefnt er að því að gera kveðskapnum af þessari hátíð Vínar Tungnarétta betur skil síðar í vísnaðálki Árna Geirhjártar Jónssonar, Mælt af munni fram.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Síðustu vísnaþættir hafa verið helgaðir þeim feðgum **Ottari Einarssyni** og **Einari Kristjánssyni**. Af nógu efni er að taka, sumt gamalt og gegnlesið, en annað ekki. Næstu vísuð orti Einar af ýmsum tilefnum. Líkt og fram kom í síðasta vísnaþætti var Einar oftlega fenginn til að flytja gamanmál á samkomum. Eftir eina slíka, Húnavetningamót, var gleðin gegnheil og ölvun í meira lagi. Í þeim efnum sat Einar ekki hjá, en heimkominn var hann bæði hatt- og frakkalaus. Að eignum sínum heimtum orti hann:

Þó að týnist þetta og hitt, það mun ekki saka. Flestallt, nema mannorð mitt, mun nú komið til baka.

Í vínahópi Einars voru heldur engir stórtemplarar. Þó fór svo að tveir vínar hans héldu gleðina ekki út og gengu í stúku. Það þótti Einari sárt að vonum:

Allt sem gleði áður jók, óðum fer að dvína. Drottinn gaf, og Drottinn tók drykkjubræður mína.

Þessa skammarvísu orti Einar ónefndum samferðamanni:

Fer á skeiði fantur sá furðu breiða vega. Ávallt sneiðir utan hjá öllu heiðarlegu.

Á árinu 1964 birtist þessi pólitíska vísa í mál gagni vinstri sinnaðra, Verkamanninum:

Kálið sötrar kratalið, klæðist tötrum einum. Íhaldsfjötrum una við allir flötum beinum.

Einar fór aldrei dult með sínar pólitísku skoðanir og sér þess stað í mörgum vísuð þessa sanna alþýðumanns:

Í ferskeytlunni frægu mest finnst af gulli og stáli, og hún talar einnig best alþýðunnar máli.

Í þessari lokavísu Einars er augljós falinn undirtónn. Vísuna nefnir hann Vetrareinkunn:

Þú varst kærust, þú varst best, þú varst mér til gleði, þótt ég stundum þráði mest það sem aldrei skeði.

Margt afar fróðlegt bréfið berst mér í tengslum við kveðskap sem birtist í þessum þáttum. Eitt slíkt sendi mér Halldór Snæbjörns-son á Akureyri. Halldór er sonur Guðnýjar Halldórsdóttur í Reynihlíð, systur Óla heitins á Gunnarsstöðum í Þistilfirði. Í fórum sínum fann Halldór afmælisvísuð eftir Óttar Einarsson sem hann sendi Óla á Gunnarsstöðum fertugum þann 1. ágúst 1963.

Þó að hárin gerist grá, gleymist vorið hjarta, æskumannsins ungu þrá áttu í þínu hjarta.

Yfir sollið andans haf öðrum leiðir varðar, skáldsins snilli sköpuð af skauti Þistilfjarðar.

Eru um landsins borg og bý bögur þínar kunnar. Logar skáldsins æðum í eldur ferskeytlunnar.

Umsjón: **Árni Geirhjártur Jónsson** kotabyggd1@gmail.com

Páskasæla í sveitinni með margvíslegum viðburðum á mörgum ferðapjónustubæjum:

Teiknisamkeppni og tilboð á gistingu

Um páskana er tilvalið að njóta lífsins í sveitinni, því skemmtileg dagskrá verður á mörgum ferðapjónustubæjum um land allt og sérstakt tilboð á gistingu. Ferðapjónusta bænda efnir einnig til teiknisamkeppni fyrir börn þar sem glæsilegir vinningar eru í boði.

Gestum og gangandi á ferðapjónustubæjum býðst að taka þátt í fjölskylduvænni dagskrá um páskana. Meðal viðburða eru páskaeggjaleit, eggjamálun, fjöruferð, sönglagastund, teymt undir börnum á hestum og heilsað upp á dýrin á bænum.



Páskasæla í sveitinni. Á vegum Ferðapjónustu bænda verður boðið upp á sérstaka páskaviðburði. Auk tilboða á gistingu verður teiknisamkeppni.

Teikningin hér til hliðar er eftir Sigrúnu Fjólu Atladóttur sem er 7 ára.

Teiknisamkeppni fyrir börn

Ferðapjónusta bænda efnir til teiknisamkeppni fyrir börn á aldrinum 4-11 ára undir yfirskriftinni

„Páskasæla í sveitinni“. Í boði eru ýmsir glæsilegir vinningar fyrir bestu myndirnar, meðal annars gisting á ferðapjónustubæjum og heimsókn í sauðburð fyrir alla fjölskylduna. Myndum þarf að skila inn fyrir 5. apríl. Þær má senda á netfangið sveit@sveit.is merkt „Teiknisamkeppni“ eða á Fésbókarsíðu Ferðapjónustu bænda. Einnig má koma með myndirnar eða senda þær í pósti til Ferðapjónustu bænda, Síðumúla 2, 108 Reykjavík, merkt „Teiknisamkeppni“. Innsendum myndum þurfa að fylgja upplýsingar um fullt nafn og aldur barns og nafn, símanúmer og netfang foreldris/forráðamanns. Vinningshafar verða tilkynntir þann 15. apríl.

Tilboð á gistingu

Sérstakt tilboð verður á gistingu, þrjár nætur á verði tveggja í sumarhúsum og ókeypis gisting og morgunverður fyrir börn 15 ára og yngri í fylgd með fullorðnum á gisti húsum og sveitahótelum. Einnig verður víða hægt að njóta veitinga á sérstöku páskaþilboði.

Frekari upplýsingar um teiknisamkeppnina, páskaviðburði og tilboð á gistingu má finna á vefnum www.sveit.is.



Fréttir

Eyjafjörður:

Hagkvæmt að reisa gasgerðarstöð

Alls eru 98 kúabú á Eyjafjarðarsvæðinu og sú mykja sem til fellur frá þessum búum nemur alls um 139 þúsund tonnum árlega. Um 93% mykjunnar eru vatn en úr þeim 7% sem eftir standa sem lífrænt þurrefni er meðal annars hægt að framleiða metangas.

Úr þessum lífmassa er hægt að vinna um 2,2 milljónir normal-rúmmetra (m.Nm3) af metangasi. Orkugildi sem jafngildir um 2,3 milljónum lítra af bensíni. Eftir gasgerðina mætti svo framleiða lífrænan áburð og spara þannig stórar fjárhæðir sem annars færu í kaup á innfluttum áburði.

Þetta kemur fram í verkefni sem Niels Sveinsson á Hofsáarkoti í Svarfaðardal hefur unnið að með Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar (AFE) og ber heitið Efnahagsleg áhrif eldsneytisframleiðslu innan Eyjafjarðar. Stefnt er að því að ljúka

verkinu í maí og taka í framhaldinu ákvörðun um næstu skref.

Niels segir marga kosti við það að reisa gasgerðarstöð miðsvæðis í Eyjafirði til að vinna metangas úr lífmassa. Augljós fyrsta nálgun væri að hún yrði staðsett við Moltu í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit, þar sem nú þegar er safnað saman nokkuð stórum hluta þess lífræna úrgangs sem fellur til árlega. Best fari á því að hún sé sem næst þéttbýli vegna kostnaðar við flutning gassins til notenda. Annar kostur við þá staðsetningu er að um 65% allrar mykju sem til fellur á Eyjafjarðarsvæðinu eru innan þrjátíu kílómetra frá Moltu. Úr henni er hægt að vinna eldsneyti sem dugar á yfir 1.000 fólksbíla, sé miðað við meðaleyðslu og meðalakstur.

Nánar verður fjallað um málið í næsta Bændablaði.



Lýsing á einkennum íslensku landnámsshænnar:

Hver einstaklingur hefur sinn persónuleika

Eigenda- og ræktendafélag landnámsshænsna hefur samþykkt skilgreiningu á einkennum íslensku landnámsshænnar. Þar kemur m.a. fram að íslensku landnámsshænnar séu mannelskar, forvitnar og sjálfbjarga. Litafjölbreytni sé mjög mikil og allir litir leyfðir.

Skipuð var nefnd til að gera lýsingu á einkennum íslensku landnámsshænnar. Nefndin var skipuð Jóhönnu Harðardóttur, Ólafi Dýrmundssyni og Júlíusi Baldurssyni, en til vara og skipaðir af formanni ERL voru þeir Jónas Hreinsson og Bjarni Eiríkur Sigurðsson.

Nefndin lauk störfum síðastliðið sumar og var niðurstaða hennar tekin fyrir og samþykkt með breytingum á aðalfundi félagsins fyrir árið 2012. Niðurstaðan er eftirfarandi:

Útlitseinkenni

1. Fremur lítill haus miðað við búkstærð og goggur stuttur, breiður og boginn fremst. Misstórir fjaðratoppar á haus algengir.
2. Kambar af ýmsum gerðum, einfaldur; annað hvort beinn eða lafandi, rósakambur, blöðrukambur, kórónukambur og krónukambur.
3. Eyru hvít eða fölgul.
4. Separ langir á hönum en misstórir á hænum.

Atferliseinkenni

1. Mannelsk, forvitin og sjálfbjarga. Heldur góðu jafnvægi.
2. Hæurnar hafa sterka móðurhvöt og vilja gjarna liggja á.
3. Hver einstaklingur hefur sinn persónuleika.
4. Frjósemi góð hjá báðum kynjum.



Nemendur í ferðamálafræðum við Háskólann á Hólum í útikennslu.

Mynd / Pálína Ösk Hraundal

Háskólinn á Hólum er orðinn þekktur fyrir fleira en hestamennsku og fiskeldi:

Ferðamálafræðin njóta sívaxandi vinsælda

Háskólinn á Hólum í Hjaltadal er að margra mati Mekka hestamanna á Íslandi enda staðsettur í miklu hrossaræktarhéraði; Skagafirði. Þá nýtur skólinn mikillar virðingar fyrir rannsóknir og nám í fiskeldi. Ferðamálafræði hafa einnig verið ört vaxandi grein og nemur fjöldi fólks þau fræði við skólann, ekki síst í gegnum fjarnám, þannig að nú er ferðamáladeild fjölmennasta deild skólans.

Guðrún Helgadóttir er deildarstjóri ferðamáladeildar og segir aðsókn að ferðamálafræðum hafa farið mjög vaxandi undanfarin ár í takt við stóraukin umsvif í ferðaþjónustu hér á landi. Í dag eru 172 nemendur innritaðir í ferðamálafræðum við skólann. Hefur fjöldinn vaxið mjög frá því byrjað var með eins árs diplómanám haustið 1996, en fyrstu árin voru nemendur á bilinu 10 til 15. Námið var síðan lengt 2003 og farið að bjóða upp á BA-nám í þessum fræðum með góðum árangri. „Þetta er mikil breyting og við erum enn að venjast þeirri tilhugsun að þetta sé orðin stór deild,“ segir Guðrún, en ferðamáladeild er yngsta deild skólans.

Í skólanum er hægt að taka BA-nám í ferðamálafræði ásamt landvarða- og staðarvarðaréttindum. Einnig er hægt að fá diplóma í sömu fræðum.

„Þá er einnig boðið upp á diplóma í viðburðastjórnun, sem hefur verið mjög vinsælt undanfarin ár. Yngsta námsbrautin er rannsóknatengt mastersnám í ferðamálafræðum.“

Fjarnámið vinsælt

Meirihluti nemenda er í fjarnámi, sem er svokallað lotubundið fjarnám. „Það er ýmislegt sem ekki gengur að kenna eingöngu í fjarbúð og því eru fjarnemar tíðir gestir hér á Hólum. Lengstu loturnar hér eru upp í fimm daga. Það fer eftir því hvað verið er að gera, leggja göngustíga, æfa rötun eða annað.“

Guðrún segir að margir nemendanna séu starfandi úti á vinnumarkaðnum og taki námið oft á lengri tíma meðfram störfum í ferðaþjónustu. Fjarnámið henti



Nemendur frá Hólum hlýða á fyrirlestur í Háskóla Íslands.

Mynd / Laufey Haraldsdóttir

starfsfólki í ferðaþjónustu mjög vel. Þá sé mikil eftirspurn eftir fólki með menntun af þessum toga.

„Námið er mjög hagnýtt og nýtist fólki vel, hvort sem það er að reka eigið fyrirtæki eða vinnur hjá öðrum. Það gerir alls konar úttektir og áætlanir í náminu, sem tengjast beint því sem er að gerast í greininni.“ Segir Guðrún að um þriðjungur af náminu sé rekstrargreinar. Síðan séu námskeið á sviði gæða- og umhverfismála og um þriðjungur tengist vöruþróun á ýmsum sviðum ferðaþjónustunnar. Áherslan er á ferðamál í dreifbýli og því eru atriði sem varða uppbyggingu áfangastaða, svo sem byggðaðpróun, skipulagsmál og regluverk ferðamála, einnig mikilvæg viðfangsefni í náminu.

„Við förum heildstætt yfir greinar í rekstri ferðaþjónustu og leggjum mikla áherslu á námskeið á ýmsum sérsviðum ferðaþjónustunnar, svo sem í afþreyingu, öryggismálum og útivist. Ég tel að nemendur séu því vel í stakk búnir til að takast á hendur fjölbreytt verkefni á sviði ferðamála að námi loknu og sýnist útskrifuðum nemendum nýtast það vel.“

Í kynningu skólans segir að vel menntaðir ferðamálafræðingar og viðburðastjórnendur séu lykilaðilar í því að gera Ísland að framúrskarandi áfangastað ferðamanna. Einnig að tryggja farsæla framtíð ferðaþjónustunnar með vel ígrundaðri uppbyggingu fyrirtækja og áfangastaða um allt



land, sem sannarlega er ekki vanþörf á í vaxandi ferðamannalandi.

Hestar og eldisfiskur

Tvær aðrar deildir eru svo reknar við Háskólann á Hólum sem hafa lengst af verið aðalsmerki skólans. Það er hestafræðideild þar sem hægt er að taka BS nám í reiðmennskun og reiðskennslu. Í BS námi í hestafræðum er hluti bóklegra námskeiða kenndur í fjarnámi í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Einnig er hægt að fá diplóma eftir leiðbeinandaþróf og einnig diplóma úr tamningaþrófi frá skólanum.

Úr fiskeldis- og fiskilíffræðideild geta nemendur síðan fengið diplóma í fiskeldisfræðum, en aðstaður til rannsókna í þessum greinum eru mjög góðar við Háskólann að Hólum. Þá hafa fiskeldisstöðvar í bleikjueldi hér á landi t.d. reitt sig mjög á hrogn og seiði frá Hólum vegna heilbrigðis og hreinleika. /HKR.



Eflum fjölbreyttan landbúnað

Íslenskur landbúnaður felur í sér mikil tækifæri til öflugrar sóknar. Sjálfstæðisflokkurinn vill efla fjölbreyttan landbúnað á grundvelli einkaframtaks og frelsis til athafna. Landbúnaður er öryggismál og byggir á sérstöðu Íslands sem matvælaframleiðslulands.

- › Eflum heilbrigða samkeppni með landbúnaðarafurðir
- › Aukum framfarir með öflugri menntun og hagnýtum rannsóknum
- › Eflum útflutning á grunni hollustu, hreinleika og gæða



„Matvælandið Ísland, bændur, sjómenn og íslenskur matvælaíðnaður eiga að ganga í takt. Framtíðin er okkar. Við skulum tala fyrir lausnum. Við skulum vera hluti af þeirri samstöðu sem þjóðin öll þarf að sýna á næstu misserum til að rétta rækilega úr kútnum. Þar höfum við sannarlega lagt okkar að mörkum. Við viljum byggja sveitir okkar glæsilegum búskap. Hirða vel um landið okkar.“

Haraldur Benediktsson í setningarræðu Búnaðarþings 2013.
Haraldur skipar 2. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi

Fréttir



Tinna Guðmundsdóttir, forstöðumaður Skaftfells, ásamt Dorrit Moussaieff forsetafrú. Mynd / MBP

Skaftfell er handhafi Eyrarrósarinnar 2013

Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, er handhafi Eyrarrósarinnar 2013 og veittu aðstandendur þess verðlaununum móttöku við athöfn í menningarhúsinu Hófi á Akureyri. Verðlaunin eru Eyrarrós í hnappagatið og 1.650.000 krónur auk flugmiða frá Flugfélagi Íslands.

Dorrit Moussaieff, forsetafrú og verndari Eyrarrósarinnar, afhenti verðlaunin. Fjölmenn var við athöfnina en einnig ávörpuðu samkomuna þau Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Hanna Styrmsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar, og Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri. Kórinn Hymnodia söng spunasöng undir stjórn Eypórs Inga Jónssonar.

Verðlaunin sem Skaftfell hlýtur ásamt Eyrarrós í hnappagatið eru fjárfstyrkur að upphæð 1.650.000 krónur, auk flugmiða frá Flugfélagi Íslands. Önnur tilnefnd verkefni í ár voru þungarokkshátíðin Eistnaflug í Neskaupstað og leiklistarhátíðin Act Alone á Vestfjörðum og hljóta þau hvort 300 þúsund króna verðlaun auk flugmiða. Þetta er í fyrsta sinn sem verðlaunaafhendingin fer fram utan Reykjavíkur, en á næstu árum mun afhending Eyrarrósarinnar fara fram í öllum landshlutum.

Öflugt sýningarhald á samtímalist

Skaftfell – miðstöð myndlistar á Austurlandi er í sögufrægu húsi

í gamla bænum á Seyðisfirði. „Í Skaftfelli er öflugt sýningarhald innlendra og erlendra samtímalistamanna, gestavinnustofur fyrir listamenn, kaffistofa og myndlistarbókasafn. Skaftfell er burðarstöð í listgreinamenntun á öllum skólastigum á Austurlandi og stendur fyrir fræðslustarfi á alþjóðlegum grundvelli, þar sem allur bærinn tekur þátt,“ segir í tilkynningu frá Listahátíð í Reykjavík.

„Kraftmikil og metnaðarfull starfsemi með skýra listræna sýn einkennir Skaftfell og með nánú samstarfi við bæjarbúa hefur orðið til á Seyðisfirði lifandi samfélag listamanna, heimamanna og gesta þar sem aðstæður eru fyrir skapandi samræður milli leikinna og lærðra, listarinnar og hversdagsins.“

Skaftfell er opið allan ársins hring og nánari upplýsingar um fjölbreytt starfið má finna á www.skaftfell.is.

Í frétt frá Listahátíð í Reykjavík segir enn fremur: „Eyrarrósinn beinir sjónum að og hvetur til menningarlegrar fjölbreytni, nýsköpunar og uppbyggingar á sviði menningar og lista. Verðlaunin eru gríðarlega mikilvæg enda um veglega upphæð að ræða, en tilnefning til Eyrarrósar er einnig mikilsverður gæðastimpill fyrir þau afburða menningarverkefni sem hana hljóta. Að verðlaununum standa Byggðastofnun, Flugfélag Íslands og Listahátíð í Reykjavík.“

/MBP

Opin málstofa um beitarmál

Landssamtök sauðfjárbænda gangast fyrir opinni málstofu um beitarmál í tengslum við aðalfund samtakanna. Málstofan verður haldin á hóteli Sögu föstudaginn 5. apríl kl. 14.30-16.30. Meginefnið verður beitarnýting og landgræðslustörf bænda.

Á málstofunni munu þrír fram-sögumenn flytja erindi. Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, mun í sínu erindi fara í stuttu máli yfir umfang og sögu sauðfjárbæitar á Íslandi og ætluð áhrif hennar á gróður og landslag með tilvísun í nýrri rannsóknir á sögu gróðurs og jarðvegs á Íslandi. Einnig fjallar hún um stefnur og strauma í beitarfræðum erlendis, breyttar áherslur í beitarstjórnun og

samspil beitar og náttúruverndar.

Gústav Ásbjörnsson, héraðsfulltrúi hjá Landgræðslunni, mun fjalla um verklag og aðferðir við mat á ástandi afrétta. Hann mun meðal annars fjalla á mat á gróðurframvindu á landinu á síðustu árum, framtíðarsýn varðandi aðferðir við ástandsmat, á hverju það ætti að byggja og hverjir ættu að koma að því.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sem einnig er héraðsfulltrúi hjá Landgræðslunni, segir frá samstarfi bænda og Landgræðslu ríkisins. Hún fjallar um stöðuna í verkefninu Bændur græða landið, árangur þess, áframhaldandi þróun og framtíðarhorfur. Málstofan er sem áður segir opin og allt áhugafólk um málefnið velkomið.



Ný stjórn Samtaka ungra bænda. Frá vinstri: Þórir Níelsson, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Sindri Fannar Sigurbjörnsson og Jóna Björg Hlöðversdóttir. Á myndina vantar Kjartan Guðjónsson.

Aðalfundur Samtaka ungra bænda haldinn á Egilsstöðum:

Jóhanna María kjörin formaður

– Skorað á lánastofnanir að stuðla að sölu bújarða til áhugasamra aðila

Jóhanna María Sigmundsdóttir var kosinn nýr formaður Samtaka ungra bænda á aðalfundi samtakanna sem var haldinn á Hótel Egilsstöðum 16. mars síðastliðinn. Jóhanna María, sem er frá Látrum í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp, tekur við af Helga Hauki Haukssyni sem formaður, en Helgi Haukur hefur gegnt formannsembætti frá stofnun samtakanna árið 2009.

Fundinn sóttu þrjátíu fulltrúar aðildarfélaga Samtaka ungra bænda víðs vegar að af landinu. Ásamt Jóhönnu komu nýir inn í stjórn þeir Sindri Fannar Sigurbjörnsson frá Þingmúla í Skriðdal og Kjartan Guðjónsson frá Síðumúlaveggjum í Borgarfirði. Þá gaf Þórir Níelsson frá Torfum í Eyjafirði kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og náði hann kjöri. Auk þeirra situr Jóna Björg Hlöðversdóttir frá Björgum í Þingeyjarsýslu í stjórn en ekki verður kosið um sæti hennar fyrr en að ári.

Verðum að vinna ötullega

„Það er oft sagt að tækifærin séu víða og það er alveg rétt. Við búum á landi sem er ríkt auðlinda, auðlinda sem verða verðmætari með hverjum degi sem líður,“ sagði Jóhanna María í ræðu sinni eftir formannskjör og þakkaði traustið sem henni væri sýnt. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að horft væri til ungs fólks við framtíðarstefnumótun í íslenskum landbúnaði og hvatti félagi sína áfram. „En það er ekki nóg að ætla að erfa landið, við verðum að vera traustsins verð og vinna ötullega.“

Líflegar umræður voru á fundinum um hin aðskiljanlegustu mál. Meðal annars var rætt á fundinum um nýtt framhaldsskólaverkefni samtakanna sem nú er í reynslu í skólum, en með því er verið að vekja ungt fólk til umhugsunar um



Fjöldi mála var til umræðu á aðalfundinum, meðal annars menntamál í landbúnaði og möguleikar til nýliðunar.



Helgi Haukur Hauksson veitti kveðjuguðf frá samtökunum viðtöku, en hann lét af störfum sem formaður.

Lýsa áhyggjum af menntun í landbúnaði

Umræða varð á fundinum um stöðu menntunar í landbúnaði og lýstu fundarmenn áhyggjum af stöðu starfsmenntadeildar Landbúnaðarháskólans. Samþykkti fundurinn eftirfarandi ályktun í framhaldi af þeim umræðum:

„Aðalfundur SUB, haldinn á Hótel Egilsstöðum, 16. mars 2013, samþykkir að SUB standi vörð um menntun í landbúnaði og að sérstaklega verði búfræði- og garðyrkjunámi gert hátt undir höfði.

Greinargerð: Í ljósi þess að verið er að endurskoða menntakerfið á Íslandi virðist starfsmenntadeild Landbúnaðarháskóla Íslands falla á milli lagasetninga um háskóla annarsvegar og framhaldsskóla hinsvegar. Óljóst er hvað verður um búfræðinámið á Hvanneyri ef stjórnarsýsla ríkisháskólanna verður sameinuð og flutt til höfuðborgarinnar. Einnig er óljóst um garðyrkju- og skrudgarðyrkjunámið að Reykjum í Ölfusi.“

Um kvöldið var árshátíð Samtaka ungra bænda síðan haldin með pompi og prakt í félagsheimilinu Valaskjálfi.

/fr

Hveragerðisbær hefur gjaldtöku í Hveragarðiinn í Hveragerði

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar hefur ákveðið að hefja gjaldtöku í Hveragarðinum í Hveragerði frá og með 15. maí í vor. Hver gestur þarf að greiða 200 krónur en yngri en 12 ára fá frítt.

Um 23.000 gestir koma á svæðið árlega og því verður þetta mikil búbot fyrir Hveragerðisbæ. Allur aðgangseyrir rennur til reksturs svæðisins, en þar verður opnað 15. maí og opið verður alla daga yfir sumartímann.

„Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Hveragarðinum undanfarin ár en þar geta gestir soðið egg í hver, fengið nýbakað hveraeldað rúgbrauð, farið í fótabað í leir



Hveragarðurinn eða hverasvæðið eins og það er oftast kallað í Hveragerði. Þar á að fara að rukka gesti sem heimsækja svæðið.

og skolað af sér leirinn í volgum vatnshver. Gestum á svæðinu hefur fjölgað mikið og starfsemin öll aukist að sama skapi,“ sagði Aldís

Hafsteinsdóttir bæjarstjóri þegar hún var spurð um svæðið og nýju gjaldtökuna.

/MHH

BÁRUJÁRN,
VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLÁSNINGAR

GIPSSTOÐIR

STJÖRNUBLIKK
Smiðjuveg 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

VATNSKASSAR
Í FLESTAR GERÐIR
BÍLA OG VINNUVÉLA

**SÉRSMÍÐUÐ
ELEMENT**
Í HITABLASARA

STJÖRNUBLIKK
Smiðjuveg 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Dreift í 25 þúsund eintökum á 340 dreifingarstaði og 4.000 býli á Íslandi

Stóðhestar á vegum Hrossaræktarsambands Vesturlands

Margir glæsilegir stóðhestar verða á vegum Hrossaræktarsambands Vesturlands á Vesturlandi sumarið 2013. Alls verða 12 hestar í boði í sumar. Þið getið kynnt ykkur hestana á heimasíðunni www.hrossvest.is

Opnað hefur verið fyrir pantanir svo allt er klárt. Munið að hafa grunnskráningarnúmer hryssu og örmerki við hendina þegar pöntunarferlið hefst. Þá er ekkert að vanbúnaði.

Dynur frá Hvammi
Rauður milli – vindhætt í fax og tagl
IS1994184184
Faðir: IS1986186055 – Orri frá Þúfu
Móðir: IS1978257277 – Djásn frá Heiði
Á húsi: Hella 864-5226 Fyrri tímabil
Hjarðarholti, Borgarfirði. Seinna tímabil
Hestheimar. hestheimar@hestheimar.is
696-1332, Marteinn
Verð: kr. 90.000.-

Blær frá Torfunesi
Brúnn milli einlitt
IS1999166214
Faðir: IS1993187449 – Markús frá Langholtsparti
Móðir: IS1991266201 – Bylgja frá Torfunesi
Fyrri og seinna tímabil
Verð: kr. 105.000.-

Kvistur frá Skagaströnd
Brúnn/milli- stjarna,nös, sokkóttur
IS2003156956
Faðir: IS1995135993 – Hróður frá Refsstöðum
Móðir: IS1989235050 – Sunna frá Akranesi
Fyrri og seinna tímabil
Verð: kr. 155.000.-

Straumur frá Skróð
Rauður/milli- blesótt
IS2008135849
Faðir: IS2002136610 – Glótt frá Sveinatungu
Móðir: IS1997235847 – Sandra frá Skróð
Tímabil: Eftir fjórðungsmót
Verð: kr. 110.000.-

Aldur frá Brautarholti
Litur: Rauður
IS2005137637
Faðir: IS1994184184 – Dynur frá Hvammi
Móðir: IS1988258705 – Askja frá Miðsitju
Fyrri og seinna tímabil
Verð: kr. 93.000.-

Þröstur frá Efri-Gegnishólum
Litur: Ljósrauðskjóttur
IS2008187767
Faðir: IS2001176186 – Natan frá Ketilstöðum
Móðir: IS1996287765 – Hrönn frá Efri-Gegnishólum
Fyrri tímabil
Verð: kr. 110.000.-

Þytur frá Skáney
IS2005135813
Faðir: IS1988165895 – Gustur frá Hóli
Móðir: IS1995235813 – Þóra frá Skáney
Eftir fjórðungsmót
Verð: kr. 110.000.-

Óskasteinn frá Íbishóli
IS2005157994
Faðir: IS1994166620 – Huginn frá Haga
Móðir: IS1998257686 – Ósk frá Íbishóli
Fyrri og seinna tímabil
Verð: kr. 156.000.-

Klakinn frá Skagaströnd
Litur: Brúnskjóttur
IS2009156957
Faðir: IS2002187662 – Álfur frá Selfossi
Móðir: IS1989235050 – Sunna frá Akranesi
Fyrri og seinna tímabil
Verð: kr. 90.000.-

Kiljan frá Steinnesi
IS2004156286
Faðir: IS1998187045 – Klettur frá Hvammi
Móðir: IS19932569299 – Kyllja frá Steinnesi
Fyrri tímabil
Verð: kr. 169.000.-

Ársæll frá Hemlu II
Móbrúnn
IS2004180601
Faðir: IS1997186183 – Sær frá Bakkakoti
Móðir: IS1996287232 – Gná frá Hemlu II
Skipanes
Tímabil: Húsnótun
Verð: kr. 110.000.-

Glóðafeykir frá Halakoti
Rauður/milli- einlitt
IS2005135813
Faðir: IS1997186541 – Rökkví frá Hárlauksstöðum
Móðir: IS1992225040 – Glóð frá Grjóteyri
Fyrri og seinna tímabil
Verð: kr. 155.000.-

Staðfestingargjald er 30.000 kr. og er óafturkræft.
Hryssueigendur búsettir erlendis, munið að gefa upp tilsjónarmann þegar pantað er.
ATH. skilmálana. Sjá nánar á heimasíðu www.hrossvest.is

Nánari upplýsingar gefur Gísli Guðmundsson formaður, hrossvest@hrossvest.is gsm 894-0648. Öll verð eru heildarverð, sem miðast við fengna hryssu og ein sónun er innifalin.



HÁSKÓLI LÍFS OG LANDS

HÁSKÓLA- NÁM

Þúvísindi

Hestafræði

Náttúru- og umhverfisfræði

Skógfræði og landgræðsla

Umhverfis-skipulag

STARFS- MENNTA- NÁM

á framhalds-skólastigi

Búfræði

www.lbhi.is

SKESSUHORN 2013

Fréttir

STEEKUR

Krabbamein er hálfviti

Yfirskrift þessa pistils er tilvitnun í Baldur Ragnarsson, gítarleikara hljómsveitarinnar Skálmaldar, en hann hefur það sem af er mánuði vakið mikla athygli fyrir þátttöku sína í Mottumars. Mottumars er árlegt árveknis- og fjáröflunarátak Krabbameinsfélagsins sem snýr að baráttunni gegn krabbameini hjá körlum og fer þannig fram að fólk (yfirleitt karlmenn þótt á því séu undan- tekningar) safnar yfirvara- skeggi, skráir sig til keppni á netinu og safnar áheitum fyrir Krabbameinsfélagið.

En aftur að yfirskrift pistilsins. Krabbamein er nefnilega algjör hálfviti. Krabbamein hefur hoggið skörð í fjölskyldur, vinahópa, vinnustaði, félagasamtök og samfélög. Krabbamein spyr ekki að aldri, kyni, menntun, atvinnu, fjölskylduaðstæðum eða fjárhags- stöðu. Krabbamein spyr yfirleitt ekki um nokkurn andskotans skapaðan hlut heldur heggur á báða bóga, svo að eftir stöndum við brotin og beygð. Krabbameini er alveg sama þó að tvær litlar stelpur standi eftir föðurlausar. Því er líka alveg sama þó að foreldrar lifi börnin sín, fólk missi maka sína og ástvini. Krabbamein er fyrirliðlegt.

Við verðum að auka árvekni okkar gagnvart krabbameini. Árlega greinast á Íslandi 716 karlar með krabbamein. Árlega greinast á Íslandi um 660 konur með krabbamein. Það er ekki þar með sagt að þetta séu óbreytan- legar tölur. Við getum dregið úr áhættunni með breyttum lífs- háttum. Við þurfum að hætta að reykja, drekka í hófi, borða hollt og hreyfa okkur. Við þurfum líka að vera vakandi fyrir eigin líkama, fylgjast með honum og bregðast við ef eitthvað vekur upp grunsemdir okkar. Konur, þreifið á brjóstum ykkar til að athuga hvort þið finnið þar hnúta. Strákar, þreifið á eistunum á ykkur. Stelpur, mætið reglulega í legháls- skoðun eftir tvítugt. Karlar, látið skima fyrir krabbameini í blöðru- hálskirtli árlega, alla vega eftir að þið hafið náð fimmtugsaldri.

Svo það sé enn endurtekið, krabbamein er hálfviti. Við megum ekki láta reka á reiðanum með þetta. Þótt það sé ekkert gaman að fara í krabbameinsskoðun er það nauðsynlegt. Krabbamein er heldur ekki neitt til að skammast sín fyrir. Um þriðjungur Íslendinga fær krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni. Við þekkjum öll fólk sem hefur fengið krabbamein og ýmist sigrast á því eða þurft að láta í minnipokann fyrir þessu ömurlega meini.

Á morgun lýkur átaki Mottumars þetta árið. Við skulum öll leggjast á eitt og leggja átakinu lið með framlögum. Heitið á vini, fjölskyldumeðlimi, hópa eða fyrirtæki sem taka þátt í átakinu. Margt smátt gerir nefnilega eitt stórt. Í október kaupum við síðan öll Bleiku slaufuna sem er seld til styrktar árveknis- og fjáröflunarátaki um brjóstakrabbamein. Hugsum síðan vel um okkur alla mánuði ársins. Tökum utan um þau sem eiga um sárt að binda vegna þess að krabbamein hefur í ömurð sinni ráðist á þau, vini þeirra eða fjölskyldur.

Því krabbamein er hálfviti. /fr



Á bak við afgreiðsluborðið í Bjarnabúð á Brautarhóli í Reykholti í Biskupstungum. Talið frá vinstri: Kristinn Bjarnason, Oddný Kristín Jósefssdóttir, Kristín Karólína Bjarnadóttir og Bjarni Kristinsson.

Mikið að gera hjá Bjarna, Oddnýju og fjölskyldu í Bjarnabúð á Brautarhóli í Biskupstungum:

Allt að helmingi fleiri ferðamenn en vant er á þessum árstíma

Hjónin Bjarni Kristinsson og Oddný Kristín Jósefssdóttir, bændur á Brautarhóli í Biskupstungum, hafa rekið verslun á Brautarhóli meðfram garðyrkju ásamt börnum sínum í hartnær þrjátíu ár. Verslunin er vel staðsett, fast við þjóðveginn sem liggur um Gullna hringinn svokallaða.

Tíðindamaður Bændablaðsins átti leið um Biskupstungur í góða veðrinu um fyrri helgi og lá vel við að koma við í Bjarnabúð til að þiggja kaffisopa. Bjarni og Oddný, eða Onna eins og margir þekkja hana, voru í búðinni eins og flesta aðra daga ásamt tveim börnum sínum, þeim Kristni og Kristínu Karólínu, en auk þeirra eiga þau Grím og Odd Bjarna. Oddný segist ekkert kippa sér upp við mikla vinnu og ekkert atvinnuleysi sé á þessu svæði. „Hér fá allir vinnu sem vilja og nenna á annað borð að vinna.“

Hófst allt árið 1947 með sölu steinolíu á veghefla

„Þabbi byrjaði hér 1947 með því að selja steinolíu og bensín á veghefla, en þá var lítið um dísilolíu. Hann byrjaði hjá Hinu íslenska steinolíu- félagi, sem síðar varð Olíufélagið. Fékk hann þá tunnur til að eiga stein- olíu á vegheflana, en þá voru engir traktorar komnir hér í sveitina,“ segir Bjarni. „Hann var síðan með bensín- sölu hér við veginn árum saman.“

Bjarni og Onna tóku við verslun- inni haustið 1985 og hafa því staðið vaktina á þessu ári ásamt garðyrkju- vinnu í 28 ár.

Klikkað að gera

Bjarni segir að straumur ferðamanna um sveitir Suðurlands hafi aukist mikið á undanfórnum árum og ferðatímabilið nái stöðugt yfir stærri hluta ársins.

„Ég held að það sé frekar bjart yfir lífinu hérna í sveitinni. Hér er hrein- lega orðið klikkað að gera á sumrin en maður hittir mjög marga og það er gaman að þessu. Maður á orðið marga vini og kunningja í gegnum þetta. Um verslunarmannahelgina á síðasta ári lætur nærri að hér hafi komið um fimm þúsund manns. Síðan bættist fyllilega mánuður við mesta ferðamannatímann bæði að vori og hausti.

Útlitið er mjög gott núna og það eru allt að helmingi fleiri ferðamenn en vant er á þessum árstíma,“ sagði Bjarni. Hann segist hafa heyrt að á Geysi hafi fjöldi ferðamanna nær tvöfaldast og Kynnisferðir, sem nú hafa viðkomustað með sína farþega í Friðheimum í Reykholti, skammt frá Bjarnabúð, töluðu um met farþegaflutninga nú í janúar sem slegið hefði út metflutninga á háannatímanum í júlí í fyrra. Þá hafi verið á fjórða þúsund farþegar með rútum félagsins í febrúar og bókanir í sumar líti mjög vel út.

Byggðin í sveitunum lykillinn að aukinni ferðaþjónustu

Bjarni segir alveg ljóst að ef byggð í sveitunum væri ekki með þeim blóma sem raun er á væri ferðaþjónustan ekki svipur hjá sjón. Ferðamenn séu ekki síður að sækjast eftir að kynnst fólki og matarmenningu vítt og breitt um landið en landslaginu. Ef byggð legðist af í sveitunum yrði flóran í ferðaþjónustunni mun fátæklegri. Byggðin í sveitum landsins sé því lykillinn að frekari uppbyggingu ferðaþjónustunnar. Ánægjulegt sé því að vita til þess að unga fólkið sé að koma til baka á jarðimar til að setja upp margvíslega þjónustu eins og Bændagistinguna í Efstadal.

Þá segir Bjarni að fagmennskan sé stöðugt að aukast og á stærri ferða- mannastöðum eins og á Geysi víli



Rauði depillinn sýnir staðsetningu Bjarnabúðar í Reykholti. Verslunin er sannarlega í alfaraleið, í það minnsta þeirra sem leið eiga um Gullna hringinn.

kokkarnir ekkert fyrir sér að afgreiða þúsund manns með stuttum fyrirvara. Þegar mikið sé að gera í sveitinni komi brottfluttur og gamlir starfs- menn gjarnan til hjálpar, oft til þess eins að upplífa stemminguna.

Stöðug aukning

Segir Bjarni að stöðugt sé verið að auka þjónustuna. Á Kletti í Biskupstungum sé t.d. verið að opna gistingu með morgunmat og hug- myndir séu uppi um að reisa 100 herbergja hótél í Reykholti. Þá hafi núverandi gististaðir líka haft mikið að gera.

Hann segir ástæðuna fyrir góðu gengi í verslun og ferðaþjónustu í

og við Reykholt og annars staðar á Gullna hringnum hversu hæfilega stutt þetta svæði sé frá Reykjavík. Þá hjálpi einstök veðursæld svæðisins líka upp á þótt víða um land séu alls ekkert síðri staðir frá náttúrunnar hendi.

„Svo hefur jeppaferðum fjölgað gríðarlega. Það á ekki bara við um þetta svæði, sömu sögu er að segja víða um land og það teygir sig ekki síst austur í Vatnajökulssvæðið og í Borgarfjörðinn.“

Bjarni segir að þessi fyrirtæki séu að velta umtalsverðum fjármunum. Þá megi líka nefna Flúðasiglingarnar sem gerðar séu út frá Bjarkarhóli (næsta hús við Bjarnabúð) en þær séu mjög vinsælar. /HKr.



CE
vottaðar

Náttúran kallar

á bestu lausnirnar
í umhverfismálum

Þriggja hólfa rotþrær fyrir sumarhús og heimili.

CE-vottaðar samkvæmt staðli:

ÍST EN 12566-1:2000/A1:2003.

Fylgja einnig séríslenskum kröfum um
uppbyggingu rotþróa.

Fást í byggingavöruverslunum um land allt.

Promens ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila
um niðursetningu á rotþróum.

PROMENS
www.promens.is

PROMENS DALVIK • GUNNARSBRAUT 12 • 620 DALVÍK • SÍMI: 460 5000 • FAX: 460 5001 • sales.dalvik@promens.com

DEKK FYRIR
ÍSLENSKAR
AÐSTÆÐUR

BKT

AGRIMAX
RADIAL TAKTORADEKK
GÆÐI Á GÓÐU VERÐI!



Smurþjónusta



Smáviðgerðir



Hjólástillingar



Rúðupurrkur



Rúðuvökvi



Rafgeymar



www.solning.is



SÓLNING
Renndu við

SÓLNING NÚ Á 5 STÖÐUM

Smíðjuvegi ☎ 544 5000

Hjallhrauni ☎ 565 2121

Raudhelli ☎ 568 2035

Njarðvík ☎ 421 1399

Selfossi ☎ 482 2722



Hér eru nokkrir þeirra sem hafa komið að uppsetningu á vélinni, talið frá vinstri: Bjarni Ólafsson, Erlendur Ástgeirsson, Kristján Larsen, Reynir Þórisson, Friðrik Ástþórsson, Jón Sindri Stefánsson, Ágúst Þór Jónsson, Birgir Sigurjónsson og Thor Anders Eggen (frá Elopak).
Mynd / MHH

Súkkulaðimjólk framleidd á Selfossi komin í verslanir

MS hefur sett á markaðinn Súkkulaðimjólk sem er hugsuð fyrir þá sem vilja drekka góða drykki og kunna að meta gott bragð. Mjólkin er framleidd hjá MS Selfossi. Hún er létt (1,5%) og er í 1/2 lítra fernum með tappa.

Súkkulaðimjólkin inniheldur öll sömu næringar- og bætiefni og venjuleg mjólk. Meðfylgjandi mynd var tekin í nýlega hjá MS Selfossi þegar pökkun á Súkkulaðimjólkinni var hafin á nýja pökkunarvél frá EloPak. Margir starfsmenn hafa komið að uppsetningu og gangsetningu á nýju vélinni.

/MHH



Nemendur Menntaskólans að Laugarvatni sýna Fiðlarann á þakinu

Nemendafélagið Mímir í Menntaskólanum að Laugarvatni sýnir nú leikritið Fiðlarinn á þakinu. Um 55 nemendur taka þátt í uppfærslunni, en leikstjóri er Aron Trausti Sigurbjörnsson.

Aðalhlutverkið, mjólkurpósturinn Tevje, er í höndum Kristbergs Ómars Steinarssonar. Miða getur

fólk pantað með því að senda póst á netfangið birkirgr@ml.is. Næstu sýningar verða 21. mars kl. 20.00 á Norðurlósum í Reykjavík, 22. mars kl. 20.00 á Skógum undir Eyjafjöllum og 23. mars kl. 17.00 í Hvolnum á Hvolsvelli. Miðaverð er 2.500 kr., frítt fyrir 10 og yngri.

/MHH



Þórir Páll Guðjónsson, verkefnastjóri Háskólans á Bifröst.

Mynd /HKr.

Háskólinn á Bifröst:

Boðið upp á fjölskylduvæna aðstöðu

Þórir Páll Guðjónsson, verkefnastjóri Háskólans á Bifröst, var mættur í Háskólabíó um fyrri helgi til að kynna sinn skóla. Var skólinn þar með sinn bús við hlið Hólaskóla og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þórir sagðist vera dyggur aðdáandi Bændablaðsins og því vel við hæfi að rekja aðeins úr honum garnirnar varðandi starfsemi skólans fyrir blaðið.

Þórir sagði góðan gang í starfsemi og aðsókn að skólanum eftir nokkurt bakslag í kjölfar efnahagshrunsins. Heildarnemendafjöldi skólans væri í dag um eitt þúsund manns. Þar af væru staðarnemendur ríflega 300 og þá rúmlega 600 í fjarnámi. Auk þess væru í gangi símenntunarnámskeið sem ekki eru á háskólastigi. Þar má nefna verslunarstjórnám og námskeið undir nafninu „Máttur kvenna“. Það hefur gengið í nokkur ár og er grunn-rekstrarnám fyrir konur sem hugsa sér að þreifa sig áfram í atvinnurekstri. Segir Þórir að margar konur af þessum námskeiðum hafi síðan haldið áfram námi í háskólanum. Á síðasta ári var síðan byrjað á námskeiðum í ferðapjónustu og einnig hefur verið í boði nám fyrir stjórnendur sveitarfélaganna.

Fjölskylduvænt samfélag

Samfélagið á Bifröst er mjög barnvænt enda sér fjölskyldufólk sér hag í að stunda nám við skólann. Í þorpinu á Bifröst búa nálægt 500 manns og segir Þórir að ekki sé nema 15 mínútna akstur með börn í skólann á Varmalandi og í leikskóla og er þeim ekið á milli með rútu.

„Eins og staðan er í dag eru um 60 krakkar sem fara frá okkur á hverjum morgni í grunnskólann á Varmalandi. Svipaður fjöldi eða nokkru fleiri fer í leikskólann. Nemendur á Bifröst þurfa því lítið að hreyfa bíla sína vegna barnanna. Það hefur verið reynt að byggja þetta þannig upp að öll aðstaða sé fjölskylduvæn. Fyrir nemendur sem eru með börn og geta sent þau í leikskóla og grunnskóla er auðvitað finnráðgjafi til náms allan daginn. Þá ríkir gríðarlega mikil samhljálpi hjá nemendum, sem koma úr ýmsum áttum.“

Frumgreinadeild verður að háskólagátt

Þórir segir að verið sé að breyta frumgreinadeild skólans í svokallaða háskólagátt, sem er undirbúningsnám fyrir háskóladeildirnar.

„Þetta er mjög sniðugt fyrir fólk sem vill breyta til í lífinu og hefur ekki endilega stúdentspróf. Það getur komið þarna inn og náð viðbótareiningum í gegnum háskólagáttina og er þá orðið gjaldgengt inn í háskóladeildirnar. Hjá okkur getur það síðan valið um þrjár leiðir. Það er viðskiptafræði, viðskiptalögfræði síðan hagfræði, heimspeki og stjórnmálafræði eða HHS-nám.“

Þórir segir að rekstur skólans sé baráttu eins og í öllum öðrum háskólum. Fjárveitingar séu fremur litlar en samningur við menntamálaráðuneytið geri ráð fyrir ákveðinni greiðslu á hvern nemanda. Með háskólagáttinni verði hins vegar tæplega 90 þúsund króna innritunargjald en engin skólagjöld þar fyrir utan. Það eigi að auðvelda fólki sem vill breyta til og fara í að undirbúa sig undir háskólanám.

„Þá er tiltölulega ódýrt að búa á Bifröst miðað við höfuðborgarsvæðið og húsaleiga mjög lág í þeim samanburði. Þá er fátt sem truflar hér og fólk er því almennt að eyða minni fjárhæðum. Fólk skreppur kannski í Bónus eða Nettó einu sinni í viku til að versla í matinn.“

/HKr.

Kosið um gatnamót á Flúðum samhliða Alþingiskosningum 27. apríl

Á síðasta fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps kynnti Ragnar Magnússon oddviti uppdrætti sem Landform ehf. hefur gert þar sem fram koma tveir möguleikar á lausnum vegna gatnamótanna við Grund á Flúðum.

Annars vegar er um að ræða útfærslu á T-gatnamótum og hins vegar hringtorgi. Hreppsnefnd samþykkti að halda ráðgefandi íbúakosningu um hvort stefna skuli að T-gatnamótum eða hringtorgi við gatnamótin við Grund. Kosning skal fara fram samhliða kosningum til Alþingis laugardaginn 27. apríl næstkomandi. Sveitarstjóra og formanni kjörstjórnar hefur verið falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kosningin geti farið fram samhliða Alþingiskosningunum.

/MHH





**Framleiðum
Vélboða mykjudreifara
í mörgum stærðum**

**Vélboði ehf. Hafnarfirði. Sími. 565-1800
Heimasíða. www.velbodi.is**

SÆLUhús AKURS

Fáðu hús á þinn sælureit fyrir sumarið

Tilboð á 25 fm húsum á lager

1 stk. fullbúið að utan. Að innan einangrað og klætt með lökkðuðum furupanil. Milliveggir uppsettir og klæddir. Ídráttarrör fyrir raflagnir og dósir komið í vegg og loft. Töfluskápur uppsettur.
Verð kr. 3.570.000,- m/vsk

1 stk. fullbúið að utan. Að innan einangrað með rakavarnarlagi.
Verð kr. 2.590.000,- m/vsk

Allar byggingarnefnda- og burðarvirkisteikningar eru innifaldar.




Auðvelt í flutningi. Nett að utan – en rúmgott að innan.





Eldhúskrökur. Borðkrökur. Svefnherbergi.

Trésmiðjan AKUR ehf.

Smiðjuvöllum 9 • 300 Akranes • Sími: 430 6600 • Fax: 430 6601
Netfang: akur@akur.is • Veffang: www.akur.is

AKURshús
- við allra hæfi -

Veljum íslenskt
- allra hagur -



FUJITSU Nocris Arctic 14

Öflug varmadæla - japönsk gæði!

Loft í loft - Loft í vatn!

Fujitsu er mun ódýrari
í rekstri en flestar aðrar tegundir varmadæla

Heldur jöfnum hita við allar íslenskar aðstæður
Sjálfvirk rakavörn, endurræsing og loftsúhreinsum

Framleiðandi: Fujitsu General Kawasaki, Japan

Söluaðili á Íslandi
með sjö ára reynslu:
Stekkjarlundur ehf. - Sjá heimasíðu!

8 ára ábyrgð!

Símar: 695 2091 / 894 4302
www.stekkjarlundur.com • stekkjarlundur@stekkjarlundur.com
Varmadælur frá Fujitsu, Panasonic, Mitsubishi og Toshiba
Bjóðum upp á VISA og Mastercard raðgreiðslur

75 YEARS **KÄRCHER®**

Íðnaðarryksugur

Pegar gerðar eru hámarkskröfur

TACT
Triggered Air draft
Cleaning Technology

Sjálfvirk hreinsun á síu

NT 35/1 Eco
Ryksugar blautt og þurr
Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gölfhaus og mjör sogstútur.

NT 25/1 Eco
Ryksugar blautt og þurr
Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gölfhaus og mjör sogstútur.

NT 45/1 Eco
Ryksugar blautt og þurr
Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gölfhaus og mjör sogstútur.

NT 55/1 Eco
Ryksugar blautt og þurr
Fylgihlutir
Barki 35mm 2,5m, málmrör, 30mm gölfhaus og mjör sogstútur.

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F • Sími 581-2333 • www.rafver.is • rafver@rafver.is
FAGMENNSKA ALLA LEIÐ



Minjastofnun Íslands

Styrkir úr húsafriðunarsjóði 2013

Minjastofnun Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafriðunarsjóði fyrir árið 2013

Frá og með 1. janúar 2013 tóku gildi ný lög um menningarmálaráðgjafir nr. 80/2012. Með gildistöku þessara laga voru Húsafriðunarnefnd og Fornleifavernd ríkisins sameinaðar í nýja stofnun, Minjastofnun Íslands.

Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr húsafriðunarsjóði. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 182/2013. Sjóðurinn veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber einnig að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis hennar fyrir varðveislu byggingar-arfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, husafridun.is eða í síma 570 1300. Umsóknarfrestur er til 1. apríl 2013.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að þær framkvæmdir sem hún styrkir séu viðunandi af hendi leystar og í samræmi við innsend gögn. Bent er á leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar og Húsverndarstofu um viðhald og viðgerðir eldri húsa í Minjasafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.

Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Heimsókn í sauðfjárbú á Suður-Englandi:

Selur gærur og garn beint frá bónda

Hjónin Emma og Neil Boyles reka sauðfjárbú nálægt bænum Farnham á Suður-Englandi með Gotland- og Shetland-kyni sem notað er til framleiðslu á prjónagarni. Þau keyptu jörðina fyrir tæpum tíu árum og hefur mikill tími þeirra farið í uppbyggingu á bænum en nýlega opnaði Emma verslun beint frá bónda þar sem hún selur garnið sitt, gærur og reyfi til að spinna.

„Maðurinn minn, Neil, er verkfræðingur og hefur unnið allar helgar síðastliðin átta ár við að betrumbæta húsið okkar, útihúsin og girðingar. Við eigum einnig þrjár dætur, sem eru orðnar unglingar, Christabel, Phoebe og Polly, sem eru mjög duglegar að hjálpa okkur við ýmis störf hér á bænum. Susie vinkona okkar sér um hjörðina fyrir okkur og hún er að auki rúningsmeistari svo það er mikill fengur í því að hafa hana hjá okkur,“ útskýrir Emma.

Sögufrægur staður

Emma og Neil keyptu bæinn árið 2004 og var hann þá í niðurníðslu. Til að mynda voru rottur á háaloftinu og þakið míglak. Á jörðinni voru engar girðingar eða limgerði til að mynda skjól.

„Landið var ræktanlegt þegar við tókum við og okkur Neil langaði í búfé, þar sem það er lykillinn að heilbrigðum búskap og einnig góð varðveisla fyrir dýralífið. Við völdum sauðfé því okkur fannst það góður kostur til að vernda og viðhalda beitilandinu, þar sem það étur hvað sem er. Bærinn okkar er sérstakur, þar sem við höfum 30 hektara af fornu skóglendi. Það þýðir að við erum með nokkrar mjög sérstakar fuglategundir og plöntur á jörðinni,“ segir Emma og bætir við;

„Bærinn á sér sögu allt aftur til 15. aldar og var lykilstaður á tímum Rómverja vegna þess að hér eru margar náttúrulegar lindir í kring. Gamli vegurinn sem Rómverjar fóru um liggur hér fyrir framan húsið okkar og tjörnin á landareigninni okkar var notuð hér áður af öllum bændum á svæðinu til að fylla gufuvélarnar sínar til að þreskja kornið með. Jörðin er 300 ekrur að stærð og er leirkennd og rík af kalksteini, sem þýðir að við höfum mikið gras allan ársins hring. Hér var mjólkurframleiðsla fram til ársins 1970 en eftir það og þangað til við komum var það leigt út til ræktunarverktaka.“

Viðurkenndir gæðapræðir

Árlega senda Emma og Neil frá sér um 350 kíló af ull til hreinsunar og eftir vinnsluferli geta þau framleitt prjónagarn úr um 200 kílóum.

„Við byrjuðum með tuttugu kindur og nú eru þær orðnar 150 talsins. Á hverju ári skiptum við út þeim kindum sem framleiða ekki nógu góða trefjaþræði. Það sem við höfum lært og áttað okkur á í gegnum árin er að við verðum að velja á milli þess að hafa stórt sauðfé til kjötframleiðslu eða töluvert nettara sem gefur góða þræði. Útsjónarsemi við sauðfjárræktunina til að framleiða reyfi eykur mjög gæði reyfanna og þráðanna. Með því að rýja í desember og janúar náum við því markmiði að fá viðurkenndan gæðapræð. Þetta þýðir að við verðum að hafa dýrin inni í húsi yfir veturinn þangað til feldurinn hefur vaxið aftur. Það er hins vegar dýrt hér á Englandi og meirihluti þeirra sem framleiða þræði vill ekki haga þessu eins og við vegna kostnaðar. Gæðin eru framar öllu í okkar huga og höfum við skapað okkur nafn fyrir það sem við viljum halda.“



Emma Boyles glaðbeitt á svip með lamb af Gotland-kyni sem eingöngu er ræktað á bænum til ullarframleiðslu.

Myndir / ehg



Emma sýnir íslenskum handverkskonum, Katrínu Andrésdóttur og Helgu Gísladóttur, sauðargæru úr verslun sinni.



Við bæinn var þessi hentuga stígvélagrind sem gæti verið hugmynd fyrir íslenska bændur að koma sér upp.



Sýnishorn af Gotland-kyninu sem nýlega var búið að rýja. Upprunalega er kynið frá eyjunni Gotlandi í Svíþjóð.

Námskeið og skólaheimsóknir

Nýlega hleyptu þau af stokkunum vörumerkinu The Little Grey Sheep og heimasíðan thelittlegreysheep.co.uk fer í loftið í lok mars.

„Á síðunni er hægt að sjá alla framleiðsluna okkar og námskeiðin sem við höldum. Mér finnst mjög skemmtilegt að fá fólk í heimsókn á bæinn og núna erum við í miðju ferli

við að byggja nýja vinnustofu fyrir verkstæðið og verslunina. Hingað kemur mikið af skólakrökkum en hér á Englandi eru börn að missa þekkinguna á því hvaðan maturinn þeirra kemur og hvað handið er. Við fáum oft til okkar krakka sem þurftu að kaupa sér stígvél í fyrsta sinn á ævinni því þau hafa aldrei áður komið í sveit. Þetta eru ekki fátæk börn, heldur hafa foreldrarnir aldrei farið með þau út

á land. Mér finnst yndislegt að segja þeim frá og kenna þeim um bæinn og söguna. Þá fara þau að hugsa um alla þá hluti sem bærinn útvegar eins og mat, að skógurinn sé nýttur til orkugjafar og húsgagnaframleiðslu, ullin í fatagerð, limgerði til skjóls og svo framvegis,“ útskýrir Emma brosandí og segir jafnframt;

„Við fáum einnig til okkar spuna- og prjónahópa. Í dag eru flestir

mun meira á verði yfir því hvaðan maturinn þeirra kemur og einnig er fólk meðvitaðra um hvaðan það kaupir ullina sína. Við erum tiltölulega lítið fyrirtæki sem leggur metnað sinn í að hver og einn viðskiptavinur sé ánægður með vöruna okkar og við hjálpum fólk ef það hefur spurningar varðandi prjónaskap, vefnað og/eða við að spinna, hvort sem það kaupir garnið hjá okkur eða ekki.“ /ehg



Nýverið byggðu þau hjónin Emma og Neil nýja skemmu á jörðinni sem þjónar meðal annars hlutverki fyrir vinnustofur og verslunina The Little Grey Sheep.

Varahlutirnir í plóginn



Kverneland
UMBODIÐ Á ÍSLANDI

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • Fax 580 8210 • velfang@velfang.is

Aðalfundur Landssamtaka raforkubænda 2013

Aðalfundur Landssamtaka raforkubænda 2013 verður haldinn í Hótel Geirlandi, (3 km austan við Kirkjubæjarklaustur) þ. 13. apríl n.k., og hefst hann kl. 13.00.

Dagskrá fundarins verður þannig:

1. Setning fundarins og skipun starfsmanna.
 2. Skýrsla stjórnar.
 3. Framsaga, Tinna Þórarinsdóttir frá Veðurstofu, "Afrennsliskort, möguleikar til raforkuvinnslu".
 4. Framsaga, Pétur E. Þórðarson, frá Rarik, m.a. um raflínukort.
 5. Framsaga, Kristinn Einarson, frá Orkustofnun, m.a. um viðhorf stofnunarinnar til virkjana sem selja inn á netið.
 6. Fyrirspurnir til framsögumanna og orðið frjálst.
 7. Reikningar LR 2012 lesnir upp.
 8. Reikningar bornir undir atkvæði, og árgjald ákveðið.
 9. Kaffihlé, áætlað kl. 15.30
 10. Kosinn einn maður í stjórn til þriggja ára, og einn í varastjórn sama tíma.
 11. Kosnir 2 skoðunarmenn til eins árs.
 12. Önnur mál.
- Fundarslit, (áætluð eigi síðar en 17.30).

Fundurinn er opinn öllu áhugafólki um virkjanir innan við 10 MW. Með næsta Bændablaði mun fylgja einblöðungur frá Landssamtökunum og m.a. efnis verður dagskrá aðalfundar þar ítrekuð.

Stjórnin.

ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

LAMBBOOST OG FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.

Icevet
Dýraheilsa



FLORYBOOST

Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

Verndar þarmana – Viðarkol og leir sem draga í sig eiturefni

Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans – Natriumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og fosföt

Eykur orku – Dextrósi

Styrkir erta slímhúð – Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmaríni, cajeput, timótei og thymol



LAMBBOOST

Lambboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og létttra lamba í huga.

Heilbrigð þarmaflóra – Mjólkursyrurgerlar

Eflir ónæmiskerfið – Broddur

Örvandi – Jurtakrafur (kóla, gúarana)

Eykur líkamlegan styrk – Flókin samsetning vítamína og járns

Eykur orku – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þriglyseríðar

Fáanlegt hjá dýralæknum og búrekstrarvöruverslunum
Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila í síma 820 2240



DYNJANDI
allt fyrir öryggið



ALLT FYRIR ÖRYGGIÐ

Öllum þykir okkur mikilvægt að finna til öryggis í lífinu. Dynjandi hefur verið leiðandi á sviði öryggisvara síðan 1954.

Dynjandi örugglega fyrir þig!

Skeifunni 3 - Sími: 588 5080 - dynjandi.is



BM·VALLÁ
forsteyptar einingar
smellinn

BM Vallá ehf.
Breiðhófa 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is

BM Vallá ehf. · Akureyri
Austursíðu 2
603 Akureyri

Sím: 412 5203
sala@bmvalla.is



Smellinn+
Einstakt hús – margir möguleikar

Upplagt fyrir aðila í ferðaþjónustu

Smellinn+ eru forsteyptar einingalausnir sem eru byggðar á staðlaðri grunneiningu með baðherbergi. Grunneining getur staðið ein og sér, en einingunum má einnig raða saman á ýmsa vegu og tengja með gangi. Hægt er að bæta við mótuneytis- og þjónusturýmum.

Smellinn+ einingahúsin eru ódýr og auðveld í uppsetningu. Þau eru tilvalin fyrir aðila í ferðaþjónustu, en henta einnig einstaklega vel sem veiðihús, gestahús, sumarhús o.fl.

Kynntu þér málið á heimasíðu okkar eða hafðu samband við söludeild.

www.bmvalla.is

Sveitarstjórn Langanesbyggðar:

Búsetuskilyrðum í sveitarfélaginu stefnt í voða

„Þessi mikilvæga samgönguleið má ekki undir neinum kringumstæðum falla niður,“ segir í ályktun frá sveitarstjórn Langanesbyggðar, en hún telur fullkomlega óviðunandi að rekstrarstyrkur vegna áætlunarflugs frá Þórshöfn og Vopnafirði sé ekki tryggður nema út þetta ár, 2013.

Sjálfhætt um leið og ríkisstyrkir leggjast af

Flugfélagið Norlandair á Akureyri hefur sinnt fluginu. Áætlunarflug til Þórshafnar og Vopnafjarðar stendur ekki undir sér og eru forsendur þess að hægt er að halda því úti þar að ríkið greiðir styrki með flugleiðinni. Fluginu er því sjálfhætt um leið og ríkið hættir að styrkja leiðina. Norlandair hefur flogið fimm sinnum í viku til Þórshafnar og Vopnafjarðar.

Fram kemur í ályktun sveitarstjórnar að eitt af meginmarkmiðum samgönguáætlunar sé að almennings-samgöngur séu góðar innan svæða og ekki síður til og frá höfuðborg allra landsmanna. „Flugvellir á borð við Þórshafnarflugvöll eru aðgöngudyr þessa landsvæðis að því að unnt sé að ná því megin markmiði samgönguáætlunar að komast til höfuðborgarinnar á um það bil þremur klukkustundum,“ segir sveitarstjórn Langanesbyggðar.

Mikilvægt fyrir atvinnulíf og ferðabjónustu á svæðinu

Bent er á að áætlunarflug til Þórshafnar sé gríðarlega mikilvægt

atvinnulífi í sveitarfélaginu og ekki síður ferðabjónustu á svæðinu. Auk þess leiki Þórshafnarflugvöllur stórt hlutverk í skipulagi og uppbyggingu í sveitarfélaginu til framtíðar. Flugvöllurinn gegnir einnig lykilhlutverki í öryggi íbúana með tilliti til sjúkraflugs til Þórshafnar og Vopnafjarðar.

„Með því að draga úr mikilvægi flugvallarins er framtíðaráformum og búsetuskilyrðum í Langanesbyggð stefnt í voða,“ segir í ályktuninni.

Vonast er til þess að yfirvöld samgöngumála tryggi fjárveitingar til áframhaldandi áætlunarflugs til Þórshafnar og Vopnafjarðar.

Flugið veitir greiðan aðgang að höfuðborgarsvæðinu

Sveitarstjórnir Langanesbyggðar og Vopnafjarðar vöktu athygli á málinu í fyrravor og af því tilefni sagði Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri í Langanesbyggð, að íbúar í sveitarfélaginu væru háðir góðum samgöngum, hvort heldur sem væri í lofti eða láði. Fólk óttaðist hið versta yrði flugleiðin lögð af enda skipti hún gríðarlega miklu máli fyrir byggðarlög á borð við þau sem áður voru nefnd. „Það er nú einu sinni svo, jafnvel þó að við viljum stundum ekki viðurkenna það, að við erum mjög háð þjónustu á höfuðborgarsvæðinu, svo sem heilbrigðisþjónustu og stjórnsýslunni, og oftar en ekki þurftum við að sækja þessa þjónustu fljótt og örugglega. Þarna hefur flugið skipt öllu máli og fólkið hér má ekki til þess hugsa ef það verður lagt af,“ segir Gunnólfur.



Þau urðu hlutskörpust í framsagnarkeppni grunnskólanna í Húnavatnspingi, Eiríkur Þór Björnsson, Húnavallaskóla, varð í fyrsta sæti, Karítas Aradóttir, Grunnskóla Húnapings vestra, í öðru sæti og Björn Blöndal Benediktsson, Blönduskóla, í því þriðja.

Framsagnarkeppni grunnskóla í Húnapingi:

Markmið að glæða tilfinningu fyrir íslensku máli

Framsagnarkeppni grunnskólanna í Húnapingi var haldin nýlega. Grunnskóli Húnapings vestra sá um lokahátíðina að þessu sinni. Keppnin er tileinkuð Grími heitnum Gíslasyni, fréttaritara og fyrrum bónda frá Saurbæ í Vatnsdal. Markmið keppinnar er að glæða tilfinningu og metnað húnvetnskra grunnskólanema fyrir íslensku máli og framsögn.

Þrír keppendur komu frá hverjum skóla þ.e. Blönduskóla, Húnavallaskóla, Höfðaskóla og Grunnskóla Húnapings vestra. Dómarar voru að þessu sinni Þórður Helgason, Baldur Sigurðarson og Sigrún Grímsdóttir. Keppendur lásu brot úr skáldverki eftir Friðrik Erlingsson, ljóð eftir Þóru Jónsdóttur og ljóð að eigin vali.

Úrslit urðu þessi:

1. Eiríkur Þór Björnsson, Húnavallaskóla

2. Karítas Aradóttir, Grunnskóla Húnapings vestra
3. Björn Blöndal Benediktsson, Blönduskóla

Keppendur stóðu sig allir mjög vel og ekki auðvelt að dæma. Því voru að þessu sinni veitt aukaverðlaun fyrir góða frammistöðu og þau hlaut Alma Einarisdóttir, Blönduskóla.

Sigurvegarnir hlutu gjafabréf í verslunum Eymundsson og sigurvegarnir fékk einnig boðsmíða í selskoðunarferð. Allir keppendurnir fengu síðan tvenn bókaverðlaun. Skólarnir gáfu Ljóðasafn eftir Stein Steinarr og Félag íslenskra bókauktgefenda gaf bók með ljóðum Þóru Jónsdóttur.

Að lokum var farandskjöldur afhentur, en hann var gefinn af sjóði sem stofnaður var til heiðurs Grími Gíslasyni. Sá skóli sem hlýtur fyrsta sætið varðveitir skjöldinn fram að næstu keppni og kom það í hlut Húnavallaskóla að þessu sinni en frá þessu er greint á vef skólans.

Evrópusambandið dregur úr „grænum“ greiðslum

– „Glötum tækifærum“, segja talsmenn lífrænu hreyfingarinnar í Evrópu

Evrópuþingið í Strassborg afgreiddi afstöðu sína til endurskoðunar landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (CAP) 13. mars sl. Talsmenn lífrænu hreyfingarinnar í Evrópu, IFOAM EU Group, hafa lýst yfir vonbrigðum með niðurstöðurnar, þótt þær séu hagkvæmari „græna geiranum“ en tillögur landbúnaðarnefndar þingsins gáfu til kynna fyrir í vetur.

Alkunna er að Evrópusambandið er að draga saman stuðningsgreiðslur af ýmsu tagi, þar með til landbúnaðar, og njóta bændur í „nýjum“ aðildarlöndum minni stuðnings en bændur í „gömlum“ aðildarlöndum. Er þessi þróun í takt við þau stórfelldu efnahagsvandamál sem einkennast af kreppuástandi í mörgum aðildarlöndum ESB. Meiri niðurskurður er fyrirsjáanlegur. Frakkar eru fremstir í flokki þeirra þjóða í ESB sem vilja ekki draga úr stuðningi við landbúnað því að í Frakklandi, og reyndar víðar í Evrópu er fæðuöryggi metið mikils, ekki síst nú á tímum hækkanði matvælavæðs í heiminum. Sömuleiðis hafa Frakkar líka sterka stöðu í lífrænu hreyfingunni.

Þegar niðurstöður Evrópuþingsins lágu fyrir um miðjan mánuðinn sendu nokkrir af forystumönnum lífrænna framleiðenda í Evrópu frá



Evrópusambandið er að draga saman stuðningsgreiðslur af ýmsu tagi, þar á meðal til landbúnaðar.

sér yfirlýsingu þar sem lýst var vonbrigðum með þróun mála. Verið væri að glata tækifærum til að efla lífrænan landbúnað og sjálfbæra þróun í ESB, það væri líka krafa neytenda að gera landbúnaðinn „grænni“ og umhverfisvænni.

Christopher Stopes, forseti Evrópusambandsþóps lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM EU Group), sem hefur skrifstofu í Brussel, segir í yfirlýsingunni að Evrópuþinginu hafi ekki tekist að gera landbúnaðarstefnu ESB „grænni“ en það hefði orðið öllum til góðs, þar með að efla frekar lífrænan landbúnað, stuðla að sáðskiptum í akuryrkju og renna styrkari stoðum undir sjálfbærni. Jan Plagge,

formaður bændadeildar hópsins, tók í sama streng, tækifæri hefðu glatast til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum landbúnaðar og bitnaði þetta einnig á viðhaldi blómlegrar sveitabyggðar. Thomas Fertl, formaður stefnumótunar-deildar hópsins, sagði að framlag lífrænna bænda væri ekki metið að verðleikum og Andrea Ferrante, varaforseti hópsins, sagði að haldið yrði áfram baráttu fyrir „grænni“ landbúnaðarstefnu við samninga innan stofnana ESB og í aðildarlöndunum.

Sú þróun sem þarna hefur orðið í ESB mun trúlega hafa áhrif á aðildar-samningana ef þeim verður haldið áfram. Þótt landbúnaðarstefna ESB sé í flestu tilliti óhagstæð íslenskum landbúnaði hafa ýmsir bundið vonir við „grænar“ greiðslur, svo sem aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað og stuðning við viðhald sveitabyggðar. Afgreiðsla Evrópuþingsins þrengir greinilega það svigrúm sem ESB hefur til að semja við ríkisstjórn Íslands um þau efni.

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson er ráðunautur Bændasamtaka Íslands í lífrænum búskap og fulltrúi í Evrópusambandsþópi lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM EU Group).



Bjarni á Hvoli, Guðmundur í Koti, Sæþór í Presthvammi, Árni í Brúnahlíð, Böðvar í Ystahvammi, Björgvin á Krauna-stöðum, Böðvar í Hraunbæ, Grétar í Koti, Gunnar Óli og María á Sandi og Gunnar í Klambraseli lengst til hægri. Myndir / 641.is- Böðvar Jónsson

Náungakærleikur í verki

Vegna veikinda Gunnars Hallgrímssonar bónda í Klambraseli í Aðaldal og yfirvofandi aðgerðar ákvað Bjarni Eyjólfsson, bóndi á Hvoli í Aðaldal og formaður Fjárræktarfélags Aðaldæla, að hringja út nokkra bændur sem tóku sig saman ásamt fylgdarliði og skruppu í Klambrasel til að rýja kindurnar þar.

Flokkurinn taldi þegar mest var 10 manns, rúið var með 5 klippum og 5 lagningsmenn voru að störfum í senn, að því er fram kemur á vefnum 641.is. Eins og Gunnar sjálfur sagði svo skemmtilega var líflegt í fjárhúsunum og tók rúningurinn fljótt af, enda vanir menn að verki.

Ragnheiður kona hans bar svo á disk með myndarskap ljómandi hangikjöt með uppstúf og kartöflum í hádeginu og pönnukökur og hjónabandsælu eftir rúning

svo rúningsmenn og fylgdarlið fóru heim í góðum holdum. Enn og aftur sýnir það sig að þegar eitt-hvað bjátar á í litlu samfélagi hjálpast menn að og passa upp á náungann.



Gunnar Hallgrímsson bóndi í Klambraseli.

Gistinætur á heilsárshótelum:
25% aukning milli janúarmánaða í ár og í fyrra

Gistinætur á hótélum á Íslandi í janúar voru 90.300 og fjölgaði um 25% frá janúar í fyrra. Gistinætur erlendra gesta voru um 83% af heildarfjölda gistinátta í mánuðinum en þeim fjölgaði um 28% frá sama tíma í fyrra. Jafnframt fjölgaði gistinóttum Íslendinga um 13%.

Á höfuðborgarsvæðinu voru 73.600 gistinætur á hótélum í janúar-

mánuði og fjölgaði um 23% frá sama mánuði í fyrra. Gistinóttum fjölgaði einnig umtalsvert á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða, voru 2.100 nú en 900 í janúar í fyrra. Á Norðurlandi voru 3.800 gistinætur í janúar og fjölgaði um 55% frá því í fyrra en á Austurlandi voru 1.300 gistinætur og fjölgaði um 58%. Á Suðurnesjum voru um 4.400 gistinætur í janúar, en það

er 25% meira en í sama mánuði í fyrra. Á Suðurlandi voru gistinætur tæplega 5.200, sem er álíka mikið og í janúar í fyrra. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. Athygli skal vakin á því að hér er eingöngu átt við gistinætur á hótélum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gististaða teljast hvorki gistiheimili né hótél sem eingöngu eru opin yfir sumartímann.

Dekkjainnnflutningur

Viltu spara

Eigum á lager flestar stærðir traktors, vagna og vinnuvéladekkja á góðu verði.

Einnig mikið úrval fólksbíla og jeppadekkja á lager, 10% aukaafsláttur.

Vorum að fá sendingu af vörubíladekkjum, 22.5"

Verðdæmi:

Skotbómulyftaradekk 405/70-24 kr. 116.000 m/vsk

Traktorsdekk 380/70 R24 kr. 109.000 m/vsk

Traktorsdekk crossply 16,9-34 kr. 122.000 m/vsk

Verð gildir á afhendingastöðvar Landflutninga um allt land.

Vinsamlegast hafið samband við

Ármann Sverrisson 896-8462 - e-mail manni@gott.is


Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124



Jason ehf
Hafnarstræti 88
Akureyri

Bændablaðið smáauglýsingar 56-30-300

Matarverð á Íslandi
er lægra en á öðrum
Norðurlöndum



Á Norðurlöndunum er hvað hagkvæmast að kaupa í matinn á Íslandi og í Finnlandi. Maturinn er dýrari í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Þetta kemur fram í nýlegri tölfræðiárþók Norrænu ráðherranefndarinnar.

Það er mikilvægt að framleiða kjöt, mjólk, grænmeti og fleiri matvörur á Íslandi. Þannig spörum við gjaldeyri sem hægt er að nota í annað en matarinnkaup. Auk þess skapar landbúnaðurinn þúsundir starfa um allt land.

Innlend matvælaframleiðsla hefur haldið aftur af verðhækkunum á matarkörfunni undanfarnir ár því að innfluttar matvörur hafa hækkað í verði umfram íslenskar.

Heimildir: Norræna ráðherranefndin, Hagstofa Íslands og Eurostat.



GARÐHÚS Í ÚRVALI
EINFALT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT

Kofar og hús
s. 553-1550 Fróðleikur um undirstöður og uppsetningu er á heimasíðunni

Kemppi Minarc EVO

Litlu risarnir í rafsuðunni

Léttar, sterkar og fjölhæfar (150-200 Amper)



LANDVÉLAR

Smiðjuvegi 66 • 200 Kópavogi
Sími 580 5800 • www.landvelar.is

75 YEARS

KÄRCHER®

Ryksugur
Fyrir vinnustaðinn og heimilið

Teg: CV 38/2
Ryksuga með bursta
1150 wött
5,5 ltr. tankur

Teg: T 7/1
1200 wött
7 ltr. tankur

Teg: T 12/1
1300 wött
12 ltr. tankur
Sérlega hljóðlát

Teg: T 10/1
1250 wött
10 ltr. tankur

Teg: CV 48/2
Ryksuga með bursta
1200 wött
5,5 ltr. tankur

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F • Sími 581-2333 • Fax 568-0215 • www.rafver.is
FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Orkumál

Rætt um aukið öryggi í rekstri fjarskiptakerfis Neyðarlínunnar:

Litlar vindrafstöðvar ásamt sólarcellum gætu verið lausnin

Michael Bergey, næstæðsti stjórnandi (e. president) vindmyllu-framleiðandans Bergey Wind Power Co. í Bandaríkjunum, flutti erindi hér á landi í síðustu viku um vind- og sólarorku. Hann er vélvirki að mennt og meðstofnandi fyrirtækisins og er mjög virtur í þessum geira í Bandaríkjunum. Hann var meðal annars um árabil formaður American Wind Energy Association (AWEA) og hefur verið ráðgjafi fjölda bandarískra stofnana og opinberra nefnda.

Fundurinn var haldinn í sal Björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð síðastliðinn miðvikudag að frumkvæði Þórhalls Ólafssonar, framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar. Neyðarlínan þarf að reiða sig mjög á öruggt fjarskiptasamband. Hluti af fjarskiptakerfinu er í gegnum senda á afskekktum svæðum sem eru algjörlega háð raforku sem framleidd er með dísilrafstöðvum, sólarrafhlöðum og eða vindmyllum (vindhverflum). Lýsti Þórhallur á fundinum margvíslegum erfiðleikum sem eru því samfara að halda úti fjarskiptasendum á fjöllum og í eyðibýggðum eins og á Straumnesi á Hornströndum og víðar.

Afar kostnaðarsamt er að halda dísilrafstöðvum gangandi til raforkuframleiðslu fyrir slíka senda og hefur áhuginn fyrir litlum vindmyllum og sólarrafhlöðum því farið vaxandi á undanfórnunum árum. Vindrafstöðvar eru þó mjög dýr búnaður og misjafnlega hentugar eftir hönnun. Fyrirtækið Bergey Wind Power er leiðandi í framleiðslu á litlum vindrafstöðvum í heiminum og með mikla reynslu af hönnun á slíkum búnaði til notkunar við erfiðustu aðstæður sem þekkjast á jörðinni.

Um 20 dísilrafstöðvar notaðar til að knýja fjarskiptakerfið

Þórhallur segir að í dag séu um 20 rafstöðvar á landinu keyrðar með dísilolíu til að framleiða rafmagn fyrir fjarskipti. Hver staður eyðir u.þ.b 11.000 lítrum af olíu á ári. Til að koma olíu á staðinn þarf að fara um svæði sem eru viðkvæm þannig að ef olía fer í náttúruna má sums staðar búast við störslysi. Hávaðasamar dísilvélarnar eru hvímléiðar í grennd við margar af okkar helstu náttúruperlum, auk þess sem kostnaður við raforkuframleiðslu með olíu verður dýrari með hverju árinu og losun koltvísýrings mikil. Þá er verið að eyða dýrum gjaldeyri í vélar og olíu. Í umhverfisstefnu Neyðarlínunnar eru markmið um að draga úr olíunotkun eins og kostur er og tengist sú viðleitni þessari heimsókn.

Vindmyllur mikið notaðar af bændum í Bandaríkjunum

Michael, eða Mike eins og hann er kallaður, hefur áratuga reynslu sem framleiðandi vindhverfla og hefur helgað sig þessum málum. Hann sagði í samtali við Bændablaðið að algengt væri að bændur í Bandaríkjunum notuðu vindmyllur í ýmsum tilgangi. Þar er bæði um að ræða raforkuframleiðslu fyrir ýmis heimilistæki, dælu og annað. Sagði hann að það væru þó helst bændur sem ekki væru tengdir við meginraforkukerfi á sínu svæði sem treystu á vindmyllur. Einnig tómsundabændur sem vildu spara sér rafmagn af markaði sem væri talsvert dýrara en á Íslandi. Sagðist hann ekki sjá neitt við veðurfarslegar aðstæður á Íslandi umfram önnur lönd þar sem þeir hefðu selt sínar vindmyllur sem ætti að torvelða mönnum að nýta sér vindmyllur ef á þyrfti að halda.

Vindmyllur eru dýrar í uppsetningu en ódýrar í rekstri

Í erindi sínu tók Mike þó skýrt fram að vindmyllur til framleiðslu



Michael Bergey hélt fyrirlestur um smávindmyllur sem gætu með öðrum raforkukostum eins og sólarorku hentað vel til reksturs fjarskiptabúnaðar á afskekktum stöðum og leyst dísilrafstöðvar af hólm.

Mynd / HKR.

á raforku væru í eðli sínu dýrar. Upphafskostnaður væri mikill í samburði við dísilrafstöðvar, en sá kostnaður ynnist upp á tiltölulega skömmum tíma vegna sparnaðar í viðhaldskostnaði, eldsneyti og kotnaði við aðflutninga. Samkvæmt útreikningum sem Mike sýndi yrði stöð sem samanstæði af 14 kW vindtúrúinu og sólarorkusellu talsvert dýrari í uppsetningu en dísilrafstöðin en sá aukakostnaður ynnist upp á um sjö og hálfu ári.

Eftir það væri hagnaður af vind- og sólarorkudæminu á meðan kostnaður af rekstri dísilstöðvarinnar héldist áfram að aukast, m.a. vegna hækkandi verðs á eldsneyti og auknum viðhaldskostnaði. Þá er eftir

að ræða um mengunarþáttinn. Þegar verið væri að tala um rekstraröryggi, eins og varðandi fjarskiptakerfi, þá taldi hann skynsamlegast að setja upp búnað sem byggði á blandaðri tækni (hybrid), þ.e. vindrafstöðvum, sólarcellurafhlöðum og jafnvel dísilrafstöðvum til vara. Markmiðið væri þó alltaf að draga úr vægi dísilrafstöðvanna í slíku dæmi. Það gæfi mestan sparnað til lengri tíma lítið.

Samsett 1 kW vindorku- og 1 kW sólarorkustöð kostar um 4 milljónir króna

Mike sýndi verðdæmi um blandaðar orkustöðvar án dísilrafstöðvar. Þar

var samsett orkuframleiðslueining sem samanstóð af 1 kW og 24 volta jafnstraums vindrafstöð og samtengdri 1 kW sólarrafhlöðu. Heildarkostnaðurinn með uppsetningu á því dæmi var 31.200 dollarar eða tæplega 4 milljónir króna. Þar af kostaði vindhverfill með 20 metra háu mastri samtals 6.800 dollarar eða um 864 þúsund krónur. Sólarorkusellur ásamt 12 kWst rafgeymum kostaði tæplega 953 þúsund krónur.

Sambærilegt dæmi með 6 kW vindhverfli á 20 metra háu mastri og 2 kW sólarorkusellum kostaði 90.800 dollarar eða ríflega 11,5 milljónir króna.

Búnaður með 10 kW vindhverfli á 27 metra háu mastri og 4 kW sólarorkusellu var á 134.700 dollarar, eða um 17,1 milljón króna.

Þegar komið er út í enn stærri vindmyllur líkt og Landsvirkjun er að reka við Búrfell er verið að tala um allt aðra hluti, varðandi kostnaðarliði, rekstur og viðhald.

Mike gat þess að mikilvægt væri að menn gerðu sér fyrst grein fyrir orkuþörfinni. Það borgaði sig t.d. illa að vera með alltof mikla orkuframleiðslugetu, hvað þá of mikla geymslugetu á orku í rándýrum rafgeymum sem entust auk þess í takmarkaðan tíma.

Einnig kom fram að litlar og vel hannaðar vindmyllur þyrftu lítið sem ekkert viðhald. Sagði hann að dæmi væru um vindmyllur sem hefðu verið án viðhalds í áratugi.

Áhrif ísingar

Varðandi öryggi slíkra vindrafstöðva sagðist Mike ekki vita um neitt dæmi þar sem Bergey-vindmyllur hefðu orðið fyrir tjóni af völdum ísingar. Ísing á spaða vindmylla hefði samt óneitanlega þau áhrif að það hægði á vindmyllunum og þær gætu stöðvast. Þrátt fyrir orð Mikes var bent á það á fundinum að það væru ekki endilega vindrafstöðvarnar sjálfar sem yrðu til vandræða í ísingu, heldur gæti mikill ís hlaðist á möstrin á skömmum tíma. Það gæti endað með því að spaðarnir rækjust í þann ís og brotnuðu.

Staðsetning skiptir miklu máli

Mike nefndi dæmi um meðvitaða en afar slæma uppsetningu á vindmyllu á mjórri fjallsöxl í Alaska. Þar eyðilegðu uppstremmisvindar blöðin með tímanum vegna slæms áfallshorns. Sagði hann rekstraraðila þó sætta sig við að skipta um blöð á nokkurra

ára fresti þar sem slíkt væri miklu ódýrara en að flytja olíu með þylum á staðinn til að reka þar dísilrafstöð.

Nefndi hann einnig dæmi af fjölmörgum Bergey-vindmylla af ýmsum gerðum í öllum heimsálfum, þar á meðal á æfingapöllum sérsveita Bandaríkjahers á miklu fellibylja-svæði á hafi úti, á æfingasvæði hersins á Grænlandsjökli, í Kanada og á suðurheimskaufinu. Allar þessar stöðvar hefðu verið reknar vandræðalítið eða vandræðalaust þrátt fyrir afar erfið skilyrði og sumar um áratuga skeið.

Góður undirbúningur nauðsynlegur

Sagði Mike mikilvægt að gera nákvæmar vindmælingar yfir lengri tíma á þeim svæðum þar sem fyrir-hugað væri að setja upp vindmyllur. Þegar væri búið að gera kort fyrir stór svæði í Bandaríkjunum sem sýndu meðal annars vindálag og breytileika á mjög þröngum svæðum í fjalllendi og dölum. Kort af slíkri nákvæmni eru hins vegar ekki til fyrir Ísland og í raun afar erfitt að nálgast miðlægar upplýsingar um slíkt.

Óþarfi að finna upp hjólið

Mike gaf lítið fyrir tilraunir með ýmsar aðrar gerðir af vindmyllum en þær sem byggðu á að nota spaða sem tæki vind í láréttri stefnu á lóðréttum turni. Sagði hann að stöðugt væri verið að finna upp hjólið í þeim efnum. Hann sagðist til dæmis ekki vita um neitt dæmi um að vindmyllur sem snerust um lóðréttan ás, þ.e. spíralvindmyllur o.fl., hefðu skilað þeim árangri að komast inn á markað. Þá hefði ekki verið sýnt fram á að þær stæðust betur ofsaveður, ísingu né yllu síður fugladauda en hefðbundnar vindmyllur. Flest ef ekki öll fyrirtæki sem hefðu farið út í tilraunahönnun á ýmsum öðrum útgáfum en þeim hefðbundnu hefðu farið á hausinn. Á fundinum var m.a. nefnt eitt nýlegt dæmi af slíku fyrirtæki í Finnlandi. Hafa ber þó í huga að Mike hefur þarna hagsmuna að gæta, en hann sagði jafnframt mikilvægt að kaupendur kynntu sér bakgrunn framleiðenda og pössuðu að framleiðslu þeirra fylgdu viðurkennd opinber vottorð. Líta þyrfti sérstaklega á fjárhagslega getu slíkra fyrirtækja til að lifa af í meira en skamman tíma. Slíkt skipti miklu máli varðandi ábyrgðir og viðhaldsþjónustu. /HKR.

Bergey Windpower Co.

Bergey Windpower Co. var stofnað í Norman í Oklahoma í Bandaríkjunum árið 1977. Það er nú leiðandi í framleiðslu á litlum vindtúrúinum á sviðinu frá 1 kílóvatti (kW) til 10 kW að framleiðslugetu. Fyrirtækið er nú að þróa túrbínur sem eru 5 kW og 50 kW. Meira en 9.000 vindmyllur frá Bergey Windpower Co. hafa verið settar upp í Bandaríkjunum og í yfir 100 löndum.

Vindmyllurnar eru einkum hugsaðar til að ná niður orkukostnaði á heimilum, bóndabæjum og fyrirtækjum og til nota í óbyggðum. Eru vindmyllur fyrirtækisins seldar í gegnum 600 söluaðila um allan heim og rekur fyrirtækið útibú í Kína.

Vindmyllur fyrirtækisins eru helst þekktar fyrir einfaldleika, styrkleika og öryggi í rekstri. Fyrirtækið hefur verið leiðandi í lykiltækni eins og við beindirfna gírlausa rafala, stýrikerfi, smíði blaða á spaða úr trefjaplasi og kaupendamiðaða hönnun. Einnig býður fyrirtækið einna lengstu ábyrgðir á búnaði sem þekkjast í þessari grein.

AWEA Certification Standard

- ❖ Sets Rated Power at 11 m/s (25 mph)
- ❖ Introduces "AWEA Estimated Annual Energy" modeled after EPA Estimated Mileage for cars
- ❖ 6 month duration test; 90% availability requirement
- ❖ Detailed structural analyses (based on IEC 61400-2)
- ❖ Certifications issued by SWCC (smallwindcertification.org) or other agency
- ❖ "Same" standard adopted in UK & Japan




Mike lagði mikla áherslu á að menn kynntu sér bakgrunn þeirra vindmyllu-framleiðenda sem skipt væri við. Einnig að búnaðurinn væri skilmerkilega vottaður.

Orkusetur Akureyri:

Fýsileiki framkvæmda til orkusparnaðar

Á tímum hækkandi raforkuverðs fara ýmsir að horfa í kringum sig með möguleika til að framleiða eða spara orku. Ekki vantar hugmyndir og lausnir eins og vindmyllur, varmadælur, sólar-sellur, viðarofna, hitastýringar, einangrun o.s.frv. Þessar lausnir hafa yfirleitt aðeins tvennt sam-eiginlegt: A) söluaðilar telja sína vöru vera þá langbestu og B) þær eru í raun að selja sömu verðmæt-in, þ.e.a.s. kílóvattstund. Fæstir kaupa vindmyllu eða varmadælu vegna útlits eða yndisauka. Flestir eru að vona að tólið framleiði eða spari orku og myndi þannig tekjur eða sparnað sem er umfram það sem kostað var til.

Nú vandast málið, því fáir vita hvað kWst. kostar eða hvað hægt er að fá fyrir hana. Það er stór munur á seldri raforku og sparaðri raforku. Raforka á Íslandi er ódýr og umhverfisvæn, það þýðir tvennt: A) Ef þú setur t.d. upp vindmyllu þá færðu afar lítið fyrir hverja kWst sem þú selur inn á netið. B) Ólíkt mörgum löndum sem eru að reyna að minnka kolefni í raforkukerfi sínu eru engir styrkir eða niðurgreiðslur fyrir græna orku hér á landi, enda



ekkert kolefni í raforkukerfinu sem þarf að minnka. Það getur því verið afar snúið að fá smáorkuframleiðslu til að ganga upp fjárhagslega með því að selja framleiðsluna inn á netið.

Annað gildir um sparaða kWst. þar sem verðmætin eru margföld. Ef

þú framleiðir eða sparar kWst. sem minnkar þína eigin raforkunotkun sparast framleiðslu-, flutnings- og dreifingarkostnaður, orku- og virðis-aukaskattur hverrar kWst. Þá flækist málið því eins og áður hefur komið fram í orkupistlum er samsetning raforkuverðs býsna flókið.

Orkusetur fer fyrir evrópska verkefninu Promise, sem á að stuðla að orkusparnaði og vitund um orkunýtni á heimilum þátttö-kulanda, en verkefnið er styrkt af Intelligent Energy Europe (IEE) sjóði Evrópusambandsins. Eitt af tölunum sem Orkusetur smíðaði undir merkjum verkefnisins er fýsi-leikavél.

Fýsileikavélin er opið reiknitól þar sem notandi getur metið fýsi-leika orkuframkvæmda sem spara kWst. og fundið hvaða forsendur ráða mestu um hagkvæmnina. Reiknivélin sparar notendum að þræða sig í gegnum raforkureikn-inga og það eina sem notandinn þarf að gera er að velja raforkusölu- og dreifingaraðila. Notandinn getur

svo sett inn áætlaðan orkusparnað/ framleiðslu og líftíma búnaðar. Kostnaðarreiturinn er opinn og inn í hann má setja allan stofn-, fram-kvæmda- og fjármagnskostnað. Reiknivélin birtir svo niðurstöður um sparnað á ári og súlurit sem sýnir endurgreiðslutímann og upp-safnaðan sparnað með skýrum hætti. Reiknivélin gefur auðvitað ekkert algilt lokasvar og taka skal niður-stöðunni með fyrirvara enda mið-ast útreikningur aðeins við gefnar forsendur. Lykilhlutverk tólsins er einmitt sá möguleiki að breyta forsendum hratt og með einföldum hætti og meta áhrifin á fýsileikann.

Hér er á ferðinni neytendavænt hjálpartæki sem getur yfirfært orkusparnaðar- eða orkuframleiðslu-fullyrðingar söluaðila á myndrænt og auðskiljanlegt form og gefið sterkar vísbendingar um hvort eitt-hvað vit er í að kanna lausnina frekar. Reiknivélina má finna á eftirfarandi slóð: <http://orkusetur.is/page/fysileikiframkvæmda> **Sigurður Ingi Friðleifsson**

Árshátíð sauðfjárbænda 2013

Árshátíð Landssamtaka sauðfjárbænda verður haldin föstudaginn 5. apríl næstkomandi í Súlnasal Hótel Sögu. Hátíðin hefst með fordrykk í boði VÍS kl. 19 en borðhald kl. 20.

Veislustjóri er Gísli Einarsson. Hundur í óskilum skemmtir og hljómsveitin í 7unda himni leikur fyrir dansi.

Matseðill: Rjómalöguð humarsúpa með steinseljurót, gulrótum og kampavínshlaupi
Lambahryggsvöðvi með rauðrófu kartöflu, sveppum, perlulauk og rauðvínssósu
Súkkulaði Tvenna með jarðaberjum, ananas og vanilluís

Miðaverð er kr. 6.500 (Athugið lækkað miðaverð frá fyrri auglýsingu).

Tekið er við miðapöntunum á skiptiborði Bændasamtak-anna í síma 5630300. Hægt er að panta borð fyrir hópa (að lágmarki 8 manns).

Peir sem ætla að gista á Hótel Sögu verða að panta það sérstaklega hjá hótelineu í síma 525 9900. Af gefnu tilefni er tekið fram að pöntun á gistingu felur ekki í sér pöntun á miða og öfugt.

Gljúfraborg Breiðdalshreppi

Jörðin Gljúfraborg er örstutt innan við Breiðdalsvík. Á jörðinni er m.a. 170 fermetra íbúðarhús á einni hæð sem auðveldlega má breyta í tvær íbúðir auk eldri úthúsa. Jörðin tilheyrir hlutdeild í Breiðdalsá. Hér er um að ræða töluvert landmikla jörð í fögru umhverfi. Jörðin er á bústofns véla og án framleiðsluréttar. Hagstætt verð. Sjá nánar fasteignamidstodin.is

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIDSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi • Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

BÁRUPLAST

SINDRASON

ÁLHELLU 3 • SÍMI 575 3100 • SINDRASON.IS

CLAAS Arion 400 • 100-130 hestöfl

CLAAS

- ✓ Vökvaskiptur 16/16 girar
- ✓ 98 lítra vökvadæla
- ✓ Hægt að sameina vökva-flæði fram í moksstursæki
- ✓ 10 hestafla aflakning í CIS útfærslu
- ✓ Rúmgott ökumannshús með frábæru útsýni
- ✓ Fjölstillanlegt sæti með loft-fjórðun
- ✓ Farþegasæti með öryggis-belti
- ✓ Topplúga úr gleri
- ✓ Öll stjórnþæki innan seilingar ökumanns
- ✓ CLAAS Arion 400 CIS-EHV
- ✓ Stjórnstöng í sætisarmi fyrir ámoksturæki og vökva-sneiðar
- ✓ Rauður takki á mynd stýrir girskiptingu +/-
- ✓ 4 vökvasneiðar, 2 rafstýrðar 2 handvirkar
- ✓ Auðvelt og þægilegt í notkun

VÉLFANG VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Öseyri 2 • 600 Akureyri

Ályktanir Búnaðarþings 2013

Búnaðarþing var haldið í Bændahöllinni í Reykjavík dagana 3. til 6. mars sl. Í síðasta Bændablaði voru birtar ályktanir sem voru tilbúnar þegar blaðið fór í prentun. Hér eru birtar þær ályktanir þingsins sem út af stóðu. Á vef Bændasamtakanna, bondi.is, er að finna ítarlegri upplýsingar um Búnaðarþing, m.a. fundargerðir, málaskrá, dagskrá og vefupptökur af setningarathöfn.

Nokkur mál komu ekki úr nefnd. Þau fjölluðu um stefnumótun í landbúnaði, lungnakregðu í sauðfé, fasteignagjöld og fasteignamat bújarða og kynningu á íslenskum matvælum gagnvart ferðamönnum. Málum um almannavarnir og aðgengi bænda að útsendingum Ríkisútlagsins ohf. var vísað til stjórnar Bændasamtakanna.

» Viðhald og þjónusta vega í dreifbýli

Markmið

Að viðhald og þjónusta á vegum í dreifbýli verði samræmd þannig að íbúar hvort sem þeir búa við vegtengingu sem heitir tengivegur eða héraðsvegur samkvæmt skilgreiningu Vegagerðarinnar njóti sömu þjónustu. Misræmi í snjómokstri á héraðsvegum og tengivegum getur leitt til þess að íbúar við héraðsvegi komist ekki leiðar sinnar.

Leiðir

Stórefla viðhald vega í dreifbýli.

Snjómokstur á vegum í dreifbýli verði endurskoðaður með tilliti til samstarfs og samræmingar þjónustu sveitarfélaga og Vegagerðarinnar.

Framgangur

Stjórn Bændasamtaka Íslands fylgi málinu eftir.

» Fjarskipti - öryggi

Markmið

Fjarskiptum verði komið í það horf að það ófremdar ástand sem skapaðist í óveðri á norðurhluta landsins í september síðastliðinn og á Vestfjörðum í lok desember endurtaki sig ekki. Hafa ber í huga að kerfi það sem byggt hefur verið upp sem boðunar- og samskiptakerfi björgunarsveita og lögreglu í neyð verður algerlega óvirkt á nokkrum klukkutímum í rafmagnsleysi, á það bæði við um gsm og tetrakerfin. Þetta veldur því að fólk í neyð getur ekki látið vita að það sé hjálpar þurfi.

Leiðir

Lokið verði að leggja rafmagn í jörð á þekktum ísingarsvæðum og tryggt verði varaafli á alla senda þannig að þeir þoli allt að viku uppitíma. Farsímakerfið verði skilgreint sem almannavarnarkerfi á hluta landsins.

Framgangur

Almannavörnum ríkisins sent málið og Bændasamtök Íslands fylgi því eftir.

» Ráðgjöf varðandi orkunýtingu og orkuöflun í landbúnaði

Markmið

Tryggja öfluga og heildstæða ráðgjöf varðandi orkunýtingu og orkuöflun í landbúnaði. Ráðgjöfin feli það í sér að stuðla að betri nýtingu orku og lækkun kostnaðar við landbúnaðarframleiðslu á Íslandi. Ráðgjöfin snúist bæði um nýtingu orku í hinum hefðbundna daglega rekstri og einnig orkuöflun til húshitunar eða almennra rekstrarlegra nota á búum.

Leiðir

Bí beini því til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins að standa að öflugri og heildstæðri ráðgjöf á sviði orkumála í landbúnaði. Bí beini því til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins að skoða hvernig slíkum verkefnum er fyrir komið erlendis og nýti sér þær upplýsingar sem fyrir liggja.

Framgangur

Bí taki upp viðræður við Orkusetun landbúnaðarins og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um málið.

» Ályktun um landbúnaðarháskóla á Íslandi

Markmið

Tryggja þarf sjálfstæði og rekstrargrundvöll Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum. Mikilvægt er fyrir íslenskan landbúnað og þróun hans að í landinu séu öflugir skólar sem sinna endurmenntun bænda, starfsmenntanami, háskólanámi og hafi rannsóknarskyldu í landbúnaði á Íslandi. Með nýrri Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er m.a. horft til Lbhl varðandi endurmenntun ráðunauta og annarra starfsmanna í leiðbeiningaþjónustu. Öflugir landbúnaðarháskólar eru mikilvægur hlekkur í framþróun og framtíð íslensks landbúnaðar.

Leiðir

Standa þarf vörð um sjálfstæði landbúnaðarháskólanna og ástæða er til að óttast að ef yfirstjórn þeirra færast til Reykjavíkur, fjari fljótlega undan skólum staðsettum á landsbyggðinni.

Tryggja þarf að landbúnaðarháskólarnir fái það fjármagn sem þeim ber og að tekið verði tillit til þess að um frekar lítila skóla á landsbyggðinni sé að ræða, því passi hugsanlega ekki mælieiningar miðaðar við stærstu háskóla landsins.

Framgangur

Ályktun send mennta- og menningarmála- og fjármálaráðuneyti. Stjórn Bí falið að fylgja málinu eftir.

» Kúasæðingar

Markmið

Búnaðarþing 2013 fagnar fram kominni „Skýrslu starfshóps um kosti og galla þess að sameina starfsemi kúasæðinga á landinu öllu“. Vilji Búnaðarþings stendur til þess að áfram verði tryggt jafnt aðgengi að erfðaeftni og að þeir fjármunir sem lagðir eru til starfseminnar verði sem best nýttir.

Leiðir

Búnaðarþing telur að í skýrslunni komi fram tillögur sem nýta meg með niðurstöðum úr viðhorfsskönnun LK sem kynntar verða á aðalfundi samtakanna og afstöðu kúabænda sem væntanlega mun koma fram á aðalfundi LK nú í mars.

Framgangur

Stjórn Bí í samvinnu við búnaðarsamböndin og Landssamband kúabænda vinni að framgangi málsins.

» Íslenski landbúnaðarklasinn

Markmið

Búnaðarþing 2013 samþykkir að koma á formlegu samstarfi þeirra aðila sem aðkomu eiga að framleiðslu íslenskra

landbúnaðarafurða. Þingið telur að slíkt samstarf feli í sér margvísleg tækifæri til að efla og styrkja þá fjölbreyttu starfsemi sem tengist landbúnaði.

Leiðir

Bí fyrir hönd búgreinafélaga og búnaðarsambanda kalli eftir samstarfi við afurðastöðvar, úrvinnslufyrirtæki, þjónustufyrirtæki og aðra aðila er tengjast búvöruframleiðslu.

Bí hafi forgöngu um uppbyggingu starfsskipulags og kynni sér hvernig slíku klasasamstarfi er háttað í öðrum atvinnugreinum. Í framhaldi af því verði komið á formlegum samstarfsvettvangi.

Framgangur

Stjórn Bí er falið að hefja viðræður við alla aðila er tengjast málinu og fylgja málinu eftir.

Greinargerð

Snemma á seinasta ári stóðu Bí og SAM að samráðsfundi um stöðu landbúnaðarins með fulltrúum bænda, afurðastöðva og markaðsfólki úrvinnslufyrirtækja. Tilgangurinn var að styrkja betur ímynd og ásjónu íslensks landbúnaðar og landbúnaðarafurða. Þar kom fram sú hugmynd að tengja alla aðila saman sem hafa aðkomu að íslenski búvöruframleiðslu undir merkjunum, Íslenski landbúnaðarklasinn, sem samsettur væri af bændum og þeim fyrirtækjum öllum sem með einhverjum hætti byggja tilveru sína á starfi bóndans.

Tólf þúsund störf eru með beinum hætti tengd landbúnaði, en ef dýpra er skoðað má áætla að störfín séu mun fleiri. Leiða má líkur að því að hlutur okkar í íslensku atvinnulífi sé miklu nær því að vera um fimmtán þúsund störf og 130 milljarða velta á ári. Á haustdögum var einnig haldin ráðstefnan Matvælandið Ísland sem rammaði enn betur inn mikilvægi matvælaframleiðslu hér innanlands vegna aukinnar eftirspurnar matvæla í heiminum. Samstarf allra tengdra aðila undir merkjum Íslenska Landbúnaðarklasans er líklegt til að að styrkja betur ímynd og ásjónu landbúnaðar og efla vitund almennings um mikilvægi búvöruframleiðslu sem atvinnugreinar.

» Endurskoðun félagskerfis bænda

Búnaðarþing 2013 samþykkir að fela stjórn Bí að vinna áfram að heildarendurskoðun á félagskerfi bænda.

Leiðir

Lagt er til að stjórn Bí standi að verkefninu með eftirfarandi meginmarkmið að leiðarljósi;

- a) að einfalda félagskerfið
- b) að gera það ódýrara í rekstri
- c) að félagskerfið verði skilvirkara í hagsmunagæslu fyrir bændur
- d) að félagskerfið tryggi þátttöku og virkni bænda í því og að það höfði til hagsmuna þeirra.



Framgangur

Við framkvæmd verkefnisins verði lögð sérstök áhersla á að verkefnið verði unnið í náinni samvinnu við aðildarfélög Bí.

» Breytingar á samþykktum Bændasamtaka Íslands

Búnaðarþing 2013 samþykkir að gera eftirtaldir breytingar á samþykktum Bændasamtaka Íslands:

1. Við 2. gr.

a. Orðin „Landssamtök vistforeldra í sveitum“ í 3. mgr. falli brott.

2. Við 6. gr.

a. Staflíður B. orðist svo:

B.

Einkahlutafélag sem er alfarið í eigu Bændasamtaka Íslands annast leiðbeiningaþjónustu og faglega fræðslu í þágu landbúnaðarins með því m.a. að:

1. Vinna að framförum í landbúnaði með því að ráða ráðunauta er hafi á hendi leiðbeiningar á hlutaðeigandi sviðum í samræmi við ákvæði búnaðarlaga og búnaðarlagasamnings.
2. Hafa með höndum framkvæmd mála er Alþingi eða ríkisstjórn felur þeim í samræmi við búnaðarlög og búnaðarlagasamning.
3. Vinna að kynbótastarfsemi, annast eða hafa umsjón með afkvæmaprófun kynbótagripa og er m.a. heimilt að eiga og reka búfjárræktarstöðvar.
4. Hlutast til um að gerðar séu hagnýtar rannsóknir og tilraunir á öllum sviðum landbúnaðarins. Stjórn Bændasamtaka Íslands er heimilt að leita til búnaðarþings um tilnefningu fjögurra manna í stjórn einkahlutafélagsins og fjögurra til vara. Formaður stjórnar einkahlutafélagsins skal vera sá sem er framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands hverju sinni. Sala á

hlutum í einkahlutafélaginu er óheimil nema með samþykki aukins meiri hluta fulltrúa á búnaðarþingi.

3. Við 10. gr.

- a. Í stað tölunnar „28“ í 1. mgr. kemur talan „29“ og í stað tölunnar „20“ í 1. mgr. kemur talan „19“.
- b. Orðin „Landssamtök vistforeldra í sveitum 1“ í 2. mgr. falli brott.

4. Við 21. gr.

- a. Orðin „leiðbeiningaþjónustu og annarrar“ í 1. málsl. falli brott.
 - b. Orðin „leiðbeiningaþjónustan og önnur“ í 2. málsl. falli brott.
5. Á eftir 24. gr. komi ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: "Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. staflíðar B. 6. gr. samþykktu þessara skal búnaðarþing 2013 tilnefna fjóra menn í stjórn einkahlutafélagsins og fjóra til vara til eins árs."

» Ímynd landbúnaðarins - aukin gæði framleiðslu

Markmið

Búnaðarþing 2013 leggur áherslu á að umhverfi matvælaframleiðslu, ásýnd og orðspor verði á hverjum tíma íslenskum landbúnaði til sóma.

Leiðir

Þingið hvetur bændur til árvekni í málinu. Jafnframt hvetur þingið samtök bænda, afurðastöðvar og Ráðgjafarþjónustu landbúnaðarins (RML) til að vinna saman að heildstæðum leiðbeiningum til bænda um góða framleiðsluhætti.

» Girðingar með þjóðvegum og merkingar

Markmið

Búnaðarþing 2013 bendir á að víða er misbrestur á að viðhaldi girðinga með vegum sé sinnt og nauðsynlega þarf að bæta úr því. Búnaðarþing 2013 bendir jafnframt á að bæta meg merkingar á vegsvæðum þar sem búast má við búfánaði.

Leiðir

Að landeigendur, sveitarfélög og Vegagerðin efla samstarf um veggirðingar.

Þar sem landeigendur hafa enga hagsmuni eða áhuga til að annast viðhald á girðingum taki Vegagerðin eða sveitarfélög verkið að sér.

Að Vegagerðin komi upp aðvör- unarmerkjum þar sem þess er þörf og vegsvæði liggur um beitolönd.

Framgangur

Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir og sendi til Vegagerðar ríkisins og Samtaka sveitarfélaga.

» Starfsumhverfi bænda – öryggismál og heilsuvernd

Markmið

Búnaðarþing 2013 leggur áherslu á að unnið verði að öryggis og heilsuverndarmálum bænda með það



að markmiði að fækka slysum við landbúnað.

Leiðir

Að leitað verði samstarfs m.a. við Vinnueftirlitið og tryggingafélög um átak til að fækka vinnuslysum og bæta vinnuvelferð í landbúnaði.

Framgangur

Stjórn Bændasamtakanna falið að fylgja málinu eftir.

» Refaveiðar

Markmið

Búnaðarþing 2013 lýsir áhyggjum af stjórnlausri fjölgun refa sem raskar stórlega jafnvægi í náttúrunni. Mikilvægt er að refaveiðum sé vel sinnt um allt land og engin svæði séu þar undanskilin.

Leiðir

Sveitarfélög í landinu samræmi skotlaun vegna felldra refa enda sé það skilvirk leið til að efla veiðar á ref.

Ríkið komi í auknum mæli að fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við refaveiðar.

Framgangur

Ályktunin send Samtökum sveitarfélaga og stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir.

» Ráðgjöf við ábúenda-skipti

Búnaðarþing 2013 beinir því til Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins að efla ráðgjöf við ábúendaskipti á bújörðum.

Markmið

Aðgengileg verði öflug ráðgjöf við ábúendaskipti, þar sem bent er á mismunandi lausnir.

Leiðir

Draga saman þekkingu ráðunauta og eftir atvikum lögfræðinga er varðar mismunandi fyrirkomulag við

ábúendaskipti. Skilgreina þarf kosti og galla mismunandi rekstrarforma, leigusamninga og annarra samninga.

Greinargerð

Við ábúendaskipti á bújörðum þarf að formfesta ýmsa þætti, hvort sem um er að ræða kaup og sölu, leigu, lán eða blandaða leið. Það er mikilvægt að vandað sé til þessa ferlis. Þegar ábúendaskipti eiga sér stað getur öflug ráðgjöf án efa skilið á milli þess hvort ferlið gengur upp eða ekki.

» Dreifing orku

Markmið

Búnaðarþing 2013 skorar á stjórnvöld að dreifikerfi raforku verði bætt með tilliti til gæða rafmagns og afhendingaröryggis. Þá er brýn nauðsyn að efla varaafli sem þarf að vera tiltækt þegar á þarf að halda, svo sem í óveðrum og öðrum náttúruhamförum. Einnig verði lögð áhersla á hraðari uppbyggingu þriggja fasa rafmagns.

Leiðir

Leggja þarf áherslu á eðlilega endurnýjun flutnings- og dreifikerfis svo það standist kröfur neytenda. Liggja þarf ljóst fyrir hverjir bera ábyrgð á áreiðanleika varaafls. Hraða þarf uppbyggingu þriggja fasa rafmagns í stað einfasa dreifikerfi, en bjóða upp á aðrar lausnir í þeim tilvikum þar sem fyrrsjáanlegt er að það verði ekki endurnýjað á næstu árum.

Framgangur

Ályktuninni verði send alþingismönnum og fylgt eftir af stjórn BÍ.

» Jöfnun orkuverðs

Búnaðarþing 2013 ítrekar fyrri ályktanir um jöfnun orkuverðs.

Markmið

Að kostnaður við flutning og dreifingu á raforku verði jafnaður að fullu fyrir alla notendur almenningsveitna.

Leiðir

Flutnings- og dreifikerfi landsins verði sameinuð í eina heild með eina gjaldskrá.

Framgangur

Ályktuninni verði send alþingsmönnum og fylgt eftir af stjórn BÍ.

» Kostir og gallar erfða-breyttra matvæla

Markmið

Búnaðarþing 2013 felur stjórn Bændasamtaka Íslands að móta stefnu samtakanna varðandi erfðabreytt matvæli og ræktun erfðabreyttra lífvera.

Leiðir

Bændasamtökin, sem heildarsamtök bænda, leiði upplýsta umræðu um erfðabreytt matvæli og notkun erfðabreyttra fódurhræfna hér á landi. Með hliðsjón af hagkvæmni framleiðslu og sérstöðu íslenskra búvara verði unnin rökstudd samantekt sem falið getur í sér mismunandi afstöðu eftir eðli og tilgangi ræktunar. Lögð verði áhersla á kynningu til neytenda á öllum stígum málsins m.a. með merkingu matvæla og rekjanleika.

Framgangur

Stjórn BÍ er falið að undirbúa málið fyrir búnaðarþing 2014.

» Frumvarp til laga um náttúruvernd

Búnaðarþing 2013 ítrekar fyrri umsagnir Bændasamtaka Íslands um málið.

» Jarðalög

Búnaðarþing 2013 vísar frumvarpi til laga um breytingar á jarðalögum nr. 81/2004 til hefðbundinnar meðferðar hjá stjórn Bændasamtaka Íslands.

» Ráðstöfun búnaðar-gjalds

Við framkvæmd ályktunar búnaðarþings nr. 7/2012 um endurskipulagningu leiðbeiningarþjónustu sem staðfest var á auka búnaðarþingi þann 29. október 2012 sem aftur endurspeglast í breytingu á búnaðarlögum, sbr. lög nr. 129/2012 og nýjum búnaðarlagasamningi, dags. 28. september 2012 var nauðsynlegt að endurskoða tiltekin atriði varðandi ráðstöfun búnaðargjalds. Þann 19. febrúar 2013 sendu Bændasamtök Íslands öllum búnaðarsamböndum bréf þar sem gerð var grein fyrir

tillögu samtakanna að breyttri ráðstöfun og meðferð búnaðargjalds vegna endurskipulagningar leiðbeiningarþjónustu í landbúnaði. Í bréfinu kom fram að stuðst verður við breytt fyrirkomulag við ráðstöfun búnaðargjalds strax á árinu 2013. Fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands fyrir árið 2013 byggir á þeirri skiptingu sem gerð er grein fyrir í fyrrnefndu bréfi.

Búnaðarþing 2013 beinir þeim eindregnu tilmælum til aðalfunda hlutaðeigandi aðildarfélaga að tekið verði tillit til breytts fyrirkomulags við ráðstöfun búnaðargjalds við gerð fjárhagsáætlana félaganna.

Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar

Við sérsmiðum og eigum líka hitaveitukassa á lager. Einnig smiðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl. Fáanlegir í mörgum litum.



Gasskápar

Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smiðaðir úr áli. Láttu ekki stela af þér kútunum!







Blikksmiðjan Vik ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

Pontus lambamjólk



Góð næring fyrir ungviði er grunnurinn að heilbrigði og vexti. Pontus lambamjólkin frá Bústólpa hefur fengið frábærar viðtökur. Hér er um þrautreynda úrvalsvöru að ræða sem ætluð er til fóðrunar á lömbum í tilvikum þar sem ær ná ekki að mjólka lömbunum nóg. **Lambamjólk inniheldur öll þau næringarefni sem lömbum eru nauðsynleg og stuðlar þannig að heilbrigði og örum vexti.**

Fæst í 5kg og 25kg pokum.

Söluaðilar:



BÚREKSTRARDEILD
SÍMI 430 5500 • FAX 430 5501



FÓÐURBLANDAN
- gæði í hverri gífi
Egilsstöðum • Sími 570 9860
Hvolsvelli • Sími 570 9850
Selfossi • Sími 570 9840



Kaupfélag Vestur Húnavetninga
455 2320 • Fax 451 2874



Verslunin Eyri
Sími 455 4610 • Fax 455 4611



Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Sími 455 3106 • Fax 455 3109



Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi - Fóður og áburður - Oddeyartanga - 600 Akureyri - Sími 460 3350 - Fax 460 3351 - www.bustolpi.is

Nýkomin felliborð



Fáanleg í mörgum stærðum og viðartegndum

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN
Reykjavíkurvegi 66 - 220 Hafnarfjörður
Sími: 565 4100 - www.nyform.is

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar 2013

verður haldinn í Hlíðarbæ miðvikudaginn 10. apríl.

Auk venjubundinna aðalfundarstarfa mæta á fundinn Karvel Karvelsson framkvæmdastjóri Ráðgjafarþjónustu landbúnaðarins (RML) og Sindri Sigurgeirsson formaður Bændasamtaka Íslands.

Á fundinum verður rætt um framtíð Búnaðarsambandsins vegna þeirra breytinga sem orðið hafa með yfirfærslu ráðunauta til RML.

Óskað er eftir tilnefningum til Hvatningarverðlauna BSE, sem veitt eru árlega fyrir sérstakt framtak í landbúnaði og/eða úrvinnslu landbúnaðarafurða.

Stjórn BSE

Landsýn, vísindapíng landbúnaðarins, haldið á Hvanneyri:

Bygg gæti orðið meginuppistaða í kjarnfóðri íslenskra kúa

Bygg gæti verið meginuppistaða í kjarnfóðri fyrir íslenskar kúr. Í fyrirlestri Grétars Hrafn Harðarsonar á Landsýn, vísindapíngi landbúnaðarins, um hlut byggs í fóðrun mjólkurkúa kom ótvírætt fram að bygg gæti verið meginuppistaða í sterkjufóðrun kúa. Þær niðurstöður eru afar mikilvægar fyrir kúabændur og raunar þjóðarbúið allt. Með því er sýnt fram á að aukin bygg-ræktun gefur möguleika á aukinni sjálfbærni í fóðuröflun og að hægt sé að draga úr innflutningi á kornvöru.

Kostnaður mismunandi milli landssvæða

Varpað var fram spurningum um hversu mikill kostnaður lægi í bygg-ræktun hérlendis. Við hagstæð skilyrði ætti að vera hægt að rækta bygg hér á landi með svipuðum kostnaði og gróffóður. Það er þó afar mismunandi milli svæða á landinu en engu að síður er niðurstaðan sú að eðlilegt sé að auka bygg-rækt verulega til að nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru.

Rannsóknin sem niðurstöðurnar byggja á fór fram á Stóra-Ármóti veturinn 2008-2009. Í henni voru áhrif mishás hlutfalls byggs í fóðri

mjólkurkúa metin í samhengi við át, afurðir og efnainnihald mjólkur. Bein áhrif af mismunandi háu hlutfalli byggs í fóðri kúnna í þessari tilraun voru lítil hvað varðar magn og efnainnihald mjólkurinnar. Hins vegar voru nokkur áhrif á át kúnna, í þá veru að vaxandi hlutfall byggs leiðir til meira heildaráts. Líkleg skýring er að lystugleiki sé meiri, og e.t.v. er betra vambarumhverfi í þeim kúm sem mest fengu af byggi. Ekki var munur á afurðum nema hjá fyrsta kálfs kvígum þar sem kvígur sem fengu mest bygg mjólkðu best.

Bygg getur orðið meginuppistaðan í sterkjufóðrun

Tilraunin sýnir á ótvíræðan hátt að bygg getur verið meginuppistaðan í sterkjufóðrun mjólkurkúa, a.m.k. þegar heilfóður er gefið. Engar vísendingar komu fram sem bentu til þess að hátt hlutfall byggs í heildarfóðri hefði neikvæð áhrif á heilsufar eða afurðir.

Niðurstöður þessarar tilraunar eru mjög mikilvægar fyrir kúabændur og jafnframt þjóðarbúið því þær gefa okkur möguleika á aukinni sjálfbærni og minni innflutningi á kornvöru. /fr



Frá Vísindapíngi landbúnaðarins sem haldið var á Hvanneyri í fyrri viku.

Myndir / fr

Heimild til gjaldtöku

Með bréfi, dags. 21. febrúar 2013, staðfesti atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra nýja gjaldskrá Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ehf. Með bréfinu var hinu nýja félagi veitt heimild til að innheimta að hámarki kr. 5.000,- auk vsk. pr. klst. fyrir vinnu við sérfræðistörf sem falla undir búnaðarlög. Hin nýja gjaldskrá kemur í stað gjaldskrár Bændasamtaka Íslands sem og annarra gjaldskráa búnaðarsambandanna.

Stæðuverkun á vothegi komin til að vera

Verkun á lausu vothegi á Íslandi hefur aukist mjög á síðustu árum. Árið 2000 nam laust vothey 2,3 prósentum af því gróffóðri sem aflað var á Íslandi en það hlutfall jókst jafnt og þétt í 21,8 prósent árið 2010. Meðal ástæðna aukins áhuga bændna á verkun á lausu vothegi, einkum í útistæðum, er jafnara fóður, sem þeir telja síst lakara en stórbaggahay. Þá telja bændur fóðrið fyrnast og étast betur og að kostnaður sem fylgi verkunartækniinni sé minni.

Þetta kom fram í erindi Helga Eyleifs Þorvaldssonar, Verkun og gæði heyja í stæðum og flatgryfjum, sem hann flutti á Vísindapíngi landbúnaðarins. Erindið er byggt á BS-verkefni Helga við Landbúnaðar-



Liflegar umræður voru á Vísindapínginu.

háskóla Íslands (Lbhi) sem unnið var á árunum 2011-12. Tilgangur

verkefnisins var að kortleggja hlut, verkun og fóðurgildi votheys í stæðum og flatgryfjum á völdum kúabúum á Íslandi. Auk þess voru ástæður fyrir vaxandi áhuga bændna á að verka gróffóður í stæður kannaðar.

Hirðingar- og verkunarsýni voru fengin af tíu völdum kúabúum á landinu. Bændur búanna voru teknir í viðtal þar sem almennar upplýsingar um búin voru skráðar, auk reynslu og viðhorfs bændna til fóðurverkunarinnar. Að mati bændanna sem við var rætt eru helstu kostir stæðugerðar tímasparnaður við heyskap, jafnara fóður, minni kostnaður og betri nýting fóðurs. Af tíu bændum sem var talað við töldu níu að heyverkunin stæði undir væntingum. Gallana töldu þeir fáa, helsta þá að tími við gjafir væri heldur meiri en verið hefði.

Mikilvægt er að stæður séu hannaðar í samræmi við bústærð og aðstæður en almennt telur Helgi að lægri og mjórri stæður gefi betri raun, bæði varðandi þjökkun, verkun og gjafir. Fóðrið á búunum má telja gæðafóður en mikilvægt er að bændur kynni sér vel helstu atriði varðandi stæðugerð áður en þeir fara út í slíka verkun. /fr

BYLTING Í SÓTTHREINSUN



Sagewash sötthreinsikerfið

Hlutlaust efni sem drepur bakteríur sem valdið geta sýkingum, ásamt því að halda tækjum, gólfi og veggjum skínandi hreinum. Hafðu samband við ráðgjafa KEMI og fáðu nánari upplýsingar.



kemi

BÚÐIN

Opið: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00 - 17.30. Föstudaga: Frá 8.00 - 17.00.
Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 544 5466



Kjarni frá Þjóðólfshaga



Gæðingurinn á áburðarmarkaðinum

Hjá þeim sem vilja ná hámarksárangri í búskap er áburðurinn eitt þeirra atriða sem skipta máli. Góð dreifing og nýting næringarefna getur skipt sköpum varðandi fóðrun og heilsufar gripa. Allur Yara áburður er einkorna gæðaáburður þar sem öll næringarefni eru í hverju korni.

Dæmi um mikilvægt efni fyrir búfénað er snefilefnið selen og Yara býður m.a. selenbættan áburð fyrir tún og beitolönd.

Umhverfissvottuð framleiðsla: Yara ábyrgist minna en 4 kg CO₂ losun á hvert framleitt kg af N út í andrúmsloftið.

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúa Yara í heimahéraði eða hjá aðalskrifstofu í síma 575-6000 og á vefnum yara.is.



Notaðu minni áburð með Yara



Vatn – ein mesta auðlind Íslendinga

Dagur vatnsins er 22. mars og eru nú liðin 20 ár síðan Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað að vekja með slíkum hætti athygli á mikilvægi vatns og vatnsverndar. Skortur á vatni til neyslu og ræktunar er nú þegar vandamál í fjölmörgum löndum og er dagurinn að þessu sinni helgaður samstarfi vegna vatns.

Vatn er öryggismál

Ferskvatn er aðeins 2,5% af vatni Jarðar. Minna en 1% ferskvatnsins er nýtanlegt fyrir vistkerfin og þjóðir heims.

Vatn er sú undirstaða fæðuöflunar í heiminum sem mestum áhyggjum veldur. Um 70% af árlegi vatnsnotkun er vegna framleiðslu á fæðu og öðrum landbúnaðarvörum. Vegna ofnýtingar fer þeim ám og fljótum fjölgandi sem ekki ná að renna alla leið til sjávar og víða gengur hratt á þann mikla vatnsforða sem safnast hefur saman í jarðlögum í aldanna rás.

Um 40% jarðarbúa býr á svæðum þar sem ár og vötn spanna tvö eða fleiri lönd og slík sameiginleg vatna-



Stöðugt fleiri jarðarbúar eiga í erfiðleikum með að nálgast hreint drykkjarvatn.


svið ná yfir nærri helming af landi jarðar. Samningar milli landa um nýtingu vatns eiga sér um 4500 ára langa sögu, og hafa skapað grundvöll samstarfs sem haldist hefur jafnt í friði sem stríði. Vegna aukinnar

vatnsnotkunar fer samkeppni um vatn hins vegar vaxandi og aukinnar togstreitu gætir milli héraða og þjóða út af vatnsréttindum.

Fyrir ári síðan birtu leyniþjónustur Bandaríkjanna skýrslu um vatn sem öryggismál (Global Water Security – Intelligence Community Assessment). Sú skýrsla dregur upp mjög dökka mynd af áhrifum vansvandans á friðarhorfur víða um heim. Þar kemur fram innan 10 ára gæti skortur á vatni og léleg gæði vatns valdið vaxandi óstöðugleika í ýmsum löndum. Aukin hættu er einnig á togstreitu og stríði milli þjóða sem deila með sér vatnsauðlindum, svo sem þar sem ár renna milli landa. Alþjóðasamfélagið þarf að beina auknum kröftum að þróun lausna.

Vatn er vanmetin auðlind

Okkur Íslendingum þykir stundum nóg um rigninguna, og eigum því erfiðara með það en margar aðrar þjóðir að átta okkur á því að ferskvatn mun á næstu áratugum taka við af olíunni sem sú náttúrulega auðlind jarðar sem fólk mun hafa mestar áhyggjur af. Með örri tækniþróun verða ýmsir valkostir í boði til að leysa olíu af hólmi sem aðal orkugjafa heimsins. Mun erfiðara verður hins vegar að mæta ört vaxandi þörf margra þjóða fyrir neysluvatn.



Vatn er líklega vanmetnasta náttúruauðlind Íslendinga, fjársjóður framtíðarinnar. Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi, og því þarf að treysta enn frekar lög og reglur er varða eignarhald og verndun veigamikla vatnasvæða. Hagsmunirnir eru fjölbættir, meðal annars vegna möguleika á útflutningi á vatni. Enn meira máli skiptir þó að okkar mikla vatnsauðlind mun styrkja okkur mjög sem mikilvægt landbúnaðarland í framtíðinni. Í því sambandi þarf að huga að því að æ fleiri þjóðir og fjölþjóðleg fyrirtæki eru nú að leigja eða kaupa sér aðgang að landi og auðlindum, og þá ekki síst þar sem saman ferð vatn og landrými til ræktunar. Slík yfirtaka lands (land grabbing) gerir æ fleiri að leiguliðum í eigin landi.

Gróður og vatnsmiðlun

Heilbrigð vistkerfi eru ein af meginundirstöðum góðrar vatnsmiðlunar. Gróðurinn og moldin hægja á yfirborðsrennsli vatns eftir rigningar og leysingar, geymir vatn í sér, hreinsar það og miðlar síðan frá sér. Þar sem landheilsa er góð eru minni sveiflur í rennsli vatns, sem getur haft margvísleg hagræn áhrif, svo sem til að draga úr flóðahættu, auka stöðugleika í vatnsforða og auka tekjur af lax og silungsveiði.

Áhrif gróðurs og jarðvegs á vatnsmiðlun taka á sig fjölbreyttar myndir. Gróðurinn hægir á rennsli vatns eftir úrfelli og jafnar rennsli í lækki og ár. Magn vatns sem nær að síga niður fyrir yfirborð landsins fer mikið eftir gróðurhulu og jarðvegsgerð. Að vetrarlagi fer slíkt ísig vatns mikið eftir gerð og útbreiðslu gróðurs. Á ógrónu landi verður jarðklakinn þéttari og hleypir minna vatni í gegn. Því er yfirborðsrennsli meira á illa förnun landi.

Veigamikill þáttur í vatnsmiðlun, sem litla athygli hefur fengið, er áhrif gróðurs á snjóöfnun. Þetta á við m.a. á miðhálandinu þar sem hluti vetrarúrkommunnar fýkur burt í formi skafrennings, í stað þess að sitja um kyrrt, bráðna og sameinast síðan jarð- og grunnvatnsstraumum. Fyrrum, áður en gróðurhniðun og uppblástur hófst fyrir alvöru, náði lyng, smárunnar og kjarr að binda mun meiri hluta vetrarúrkommunnar.

Eitt af meginmarkmiðum landgræðslustarfsins er að endurheimta þjónustu vistkerfa, þar með talið að auka getu gróðurs og jarðvegs til að miðla og hreinsa vatn. Í því liggja miklir fjárhagslegir hagsmunir.

Andrés Arnalds
Fagmálastjóri
Landgræðslu ríkisins.

Rizzio Express

Heildarlausn fyrir Hótel, bændagistingar, Veitingasölur.



Nánast engin rýrnun, einföld afgreiðsla, lítill fyrirhöfn.

Viltu vita meira?

sími: 8627180 - Póstur: atli@rizzo.is

Landsýn – vísindaping landbúnaðarins:

Matarsmiðjur skila miklum árangri

Matarsmiðjur og ráðgjöf Matís eru árangursríkar leiðir til þess að lágmarka kostnað smáframleiðenda matvæla við að fá svörun frá markaðnum.

Mikilvægt er að styðja við fyrstu skref framleiðenda, enda byrja öll fyrirtæki sem smá fyrirtæki. Þetta kom fram í erindi Haraldr Hallgrímssonar, sviðstjóra Matís á sviði Nýsköpunar og neytenda, sem hann hélt á Landsýn – vísindapingi landbúnaðarins.

Matarsmiðjur Matís hafa verið starfræktar í nokkur ár og í dag eru starfandi matarsmiðjur á Höfn í Hornafirði, Flúðum og í Reykjavík. Markmið þeirra er að stuðla að aukinni verðmætasköpun og veltu á þeim svæðum þar sem þær starfa. Þar sem best hefur til tekið hefur náðst verulegur sjáanlegur árangur í að styðja frumkvöðla í því að komast inn á markað.

Matarsmiðjur Matís bjóða upp á aðstöðu til fjölbreyttrar matvælavinnslu sem fengið hefur leyfi yfirvalda til rekstrar. Aðstaða getur verið mismunandi en alls staðar er fjölbreytt úrval tækja og tóla sem nýtast við vöruhönnun. Starfsfólk Matís aðstoðar svo við umsókn um framleiðsluleyfi ef vöruhönnunin ber árangur. Sömuleiðis geta frumkvöðlar notið aðstoðar við að finna fjármögnun fyrir starfseminu.

Fjölmargar vörur í framleiðslu

Matís hefur haft starfsstöð á Höfn síðan 2006 og matarsmiðju síðan 2008. Starfsemi matarsmiðjunnar á

Höfn hefur verið mjög árangursrík og það er hægt að benda á fjölmargar vörur sem eru í framleiðslu á Suðausturlandi sem voru þróaðar í henni. Á Flúðum var matarsmiðja Matís opnuð í ársbyrjun 2011, en þar er áhersla lögð á grænmeti, korn og vöruþróun. Flestir frumkvöðlar prófa fleiri en eina vöruhugmynd til þess að ná árangri. Samstarf opinberra aðila, starfandi fyrirtækja, frumkvöðla og félagasamtaka er mikilvægt eigi að nást góður árangur í starfsemi matarsmiðja.

Stuðningur við smáframleiðslu matvæla fer annars vegar fram í matarsmiðjum og hins vegar með ráðgjöf, t.d. í gegnum síma og í vettvangsheimsóknunum. Töluvert er leitað til sérfræðinga Matís af ýmsum aðilum sem hyggja á smáframleiðslu matvæla en misvel gengur að fjármagna kostnað við ráðgjöf.

Matarsmiðjur lækka kostnað og draga úr áhættu fyrir þá smáframleiðendur sem hafa hug á að hefja starfsemi. Sérfræðingar Matís geta svarað tæknilegum fyrirspurnum, upphafskostnaður er mjög lágur og fastur kostnaður lítill, í það minnsta í upphafi. Það auðveldar smáframleiðendum að fá svörun frá markaðnum og sé hún jákvæð er líklegri en ekki að framleiðandinn sjái hag sínum borgið með áframhaldandi framleiðslu.

/fr

STEINBAUER

MORE POWER + TORQUE

up to **+20%**

Steinbauer er tölvubúnaður sem breytir olíumagni loftflæði og tíma. Eykur kraft um allt að 25% minkar eyðslu upp að 10% Fæst í flestar dieselvélar með rafeindastýrðri innspýtingu.

VÉLFANG

Vélfang ehf. • Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík
www.velfang.is • velfang@velfang.is

SÍMI 580 8200



Umsóknarfrestur um nám við Lbhí er til 4. júní

Frestur til að sækja um nám í öllum deildum og brautum Landbúnaðarháskóla Íslands er til og með 4. júní. Ekki er tekið inn í garðyrkjubrautir í starfsmenntanámi fyrir en haustið 2014.

Sótt er um á nám á rafrænu formi á heimasíðu skólans www.lbhi.is

Afgreiðslu umsókna á að vera lokið 24. júní og geta umsækjendur fylgst með afgreiðslu umsókna á heimasíðu skólans.

Skrína, nýtt vefrit um auðlinda-, landbúnaðar og umhverfisvísindi

Í undirbúningi er nýtt vefrit á sviði auðlinda-, landbúnaðar og umhverfisvísinda og hefur það fengið heitið **Skrína**. Ritið verður gefið út af Hólaskóla, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslu ríkisins, Matis, Matvælastofnun, Skógrækt ríkisins og Veiðimálastofnun.

Er því ætlað að bæta úr brýnni þörf fyrir rit á íslensku um þau fræðasvið er tengjast landbúnaði á einn eða annan hátt. Umfjöllunarefni **Skrínu** munu spanna vitt svið. Má þar til dæmis nefna búfjárrækt, bútaekni, erfðafræði, fiskeldi, garðyrkju, hestafræði, jarðyrkju, ferðaþjónusta, landgræðslu, landnýtingu, loftslagsbreytingar, matvælavinnsla, matvælaöryggi, náttúruvernd, nýtingu ferskvatnsauðlinda, skógrækt, veiðar, vistfræði, umhverfisskipulag og annað er tengist auðlindum landsins og nýtingu þeirra.

Sjá nánar: www.skrina.is

Hlustaðu á viðtöl við nemendur á YouTube!

Fyrir skömmu voru fyrstu viðtölin við fyrrverandi og núverandi nemendur Lbhí sett á YouTube. Hluti af viðtölunum var tekinn í



Kaupmannna höfn. "Þetta er góð leið til að segja tilvonandi nemendum frá náminu við Lbhí," sagði Áskell Þórisson, sem stýrir útgáfu- og kynningarmálum við skólann. Á heimasíðu skólans eru flyttnappar yfir á YouTube.



Tilnefndur til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands 2013 voru veitt við hátíðlega athöfn á Bessastöðum fyrir skömmu. Eitt þeirra verkefna sem var tilnefnt til verðlauna var Ströndin og skógurinn: Útivistarnotkun og sóknarferi, en verkefnið vann **Sindri Birgisson**, nemandi í skipulagsfræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Leiðbeinendur hans voru Helena Guttormsdóttir Landbúnaðarháskóla Íslands, Hrafnkell Proppé Landbúnaðarháskóla Íslands og Íris Reynisdóttir frá Akraneskaupstað.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru árlega veitt þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrt er af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Hér má sjá Sindra á Langasandi, sem er ströndin við heimabæ hans, Akranes. Mynd: Aldís Pálsdóttir.

Lbhi blaðið

Útgefandi: Landbúnaðarháskóli Íslands

Mars 2013
www.lbhi.is



Yfir 130 manns tóku þátt í LANDSÝN, vísindapingi landbúnaðarins, föstudaginn 8. mars og þótti þingið heppnast vel. Alls voru haldin 33 erindi í fjórum málstofum, auk þess sem kynnt voru 20 veggspjöld. Eftirfarandi veggspjöld hlutu viðurkenningar. **Endurheimt staðargróðurs í aflögðum slóðum** eftir Önnu Sigríði Valdimarsdóttir, Kristínu Svavarsdóttur og Ásu L. Aradóttur. Þetta spjald var valið besta veggspjaldið, m.t.t. upplýsingagildis og framsetningar. **Íslenska jarðarberið – svip- og arfgerðir** eftir Hrannar Smára Hilmarsson, Magnus Göransson og Jón Hallsteinn Hallsson. **Fræðsluefni fyrir fjárbændur** eftir Ragnhildi Sigurðardóttur var valið frumlegasta veggspjaldið. Þess má gela að þau Anna Sigríður og Hrannar Smári eru bæði nemendur við Lbhí. Hér má sjá Hrannar Smára við veggspjaldið.

Háskóli lífs og lands

Sérstaða Lbhí er auðvitað í fyrsta lagi viðfangsefnið sem er náttúra Íslands, nýting, viðhald og verndun hennar. Rétt er að benda á að nútíma skilgreining á landbúnaði er mjög við en þar er almennt átt við hvers konar nýtingu, ræktun, vörslu og verndun búfjár, ferskvatnsdýra og auðlinda landsins til atvinnu- og verðmætis- sköpunar. Okkar viðfangsefni til



kennslu og rannsókna er því landið og það sem á því lifir enda höfum við sagt að við séum "Háskóli lífs og lands".

Önnur sérstaða er auðvitað að hér er um lítinn háskóla að ræða þannig að andrúmsloftið kennslunnar og félagslífsins markast af því og verður persónulegri enda mikið um hópavinnu og sameiginlega úrlausn verkefna. Sömuleiðis skapar háskólaþorpið á

Hvanneyri sérstöðu þar sem flestir nemendur búa á staðnum og kynnast þannig meira og nánar en ella. Við þær aðstæður skapast gjarnan vináttubönd sem endast ævina út. Þá hefur Lbhí á að skipa fjölmörgum af hælum vísindamönnum sem leggja sitt af mörkum til að kenna nemendum Lbhí. Allt þetta skiptir máli þegar hugað er að námi á nýjum stað og ég hvet fólkið til að kynna sér námsframboð Lbhí.

Ágúst Sigurðsson, rektor
Landbúnaðarháskóla Íslands

Íslenska jarðarberið – svip – og arfgerðir

Tegundir jarðarberja eiga sér í flestum tilfellum lítill náttúruleg útbreiðslusvæði, en flestar tegundir finnast aðeins í einni heimsálfu eða á minni afmörkuðum svæðum. Þetta á þó ekki við um villijarðarberið (*Fragaria vesca*) sem á sér náttúrulegt útbreiðslusvæði um Norður-Ameríku, Evrópu og austur til Úral. Þrátt fyrir að dreifast víða finnst jarðarber hvorki á Grænlandi né í Færeyjum, en norska flóran statar af fimm tegundum jarðarberja auk tveggja blendinga. Á Íslandi finnst villijarðarberið víða, er það eitt hluti af flóru Íslands þó talið sé að *Fragaria collina* (sem nú heitir *Fragaria viridis*) hafi fundist hér á landi.

Þrátt fyrir að mikilvægi jarðarberjaræktar fyrir fæðuöryggi mannkyns sé takmarkað gerir mikil eftirspurn og hätt verð afurða jarðarberid að efnahagslega mikilvægi ræktarplöntu.

Erfðamengi *Fragaria vesca* sem nýlega var raðgreint er minnst af öllum þeim erfðamengjum ræktarplantna sem raðgreind hafa verið. Smæð erfðamengisins og sú staðreynd að villijarðarberið er formóðir *F. x ananassa* gerir það áhugavert til erfðarannsóka, ekki aðeins til að undirbyggja kynbætur og ræktun jarðarberja heldur sem líkan fyrir alla rósaettina.

Villijarðarberið hefur sýnt þol gegn fjölmörgum sjúkdómum sem valda miklum búsifjum í jarðarberjarækt og gæti því orðið uppspretta þekkingar og erfðafjölbreytileika sem nýta mætti í kynbótum. Markmið verkefnisins er að ná saman safni plantna af öllu landinu auk plantna erlendis frá, greina erfðafjölbreytileika og breytileika í svipgerð plantna og alla með því þekkingar á uppruna og erfðafjölbreytileika stofnsins.

Þetta kemur m.a. fram í ágripi erindis um íslenska jarðarberið, sem flutt var á Landsýn, vísindapingi landbúnaðarins.

Heimasíða Landbúnaðarháskóla Íslands
www.lbhi.is

Kátir krakkar í Leikskólanum Andabæ á Hvanneyri

Leikskólinn Andabær á Hvanneyri er tveggja deilda leikskóli og heita deildarnar Goðheimar og Huldheimar. Meðfylgjandi mynd var tekið á dögunum í Andabæ.

Á Hvanneyri er grunnskóli fyrir börn í 1.-5. bekk. Eldri nemendum er ekið í Grunnskóla Borgarfjarðar, Kleppjárnsreykjaskóla í Reykholtssdal, sem er í um 20 mínútna aksturssjarlægð frá Hvanneyri.



Háskólanámið og búfræðin á Hvanneyri en garðyrkjubrautir á Reykjum

Aðsetur háskólanámsins og náms í búfræði er á Hvanneyri í Borgarfirði. Borgarnes er í 14 km fjarlægð og frá Hvanneyri til Reykjavíkur eru um 80 km. Í nágrenni Hvanneyrar eru fallegar göngu- og reiðleidir og mikil náttúrufergur.

Aðsetur starfsmenntanáms í garðyrkjutengdum greinum er að Reykjum í útjaðri Hveragerðis.

Umsóknarfrestur um nám við Lbhl er til 4. júní.

Umsóknareyðublað eru á heimasíðu skólans www.lbhl.is

Meðfylgjandi mynd er hluti af líkani sem nemendur á umhverfis-skipulagsbraut Lbhl gerðu.

Fjölbreytt nám á búvísindabraut

Námið í búvísindum (BS) og hestafræði (BS) er nátengt fyrstu tvö árin og flest námskeið sam-eiginleg. Búvísindabrautin er fjölbreyttari og þar eru námskeið sem snerta nær allar hlíðar hagnýtrar líffræði og landbúnaðar. Nemendur byrja á grunngreinum sem undirbyggja það sem á eftir kemur þegar farið er nánar í ræktun plantna og búfjár, meðferð og fæðun ásamt rekstri búa o.s.frv.

Þessi menntun nýtist mjög víða og starfsmöguleikar eru fjölbreyttir. Búrekstur verður sífellt flóknari, ekki síst á stórum búum og margir sem hafa útskrifast með BS-próf í búvísindum eru við búskap og sumir stunda aðra vinnu með. Aðrir starfa m.a. við ráðgjöf í landbúnaði eða þjónustu sem tengist landbúnaði t.d. hjá fyrirtækjum sem selja rekstrarvörur. Sífellt fleiri stunda rannsóknatengt meistaranám í framhaldi af BS prófi þar sem menn tengja saman rannsóknaverkefni og námskeið sem tengjast viðfangsefni, oft við erlenda samstarfsháskóla," sagði Emma Eyþórsdóttir, dósent og brautastjóri.

Hestafræði

Nám í hestafræði er sérhæfðara með áherslu á námskeið sem varða búfé í fyrri hlutanum á Hvanneyri en lokaárið dvelja nemendur við Háskólann á Hólum og læra reidmennsku og fleira sem lýtur að meðferð hesta og hestamennsku. Fólk með BS-próf í hestafræði hefur menntun til að sjá um hrossabú bæði hvað varðar rekstur og meðferð hestanna. Einnig eru möguleikar á störfum við ráðgjöf fyrir hestaeigendur og fleira sem tengist hestamennsku.

Hvatt til náms erlendis þegar skógræði lýkur

"Skógræðinámið á Hvanneyri er þriggja ára þverfaglegt grunnnám á háskólastigi til BS-gráðu og nemendur geta bæði tekið það í staðnámi eða með fjarnámslausnum. Það er uppbyggt á samþæfingunni hátt og BS-skógræðinámið við aðra háskóla í nágrannalöndunum, en líkist sennilega mest „Skogsvetarprogrammet“ við sænska landbúnaðarháskólann (SLU). Þó eru í því séríslenskar áherslur, eins og áhersla á landgræðslufræði og hönnun og aðlögun skóga að landslagi," segir Bjarni D. Sigurðsson, prófessor



og brautastjóri.

Við Lbhl er ávallt hvatt til þess að nemendur fari utan í framhaldsnám eftir ním sitt hirlendis, eða a.m.k. að þeir fari til lengri námsdvalar erlendis ef þeir stunda framhaldsnám (rannsóknatengt MS-nám í skógræði) við Lbhl.

Í náminu er áhersla er lögð á skóginn, bæði sem endurnýjanlega hráefnisauðlind á Íslandi og sem vistkerfi sem veitir margvíslega vistþjónustu. Ræktunartækni skógræktar, sjálfbær nýting og umhirða skóglenda, aðlögun að landslagi, vönduð áætlanagerð og skipulag framkvæmda sem og nýsköpun eru áherslur linunnar.

Þörf á vel menntuðu fólki á sviði landgræðslu

„Eitt af þeim undirsviðum vistfræðinnar sem vex hvað hraðast um þessar mundir snýr að endurheimt vistkerfa," sagði Ása L. Aradóttir, prófessor um nám í landgræðslufræðum sem er í boði í Lbhl. „Jarðvegsrof og eyðing vistkerfa ógna líffræðilegri fjölbreytni og hafa veruleg áhrif á umhverfisgæði og atkomu fólks víða um heim. Eitt af brýnustu umhverfisverkefnum sam-tímans, bæði hér á landi og alþjóðlega, er að snúa þessari þróun við. Miklu skiptir á hvern hátt staðið er að landgræðslu- og skógræktarverkefnum þannig að þau skili sem bestum árangri. Nemendur sem hafa útskrifast í þessum fræðum frá Lbhl eru þegar virkir þátttakendur í faglegu starfi en veruleg þörf er á fleira vel menntuðu og hafa fagfólki á þessu sviði.

Í náminu er lögð áhersla á fræðilegan grunn og hagnýta þekkingu á sviði vistheimtar og sjálfberrar landnýtingar, sem miðar að verndun og endurheimt gróðurs- og jarðvegsauðlinda.

Þriggja ára BS-nám í náttúrufræðum

"Náttúra Íslands er sérstök fyrir fjölbreytileika sem liggur í jarðfræðinni, landslaginu og veðurfarinu og samspili þessara þátta við lífríkið. Og við þessu er að bæta sögunni; samspili manns og náttúru á Íslandi. Forsenda þess að skilja íslenska náttúru, vernda hana og nýta á sjálfbæran hátt, er þekking á þeim grundvallarþáttum sem hafa mótað hana," sagði Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor og brautastjóri Náttúru- og umhverfisfræðibrautar.

Frá 2005 hefur verið boðið uppá þriggja ára BS-nám í náttúrufræðum við Náttúru- og umhverfisfræðibraut Lbhl. Ásökn

í náttúruauðlindir og náttúrugæði er sífellt að aukast. Þörf er á að vakta þróunina, meta afleiðingarnar og finna leið til sjálfberrar þróunar. Það kallar grunnþekkingu fleiri þáttum náttúrunnar og samspili þeirra á milli. Námið við brautina er ætlað að veita þá grunnþekkingu. Boðið uppá mismunandi áherslur/val innan brautarinnar sem er ætlað að mæta mismunandi þörfum í samfélaginu, ss. almenn náttúrufræði sem veitir góða undirstöðu undir frekara nám í náttúrufræðigreinum og/eða kennslu; náttúrunýting sem veitir undirbúning fyrir skipulag og nýtingu náttúruauðlinda, og þjóðgarðar- og verndarsvæði sem er ætlað að koma til móts við aukid mikilvægi náttúruverndar á Íslandi. Einnig er boðið uppá nám í náttúru og sögu, í samvinnu við sagnfræðiskor HÍ. Með þeirri samvinnu er lagður grunnur að auknum skilningi á samspili manns og náttúru sem óvita er jafnskipt og á Íslandi.

Staðsetningin á Hvanneyri, með fuglatriðland, votlendissettur og Ramsarsvæði, eykur breidd, möguleika og gildi útínámsins. BS – gráðunni lýkur með rannsóknatengdu lokaverkefni sem nemendur vinna undir leiðsögn sérfræðinga innan stofnunarinnar og utan. Það veitir nemendum þjálfun í að vinna sjálfstætt og kynnast betur einstökum sérsviðum náttúrufræðinnar. Lokaverkefnið hafa, oftar en ekki, lagt grunninn að framhaldsnámi nemenda jafnframt því að opna dyr framtíðarstarfa."

Umhverfis skipulag er grunnur að landslagsarkitektúr

Um áramótin tók Helena Guttormsdóttir myndlistamaður og lektor, við starfi brautastjóra umhverfisskipulagsbrautar. Hún tekur við af Auði Sveinsdóttur landslagsarkitekt og dósent sem leitt hefur brautina farsællega frá árinu 2001. Blaðamaður spurði Helenu hvernig starfið leggjist í hana. „Mér list bara vel á, við Auður höfum nú unnið þetta og vel saman um árábil og hún leiðir mig með öruggum höndum inn í starfið fram á vor. Áðsókn hefur verið mikil, við erum búin að útskrifa 117 nemendur frá árinu 2004. Af þeim eru 35 búnir með MS í landslagsarkitektúr, sjö í skipulagsfræði, átta eru búnir með meistaranám í öðrum greinum og 24 eru nú í meistaranámi. Þetta er mjög góður árangur. Ég hef lagt mig eftir að fylgjast með útskrifuðum nemendum og þeir hafa



farið í störf um allt land bæði í einkageiranum og hjá opinberum stofnum. Þá hef ég tekið viðtöl við nemendur í framhaldsnámi sem eru ánægðir með þann grunn sem þeir koma með af brautinni enda höfum við markvisst lagt áherslu á að bæta námið og vinna að gæðamálum í kennslu. Sú rýnivinna vakti m.a. sérstaka athygli erlendra úttektafélöndar á gæðum háskóla sem var á Hvanneyri á dögunum. Brýn verkefni eru víða frá einkagörðum og almenningsským til ferðamannastaða og hálendis, en allt potast ef maður hefur seiglu og kjark. Gott dæmi er verkefnið Ströndin og skógurinn, sem var tilnefnt til forsetaverðlauna. Það eru forréttindi að fá að taka þátt í skapandi samstarfi með nemendum og vinna að verkefnum sem hafa nærandi samfélag og lýðheilsu að leiðarljósi.

Nýjasta námsbrautin er meistaranám í skipulagsfræði

"Skipulagsmál hafa verið mikil í umræðunni seinustu misseri og farið er að leggja meiri áherslu á þennan málaflokk og gera kröfur til þeirra sem sinna honum," segir Sigríður Kristjánsdóttir, lektor og skipulagsfræðingur sem stýrir meistaranámi í skipulagsfræði.

"Sem dæmi um málefni á þessu sviði sem mikil hafa verið rædd um undanföru má nefna gerð landskipulags, hvar á skipulagsvaldið að liggja? Hvernig eru ákvarðanir um landnotkun teknar og hvernig mótask útfærslur á því hvernig landið er nýtt? Og ekki má gleyma umræðunni um staðsetningu spítalans og hvort að flugvöllurinn á að fara eða vera.

Meistarnám í skipulagsfræði er nýjasta námsbrautin við Lbhl og meginmarkmiðið með henni er að útskrifa nemendur sem hafa til-einkað sér sérhæfingu skipulagsfræðingsins í að tvíanna saman alla þá öliku þætti sem tengjast skipulagsgerð, það er að segja hagræna, félagslega, umhverfislega, laga-lega og hagsmunatengda þætti.

Það er mjög mikilvægt að skipulagsfræðingar á Íslandi þekki vel þann efnivið sem þeir eru að vinna með og hafi aflað sér þekkingar á náttúrufræði, veðurfræði, samfélagi, hagkerfi, lagaumhverfi, tekni, menningu, fagurfræði, sögu landsins, byggðarþróun og innri gerð byggðar."

Skipulagsfræði við Lbhl er tveggja ára MS-nám með sjálfbæra þróun og sköpun lífvenlegs umhverfis að leiðarljósi. Námið er kennt á Keldnaholti í Reykjavík. Útskrifaðir nemendur hafa farið í vinnu hjá skipulagsstofnun, umhverfisstofnun og sveitarfélögum landsins eða eru að vinna við rannsóknir og farið í doktorsnám."



Ný stjórn Nemendafélags Lbhl

Formaður nýrrar stjórnar nemendafélagsins er Sigurlaug J. Ó. Þorsteinsdóttir, gjaldkeri Dagbjört Gardarsdóttir, ritari Sara Björk Þorsteinsdóttir, fulltrúi starfsmenntastígs í kennslunefnd Kristín Jónsdóttir, fulltrúi háskólastígs í kennslunefnd, Brynhildur Svava Ólafsdóttir, umsönarnaður heimasíðu, Sigríður Birna, skemmtanastjóri, Margrét Lilja Margeirsdóttir, Skemmtinefnd.

Aðalsteinn Orri Arason og Svanhvit Lilja Viðarsdóttir, Alþjóðafulltrúi. Ellert Arnar Marísson. "Sem nýr formaður ætla ég að gera mitt besta til að efla félagslífið, og auka samskipti milli allra deildanna og umfram allt passa vel upp á rétt og réttindi okkar nemenda," sagði Sigurlaug formaður.

Grænfáninn á Hvanneyri

Grænfáninn á Hvanneyri

Á Hvanneyri er ört stækkað háskólasamfélag, leik- og grunnskóli, sem báðir hafa státað af Grænfána um árábil og leggja áherslu á útínám og vinnu með nærumhverfi. Um árábil hefur þróast ákveðin samvinna sem hófst sem stuðningur áhugasamra foreldra og velunnara við metnaðarfullt grunnskólastarf. Vinna í gróðurhúsi, heimsóknir í fjós og búvélasafn, afnot af skjólbeltum, skoðun listaverka Landbúnaðarháskóla Íslands, allt eru þetta þættir sem eiga sér ákveðna hefð innan leik- og grunnskólans.

Komið í Garðyrkjuskólann á sumardaginn fyrsta!

Að venju verður opið hús í Garðyrkjuskólann – Starfsstöð Landbúnaðarháskóla Íslands – á sumardaginn fyrsta, 25. apríl. Opna húsið hefst kl. 10 og lýkur kl. 18. Garðyrkjuskólinn er á Reykjum – rétt hjá sundlauginni í Hveragerði. Heimsókn að Reykjum er fastur liður í hátíðarhöldum hjá mörgum á Sumardaginn fyrsta.

Auknar vinsældir starfsmenntanáms

Starfsmenntanam við Bændaskólann og Garðyrkjuskólann í Lbhl hefur átt auknum vinsældum að fagna undanfarin ár. Síðastliðið haust voru teknir inn alls 110 nýnema í starfsmenntanámið, 50 í búfræði og 60 í garðyrkju og þurftu að hafna töluverðum fjölda umsókna, sagði Guðriður Helgadóttir, forstöðumaður Starfs- og endurmenntunardeildar Lbhl. Árlega eru teknir nemendur inn í Bændaskólann (búfræðinám) en annað hvert ár í Garðyrkjuskólann - næst haustið 2014.



taka fyrstu tvö árin í MB og þurfa þá að ljúka bæði skyldueiningum til stúdentsprófs auk þeirra eininga sem teljast til forkráfrá fyrir búfræðinám. Að þessum tveimur árum liðnum fara nemendur á Hvanneyri og taka þar búfræðina. Þegar nemandinn útskrifast úr búfræði útskrifast hann annars vegar sem búfræðingur frá Lbhl og hins vegar sem stúdent af búfræðisviði frá MB. Er mjög spennandi að sjá hvernig samstarfið þróast og hvort þarna sé ef til vill komin fyrirmynd sem hægt væri að nýta víðar um land.

„Fram hefur komið í skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið meðal nýnema við komuna í skólann að það er fyrst og fremst orðspor skólans sem gerir það að verkum að fólk sækir þangað í nám, nemendur frétta af náminu hjá vinum og ættingjum sem sjálfir hafa kynnst starfsemi skólans með einum eða öðrum hætti og er það skólanum ómetanlegt að eiga slíka hauka í horni um land allt.“

Á síðasta ári gekk skólinn til samstarfs við Menntaskólann í Borgarnesi um tilraunaverkefni um stúdentspróf af búfræðisviði. Það virkar þannig að nemendur

Í garðyrkjunáminu er einna áhæggulegast um þessar mundir að stór hópur nemenda stundar nú nám í ylræktun en það var grein sem ekki var kennd um ljögurra ára skeið vegna litillar eftirsóknar. Er greinilegt að ungt og öflugt fólk hefur áhuga á að hasla sér völl innan ylræktarinnar enda möguleikarnir óþrjótandi þegar kemur að ræktun í gróðurhúsum við jarðhita.

Það má því svo samarlega segja að framtíðin sé björt hjá þeim nemendum sem leggja stund á starfsmenntanam við Lbhl, sagði Guðriður.

Skeifudagurinn á sumardaginn fyrsta

Sumardaginn fyrsta verður haldinn hátíðlegur Skeifudagur Grana á Mið-Fossum í Andakíl sem er hestamiðstöð Lbhl. Grani er hestamannafélag nemenda við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þennan dag sýna nem-

endur í hrossarækt við Lbhl afkrstur vetrarstarfsins í reiðmennsku og frumtamningum. Reiðkennari nemenda í vetur er Heimir Gunnarsson.



Myndir eru úr myndagjöf Lbhl og eru ekki af því sem veigja frá skólunum á þessum ári.

Ég fór fyrir rímu ári síðan í skiptinám með NOVA, sem er samstarfsverkefni milli náttúrufræði- og landbúnaðarháskóla á Norður-löndunum ... ég tók einn kúrs og var í starfsnámi um leið ... umsóknarkerfi NOVA er einfalt ... það er vel hugsað um mann og allt ferlið tekur stuttan tíma. Ég mæli með því að menn kynni sér heimasíðuna hjá NOVA og skoði skólana.

Kári er á þriðja ári í búvísindum

Ég er búsett á Hvanneyri og er á skólagörðunum og mér líkar það mjög vel ... Þetta er lítið samfélag og allir eru samheldnir og hjálpast að. Það er mjög notarlegt að vera hérna.

Hrönn er á öðru ári í umhverfisfræðum

Námið er mjög fjölbreytt. Maður kynnist verklegum hluta búfræðinnar og einnig eykur maður við fræðilega þekkingu sína ... fyrst og fremst finnst mér mjög jákvætt hvað mikið er lagt upp úr verklegu námi.

Bjarni er á öðru ári í búfræði



Framhaldsnámið í Landbúnaðarháskólanum er mjög einstaklingsmiðað sem mér finnst mjög góður kostur ... einn af stærstu kostum skólans er hvað hann er lítið samfélag.

Guðrún stundar MS-nám í náttúru- og umhverfisfræðum



Ég er að læra almenna náttúrufræði ... þar fáum við að kynnast mjög víðu sviði innan náttúruvísindanna. ... ég ákvað að koma hingað af því að mér fannst þetta spennandi ... Ég stefni á það að verða kennari og kenna náttúrufræði.

Svanhvít Lilja er á fyrsta ári í náttúru- og umhverfisfræði

Gagnagrunnurinn Nytjaland Markmiðið er að skrá upplýsingar um gæði landsins

- með nýtingu þess að leiðarljósi

Gagnagrunninn Nytjaland var komið á fót um nýliðin aldamót og frá upphafi hefur markmiðið verið að afla og skrá upplýsingar um gæði landsins - með nýtingu þess að leiðarljósi. Í Nytjalandi voru í fyrsta skipti notuð gögn frá gervihnöttum til að kortleggja gróður á landinu öllu. Nytjaland hefur nýst vel í mörgum verkefnum og má nefna að með því fékkst fyrsta heildstæða yfirlitið yfir votlendi landsins. Nytjalandið sýnir gróðurfar landsins í grófum dráttum, hvar gróskumikil gróðurlendi er að finna, hvar land er rýrt, eða illa gróið. Með Nytjaland að vopni og skipulegri söfnun jarðvegssýna er hægt að átta sig á kolefnisforda landsins og níturförða í úthaga. Þá hefur komið í ljós í að gögn Nytjalands nýtast vel til rannsóknar á landháttaabreytingum og t.d. við fuglarannsóknir á Suðurlandi.

Ólafur Arnalds prófessor við Lbhl var í fylkingarbrjosti þeirra sem ýttu Nytjalandi úr vör. Ólafur segir að verkefnið hafi í upphafi verið á fjárlögum, en þrátt fyrir loford um annað hafi tekið fyrir stuðning fjárveitingavaldsins áður en tókst að ljúka verkefni. „En okkur tókst samt að koma saman heildstæðu korti af landinu. Kortið byggir á einfaldri flokkun sem tekur mið af nýtingu landsins,“ segir Ólafur. „Hinu er ekki

að leyna að við vildum gjarnan klára verkefnið - og getum ef fjármagn fæst.“

Myndir í Nytjaland komu í upphafi frá bandarískum gervihnöttum en hnötturinn bílaði og næsti hnöttur komst aldrei á sporbaug. Af þessum sökum hafa starfsmenn Lbhl sótt sér myndir frá evrópskum gervihnöttum, en enn er nokkuð eftir svo Nytjaland geti talist alveg búið - auk þess sem vinnu við gagnagrunn af þessu tagi lýkur alrei.

„Gögn úr Nytjalandi hafa verið mikið notuð við margvíslegar

rannsóknir á gæðum landsins, enda heildstæðustu upplýsingarnar fyrir landið allt. Gögnin hafa verið nýtt af ýmsum stofnunum og mastersnema frá okkur, III og jafnvel erlendum háskólum hafa sótt í grunninn. Nytjaland hefur nýst vel við skipulagsgerð og það er kostur að sveitarfélögum standi til boða að nýta grunninn án endurgjalds. Nytjalandsgrunnurinn er notaður í tengslum við skyldur okkar Íslendinga samkvæmt loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Starfsmenn Lbhl taka sýni og mæla - og færa niðurstöðurnar í gagnagrunn Nytjalands. Því er þar að finna gögn um votlendi landsins og má geta að í Nytjalandi er hægt að sjá nánast alla skurði landsins og tún.“ sagði Ólafur og lagði á það áherslu að umrædd gögn og ljólmörg önnur sem ekki er hægt að nefna vegna plássleysis væru opin almenningi. Allt og sumt sem fólk þarf að gera er að fara á heimasíðuna www.lbhl.is og ýta hnappinn „vefsjá“.



F.v. Sigmundur Helgi Brink rannsóknarmaður, Ólafur Arnalds prófessor og Fanney Ösk Gísladóttir, landfræðingur. Á milli þeirra Sigmundar og Ólafs er afar nákvæmt gróðurkort af Íslandi. Gögnin sem notuð voru við gert kortsins komu að sjálfsögðu úr Nytjalandi.

Sagt á YouTube

Sagt á YouTube

Sagt á YouTube

Sagt á YouTube

Sagt á YouTube

Leggja þarf grunn að nýjum yrkjum sem eru aðlöguð breyttu veðurfari

Rættist spár um breytt veðurfar á næstu 100 árum hér á norðurlöndum má gera ráð fyrir því að vaxtartími tungresis muni lengjast um einn til þrjá mánuði auk þess sem haust og vetur verði bæði hlýrrir og votviðrasamari en nú er. Þetta kom fram í erindi Áslaugar Helgadóttur prófessors hjá Lbhl á vísindafingi landbúnaðarins.



Þetta gefur okkur færi á að auka arlegan heylfeng af ræktuðu landi en getur einnig skapað aukid álag á plöntur, einkum á haustin, sem getur haft áhrif á vetrarþol þeirra. Það er því brýnt að leggja nú þegar grunn að nýjum yrkjum sem væru aðlöguð breyttu veðurfari. Allar okkar helstu nytjaplöntur hafa verið kynntar til sögu á norðlægum slóðum á síðustu öldum og því er erfðafraeðilegur bakgrunnur þeirra tiltölulega þröngur. Eigi kynbætur að skila árangri í framtíðinni er því nauðsynlegt að breikka erfðagrunn þeirra og skilja betur samspil erfða og veðurfarsbreyta, einkum á haustin.

Fjölært rýgresi ber af öðrum tungrosum þar sem það gefur mikla uppskeru og úrvalsíður. Það hefur hins vegar átt erlitt uppdráttur norðan við 60. breiddargráðu, aðallega vegna skorts á nægilegu vetrarþoli. Má það einkum rekja til þess að rýgresi vex lengi fram á haustið og hefur því ekki getað sig í tæka tíð þegar frosthörkur ríða yfir. Nú er nýhafið samnorrent áttak sem ætlað er að leggja grunn að framtíðaryrkjum rýgresis á norðurlöndum. Sérstök áhersla er lögð á að leita að nýju erfðafni og finna hraðvirkar aðferðir við val á bestu plöntunum.

Neytendur vilja upplýsingar um uppruna og framleiðslukerfi matvæla

Markaður fyrir búfjárafurðir er framleiðslukerfi sem byggja á fjölskyldubúskap, beit og nýtingu úthaga er vaxandi út um allan heim. Kaupendur vilja upplýsingar um uppruna og framleiðslukerfi og vilja geta treyst því að dýrunum líði vel og að afurðirnar séu ekta, ómengaðar og öruggar til neyslu, heilnæmar og góðar á bragðið.



Þessi tækifæri er hægt að nýta með því að:

-vernda uppruna og merkja á sérstakan hátt til að aðgreina innlenda vöru í samkeppni við vöru frá öðrum löndum

-byggja markvisst upp heimaframleiðslu og selja hana út frá þeim sérstöku gæðum, handverki, sögu og menningu sem jörðin/svæðið/landið hefur upp á að bjóða.

Þessi sérstaða er síðan notuð til að skapa sérstaka myndir í huga neytenda sem þeir eru svo tilbúnir að borga fyrir. Erlendar og innlendar rannsóknir hafa sýnt að meira er af omega-3 fitusýrum og CLA

fitusýrum í afurðum dýra á úthaga en dýra sem fá næringu sína annars staðar. Rannsóknir sýna líka að minni hætta sé á streituhormón hafi neikvæð áhrif á gæði afurða ef dýrunum líður vel. Markaðstækifæri eru í að tengja framleiðslukerfið við handverk, hefðbundnar afurðir, sögu og menningu. Erfðaauðlindir og hefðbundin framleiðslukerfi eru verðmæti.

Meira þarf að gera af svona rannsóknum hér á landi og mikilvægt að rannsaka stærð og þróun markaða sem byggja á þessari sérstöðu og hvað neytendur eru tilbúnir að borga mikið meira fyrir hana.

Ofangreint kom fram í erindi sem Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Lbhl, og Guðjón Þorkelsson, sviðsstjóri, Matis, fluttu á vísindaráðstefnu landbúnaðarins.



Nemendagardarnir á Hvanneyri eru sjálfseignarstofnun sem býður upp á húsnæði fyrir nemendur. Í boði eru einstaklingsherbergi, einstaklingsíbúðir og tveggja til fjögurra herbergja íbúðir. Allar upplýsingar um leiguverð og stærð húsnæðis á vegum gardanna á heimasíðunni.

<http://nemendagardar.lbhl.is/>

Næstu námskeið

21. mars. **DkBúbót** á Egilsstöðum fyrir bændur.
22. mars. **Blómaskreytingar með páskalegu ívafi** í Garðyrkjuskólanum.
23. mars. **Íslenska landnámsheenan** á Sauðárkróki.
23. – 24. mars. **Reiðnámskeið** með Rínu á Mið-Fossum, Andakil.
9. – 10. apríl. **Vinnuvernd** í Öfundarfirði.
13. apríl. **Ostageró** í Neskaupstað.
19. apríl. **Plægingar** á Hvanneyri.
4. maí. **Ostageró** á Sauðárkróki.
11.-12. maí. **Reiðnámskeið** með Denna Hauksyni á Hvanneyri.

Allar nánari upplýsingar og skráning á vef Landbúnaðarháskóla Íslands – www.lbhl.is
Endurmenntun Lbhl



Guðrún Óskarsdóttir (t.v.) og Harpa Sigríður Magnúsdóttir eru afar ánægðar með lífið í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Mynd /HKr.

„Það er rosalega gott að vera í Landbúnaðarháskóla Íslands sögðu þær Guðrún Óskarsdóttir og Harpa Sigríður Magnúsdóttir sem kynntu starfsemi skólans í anddyrði Háskólabíós um fyrri helgi. „Félagslífið er gott,” sagði Harpa sem stundar nám í náttúru og sögu. „Það er hægt að velja um margar brautir við skólann. Sem dæmi þá byrjuðu um 50 manns á fyrsta ári í búfræði nú fyrir áramótin. Þá eru

margir í fjamámi.“

Þær stóllur sögðu alla aðstöðu fyrir nemendur á nemendagörðum vera mjög góða. „Þarna getur maður nýtt sér góða aðstöðu á bókasafni til að kera og fengið alla þá hjálp sem maður óskar eftir. Þá er heilmikið félagslíf í skólanum og mikið um að vera.“

HÁSKÓLANÁM

Grunnnám - BS

Búvísindi

Haldgöður grunnur í raunvísindum sem byggt er ofan á með sérgreinum landbúnaðarfræða með áherslu á íslenskan landbúnað og sjálfbæra nýtingu landsins.

Hestafræði

Sameiginleg námsbraut Lbhl og Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Traustur þekkingargrunnur á öllum megin sviðum hestafræða.

Náttúru- og umhverfisfræði

Fjórar áherslur: Almenn náttúrufræði, náttúrunýting, þjóðgarðar- og verndarsvæði, náttúra og saga. Áhersla er lögð á vísindalega nálgun.

Skógræði/ landgræðsla

Tvær leiðir: Sjálfbær skógrækt og endurheimt vistkerfa. Fléttað er saman náttúruvísindum, tækni- og haggreinum auk landupplýsinga- og landslagfræða.

Umhverfisskipulag

Grunnnám í landslagsarkitektúr og skipulagsfræðum. Mótun umhverfis með áherslu á vistvænar hönnunarlausnir.

Skipulagsfræði

Meistaránám

Námsbraut í skipulagsfræði er tveggja ára MS-nám með sjálfbæra þróun og sköpun lífvænlegs umhverfis að leiðarljósi. Lögð er áhersla á gagnrýna skipulagshugsun.

STARFSMENNTANÁM

Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

BÆNDASKÓLINN

Búfræði

Tveggja ára nám á framhaldsskólastigi. Markmið búfræðinámsins er að auka þekkingu og færni einstaklingsins til að takast á við búrekstur og alhliða landbúnaðarstörf.

GARÐYRKJUSKÓLINN

Þriggja ára nám á framhaldsskólastigi. Næst verður tekið inn í Garðyrkjuskólann haustið 2014. **Blómaskreytingar, garðyrkjufuramleiðsla, skógur og náttúra, skrudgarðyrkjubraut.**

Sjá nánar á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands
www.lbhl.is

Vorið nálgast

Mikið úval vökvunarhjóla, röra og vatnsdæla til vökvunar á túnnum, ökrum og garðlöndum.



HE-VA og SCAN diskherfi



Fljótverk og ódýr jarðvinnslutæki sem lágmarka kostnað við endurræktun.

bogballe áburðardreifarar



Mikil dreifigæði og einföld stilling, hámarkar nýtingu áburðarins.

Maletti jarðtætarar



Með og án þjöppunarkerfis.

Warfama taðdreifarar



Einföld og hagkvæm leið til að dreifa taði og skán og hámarka nýtingu.

PÖTTINGER sáðvélar



Sterkar, nákvæmar og einfaldar í notkun.

NC haugsugur



Til afgreiðslu strax og eftir pöntun.

PÖTTINGER tindataætarar



Einstaklega sterkir og endingargóðir. Tilvaldir í félagseign.

HE-VA valtrarar



Í fjölda gerða og útfærslna.

Plógar



Nýir og notaðir plógar til afgreiðslu fyrir vorið.

DUUN og NC mykjudælur



Vönduð tæki og mikil afköst.

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum okkar í síma 480 0400



Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is



Aksturshurðir

Sölu og þjónustuaðilar:
Börkur hf Akureyri og
Hurðaðjónusta Suðurnesja



REK

BYGGINGAVÖRUR
BYGGINGALOUSNIR

Suðurlandsbraut 24, 2h. | S. 533 4010 | rek@rek.is



Glugga- og hurðasmíði

Þeim stærðum og gerðum sem henta þér!

Gluggar
Hurðir
Opnaleg fög
Uppsetning



S.: 862-7894 | saereki.is | saereki@saereki.is

Smíðaðjónusta

N1

JEPPADEKK

Stærð	Neglanleg vetrardekk	Verð með vsk.
205/70R15	Cooper M+s2 96t	23.900
235/75R15	Cooper M+s2 109t	33.500
265/70R15	Cooper M+s 112s	39.900
265/75R15	Cooper M+s 112s	37.900
31x10.50R15	Cooper M+s 109g	44.900
215/65R16	Cooper Wmst2 98t	26.900
215/70R16	Cooper M+s2 91t	29.900
225/70R16	Cooper M+s2 103t	32.900
225/75R16	Cooper M+s 104s	34.900
235/70R16	Cooper M+s 106s	29.900
245/70R16	Cooper M+s2 107t	34.900
245/75R16	Cooper M+s 111s	39.900
255/65R16	Cooper M+s 109s	39.900
255/70R16	Cooper M+s 111s	39.900
265/70R16	Cooper M+s2 112t	40.900
265/75R16	Cooper M+s 116s	36.900
285/75R16	Cooper M+s 122g	54.900
225/65R17	Cooper M+s2 102t	39.900
235/65R17	Cooper M+s2 108h	38.900
235/80R17	Cooper M+s 120q	44.900
245/65R17	Cooper M+s 107s	43.900
245/70R17	Cooper M+s 110s	44.900
255/60R17	Cooper M+s 106s	44.900
255/65R17	Cooper M+s 110s	45.900
255/70R17	Cooper M+s 112s	44.900
265/65R17	Cooper M+s2 112t	44.900
265/70R17	Cooper M+s 115s	45.900
275/60R17	Cooper M+s 110s	44.900
235/55R18	Cooper WSC 100t	41.900
235/60R18	Cooper M+s2 107t	44.900
235/65R18	Cooper WSC 107t	45.900
245/60R18	Cooper WSC 105t	45.900
255/55R18	Cooper M+s2 109s	44.900
255/70R18	Cooper M+s 113s	47.900
265/60R18	Cooper WSC 110t	52.900
275/65R18	Cooper M+s 116s	59.900
275/70R18	Cooper M+s 125s	64.900
275/55R20	Cooper M+s 117s	59.900
275/60R20	Cooper M+s 110s	59.900
275/65R20	Cooper M+s 117s	74.900

Stærð	32 - 35 tommu jeppadekk	Verð með vsk.
32x11.50R15	Maxxis Ma751	42.900
32x11.50R15	Cooper Stt 113q	49.900
33x12.50R15	Cooper St 108q	49.900
33x12.50R15	Cooper Stt 108q	57.900
33x12.50R15	DeanMTerr. Sxt 108	45.900
35x12.50R15	Cooper St 113q	59.900
35x12.50R15	Cooper Stt 113q	64.900
305/70R16	Cooper AT3 124r	64.900
305/70R16	Cooper St 118r	64.900
315/75R16	Cooper Atr 121r	64.900
315/75R16	Cooper St 121r	69.900
315/75R16	Dean Wildcat At	58.900
315/75R16	Dean M Terrain Sxt	59.900
285/70R17	Cooper Atr 121r	65.900
285/70R17	Cooper St 121q	66.900
295/70R17	Falken Wild Peak	69.900
315/70R17	Cooper AT3 121r	79.900
325/70R17	Falken Wild Peak	79.900
33x12.50R17	Cooper St 114q	67.900
33x12.50R17	Coper Stt 114q	72.900
33x12.50R17	Dean MTSxt 114q	59.900
35x12.50R17	Cooper St 119q	75.900
35x12.50R17	Cooper Stt 119q	79.900
35x12.50R17	Dean MTerr. Sxt 119q	69.900
37x12.5R17	Falken Wild Peak	89.900
305/65R18	Falken Wild Peak	69.900
35x12.50R18	Cooper Stt 123q	89.900
325/65R18	Falken Wild Peak	89.900
37x13.5R18	Falken Wild Peak	94.900

Útsölastaðir	Útsölastaðir	Útsölastaðir
Vesturland/Vestfirðir N1 Akranesi 431-1379 Bilabær Borgarnesi 437-1300 Bírefiðar Harðar Borgarnesi 437-1192 K.M. Þjónustan Búardal 434-1611 C. Hansen Deikjúp. Snæfellsb. 436-1111 KB Bilaverkstæði Grundarfirði 438-6933 Vélaverkst. Sveins Þorbeyri 438-1385 Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar 451-1145 Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar 456-3501 Bilaverkstæði S. B. ehf. Ísafirði 456-3033 Græðir sf. Varmadal, Flateyri 456-7652	Norðurland Vélav. Hjartar Eiríks. Hvammst. 451-2514 Kjalfell Blönduósi 452-4545 Bilaverkstæði Óla Blönduósi 452-2887 Vélav. Skagastrandar Skagaströnd 452-2689 Pardus Hofsósi 453-7380 Hjólbarðar. Óskars Sauðárkróki 453-6474 Kf. Skagfirðinga Sauðárkróki 455-4570 B.H.S. Árskógströnd 466-1810 Bilapjónustan Húsvík 464-1122	Höfuðborgarsvæðið N1 Mosfellsbæ 440 1378 N1 Réttarhálsi 440 1326 N1 Fréttarmúla 440 1322 N1 Reykjavíkurvegi 440 1374 N1 Ágissíðu 440 1320 N1 Bíldshöfða 440 1318
Austurland Bírefiðar. Sigursteins Breiðdalsvík 475-6616 Vélsmiðja Hornafjarðar 478-1340 Biley Reyðarfirði 474-1453 Réttingav. Sveins Neskaupsstað 477-1169 Bírefiðar. Sigursteins Breiðd.vík 475-6616	Suðurland Bírefiðar. Gunnars Klausri 487-4630 Framrás Vík 487-1330 Gunnar Vilmundar Laugarvatni 486-1250 Vélaverkstæðið íðu 486-8840 Hjólbarðapjón. Magnúsar Selfossi 482-2151 Bírefiðar. Jóhanns Hveragerði 483-4299 Bilapjónustan Helli 487-5353 Varahl.v. Björns Jóh. Lyngási. Helli 487-5906 Hvolsdekk Hvolsvelli 487-8005	Suðurnes N1 Vesturbraut 552 Vallarheiði 440 1372

Marsmánuður tileinkaður hönnun

HönnunarMars fór fram í fimmta skiptið dagana 14.-17. mars og voru íslenskir hönnuðir og arkitektar aðalþátttakendur í dagskrá hátíðarinnar. Ótal viðburðir, innsetningar, sýningar einstaklinga og samsýningar hönnuða fóru fram í Reykjavík þessa löngu hönnunarhelgi þar sem upplifun fyrir jafnt unga sem aldna fékk notið sín.

Hér komu helstu hönnuðir þjóðarinnar saman og einnig nýtskrifaðir hönnuðir sem fengu tækifæri til að auka þekkingu sína

og reynslu, meðal annars með því að sækja í viskubrunn erlendra hönnuða. Kaupstefnumótið DesignMatch var haldið í Norræna húsinu, þar sem íslenskum hönnuðum gafst tækifæri til að hitta norræna kaupendur. Eitt af markmiðunum með HönnunarMarsinum er að kynna íslenska hönnun sem atvinnugrein og það virðist vera að takast farsælega. Þetta er orðinn fastur punktur í hátíðardagskrám höfuðborgarinnar sem fer vaxandi með hverju árinu og vekur athygli fyrir utan landsteinana.

/ehg



Viðfangsefni hönnuða hjá Kirsuberjatrénu var leikur með speglun og spegla. Speglar eru töfragripir sem geta margfaldað sýnina eða leitt í ljós það sem annars er hulið. Þeir geta víkkað og stækkað sviðið út í hið óendanlega og sýnt hluti frá mörgum sjónarhornum. Speglar fá manneskjuna til að horfast í augu við sjálfa sig.



Fuglinn, tákn frelsis, galdur náttúrunnar, kría, krummi, álfur og þröskur færa bókakaffinu í Kvosinni töfra sína. Margrét Guðnadóttir hönnuður hefur skorið fuglana í tré og um leið leitast við að fanga fegurð, form og vitsmunatöfra þeirra.



Erling Jóhannesson sýndi silfurskartgrip í Skúrnum, menningarhúsinu á Melunum. Skartgripirnir eru finleg stef við beinagarða úr fiski. A sýningunni mættust andstæður í hugmyndum, annars vegar um fagurfræði skartgripa og hins vegar hugmyndir umhverfis og samfélags.



Högni Stefán Þorgeirsson hjá Arctic Plank sýndi sófa, stóla og borð á Kex Hostel. Sem fyrr voru þeir innblásnir af endurnýtingu á timbri og öðrum efnum. Gamall vörubrettaviður, pollagallaefti, fiskileður og hreindýraskinn voru meðal hráefna sem fengu að njóta sín í nýjum húsgögnum.

Fiskbeinamódel Róshildar Jónsdóttur er gott dæmi um það hvernig móta má gamlar hefðir inn í nútímann og framtíðina. Staðbundið hráefni nýtir hún á ferskan hátt sem höfðar til alþjóðamarkaðar. Verkefnið er unnið í samstarfi við vísindamenn og framleiðslufyrirtæki í fiskiðnaði. Hér er á ferðinni skapandi umbreyting eins og hún gerist best.



Hópurinn Vik Þrjónsdóttir kynnti með stolti nýtt „remix“ af Selshamnum í samstarfi við bresk-japanska hönnunar-teymið Eley Kishimoto. Einnig voru frumsýndir nýir trefflar og teppi og hélt hópurinn opinn málfund á HönnunarMars þar sem fjallað var um íslensku ullina, iðnaðinn og framtíðina.

Ný kynslóð - meiri þægindi



VALTRA
A 93

FINNSK NÁKVÆMNI
FINNSK FRAMLEIÐSLA

Sisu Díesel 101 hestafl með common rail eldsneytisinnspýtingu - Vökvavendigir Upphengd fótstig - Vökva aflúrtakskúpling - Rafstýrt beisli.

Valtra dráttarvélar hafa verið framleiddar frá því árið 1951 og hafa getið sér orðspor um áreiðanleika, fjölhæfni og mikla endingu. Þær eru hannaðar í samræmi við mismunandi þarfar notenda og framleiddar til að standast ströngustu kröfur við erfiðar aðstæður. Það eru þessar staðreyndir sem aðskilja Valtra frá öðrum dráttarvélum.

Hafðu samband við sölumenn okkar til að fá nánari upplýsingar.



TIL AFGREIÐSLU STRAX

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108
Netfang: jotunn@jotunn.is - Heimasíða: www.jotunn.is

A new generation of heat pumps
DESIGNED FOR EARTH


NIBE

Ný kynslóð af varmadælum NIBE™ F1245 Jarðvarmadæla



Nýtt

Hér er á ferðinni einhver besta varmadæla sem komið hefur fyrir allt venjulegt húsnæði. Þessi verðlaunaða varmadæla hitar t.d. ofnakerfi, gólfhita og neysluvatn. Getur notað vatn, jörð og sjó til orkuöflunar. Allur búnaður innandyrna. NIBE F1245 eyðir litlu og sparar mikið. NIBE frá Svíþjóð. Stærstir í Evrópu í 60 ár.



NIBE™ F1245 | Jarðvarmadæla

Með NIBE F1245 getur þú lækkað húshitunarkostnað um allt að 85%
Er rafmagnsreikningurinn of hár?
Er þá ekki kominn tími til að við tölum saman?

☎ 571 4774

F Friorka www.friorka.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300
Um land allt!

Pontus lambamjólk



Góð næring fyrir ungvíði er grunnurinn að heilbrigði og vexti. Pontus lambamjólkinn frá Bústólpa hefur fengið frábærar viðtökur. Hér er um þrautreynda úrvalsvöru að ræða sem ætluð er til fóðrunar á lömbum í tilvikum þar sem ær ná ekki að mjólka lömbunum nóg. **Lambamjólk inniheldur öll þau næringarefni sem lömbum eru nauðsynleg og stuðlar þannig að heilbrigði og örum vexti.**

Fæst í 5kg og 25kg pokum.

Söluaðilar:



Sími 430 5500 - Fax 430 5501

Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Sími 455 3106 - Fax 455 3109



Sími 455 4610 - Fax 455 4611

Kaupfélag Vestur Húnavetninga
455 2320 - Fax 451 2874



Egilsstöðum - Sími 570 9860
Hvolsvelli - Sími 570 9850
Selfossi - Sími 570 9840



Sunbeam-Oster fjárklippur Varahlutabjónusta og sala á fjárklippum.



**Startarar, alternatorar,
varahlutabjónusta**

sími: 696-1050 netfang: okspare@simnet.is

MERCEDES BENZ 508D



Ferðabjónustuaðilar
Kvikmyndagerðarm.
Bílstjórar
Smíðir
Málara
Píparar
Rafvirkjar
Bændur
o.fl. o.fl. ...

Mercedes Benz 508D þessi vel þekkti, trausti og sterki

Árgerð: 1987 (órðinn fornbiðill, engin bifreiðagjöld)

Ákstur: 1.000 – 5.000 km.

Ástand: **Sem nýr** (lakk sólbakað, að öðru leyti óslitinn og með öllu óryðgaður)

Verð: 1.592.255 kr. +vsk.

– með skráningu og kominn á götuna.

Getum útvegað aðeins nokkra bíla á þessu verði.

Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Bifreiðarnar voru áður í eigu NATO og voru skilgreindar sem „tæki í viðbragðsstöðu“. Hafa því ætíð fengið forgang á viðhald og eftirlit.

Allar nánari upplýsingar: kvikaehf.wix.com/bilahlutir

Bílahlutir

Eldshöfða 4 · 110 Reykjavík
Sími 587-5058 · info@bilahlutir.com

Sáðvörulistinn 2013

Grasfræ	Yrki	kg/ha	kg/sekk
Vallarfoxgras	Vega	25-30	25
Vallarfoxgras	Grindstad	25-30	25
Vallarfoxgras	Tuukka	25-30	25
Vallarsveifgras	Sobra	18-20	25
Túnvingull	Gondolin	20-25	18
Hávingull	Pradel	20-25	25
Stólpablanda I	Fyrir kýr	25-30	25
Stólpablanda II	Fyrir fé og beit	25-30	25

Grænófóðurfræ	Yrki	kg/ha	kg/sekk
Fjölært rýgresi	Tetramax	35	25
Fjölært rýgresi	Calibra	35	25
Sumarrýgresi	Barspectra	35	25
Sumarrýgresi	Jivet	35	25
Vetrarrýgresi	Barmultra	35	25
Vetrarrýgresi	Jeanne	35	25
Sumarrepja	Pluto	15	25
Vetrarrepja	Barcoli	10-12	25

Grasfræ	Yrki	kg/ha	kg/sekk
Ertur	Javlo	200-225	40
Hvítmári	Rivandel	5 - 6	10
Rauðsmári	Justin	5 - 6	10

Hafrar	Yrki	kg/ha	kg/sekk
Grænófóðurhafrar	Domenic	180-200	40
Hafrar til þroska	Cilla	180-200	30

Bygg til þroska	Yrki	kg/ha	kg/sekk
Bygg 6 raða	Voitto	180-200	30/700
Bygg 6 raða	Aukusti	180-200	30/700
Bygg 2 raða	Filippa	180-200	700

Útsölustaðir:

Vélaval - Varmahlíð

Sími: 453 8888

Landstólpi - Egilsstöðum

Sími: 471 1901



Gunnbjarnarholt
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Bændur segja allt gott

Það var ánægjulegt að vera við setningu Búnaðarþings þann 3. mars sl. undir kjörorðunum „Bændur segja allt gott“ og heyra þáverandi formann Bændasamtakanna ljúka ræðu sinni á sömu orðum – „Bændur segja allt gott“.

Það væri óskandi að forystumenn annarra atvinnugreina sem margar hefðu nú ekki síður tilefni til að bera sig vel, eins og t.d. ferðabjónustan og sjávarútvegurinn, töluðu á jafn uppbyggilegum nótum.

Af þessu mætti e.t.v. álykta að bændur hefðu verið tiltölulega stikkfrí í hremmingum efnahagshrunsins og því sem á eftir fylgdi, en svo var nú alls ekki. Bændur og landbúnaðurinn hafa sannanlega greitt sinn toll og hann síst minni en almennt á við, auk þess að takast á við afleiðingar náttúruhamfara, hækkun aðfanga, skuldavanda og þar fram eftir götunum.

Íslenskir bændur, eins og reyndar flestir landsmenn a.m.k. framan af, sýndu því hins vegar skilning að það varð að rétta þjóðarskútuna af og koma henni af strandstað áramótanna 2008-2009. Auðvitað kostaði það fórnir og því vekur það vægast sagt furðu þegar stjórnmálamenn – jafnvel formenn flokka – hneykslast á því nú að ríkissjóður hafi fyrstu árin eftir hrunið verið rekinn með miklum halla eða blöskrast á því að þurft hafi að innheimta skatta og draga úr útgjöldum. Er hægt að komast lægra í umræðu um þjóðmál en með því að afneita einfaldlega veruleikanum?

Nei, þeir sem á annað borð skynjuðu þá hættu sem íslenska þjóðin var í og þáverandi forsætisráðherra gerði svo ítarlega grein fyrir í sjónvarpinu 6. október 2008 vita innst inni að það hefur gengið vonum framár, fyrst að endurheimta efnahagslegt sjálfstæði landsins og byggja að nýju upp traust á alþjóðavettvangi sem í einni svipan var rífið af þjóðinni. Loks, og ekki minnst um vert, koma rekstri ríkissjóðs nokkurn veginn í jafnvægi á aðeins fjórum árum. Við Íslendingar erum nú þriðja árið í röð að upplifa hagvöxt og minnkandi atvinnuleysi en erum því miður í hópi örfárra Evrópu- eða OECD-þjóða sem það á við um. Þeir sem láta nú sem ekkert hafi skeð tala um hug sér og gjaldfella sjálfa sig hvað varðar vitræna og ábyrga umræðu um þá erfiðleika sem Ísland hefur gengið í gegnum. Þeim erfiðleikum er ekki lokið, þótt ágætlega miði, og við megum hvergi misstíga okkur á komandi misserum. Þess vegna eru innistæðulaus loforð og gylliboð óvenju ábyrgðarlaus við núverandi aðstæður. En nóg um það – hver og einn verður að ráða sínum orðum.

Staða landbúnaðarins tryggð til næstu ára

Ég hef haft af því mikla ánægju að fá að vinna fyrir og vinna með íslenskum bændum sem ráðherra landbúnaðarmála í nokkur skipti. Fyrst 1988-1991 og svo tvisvar sinnum eftir hrun, framan af ári 2009 og aftur frá áramótum 2012. Líkt og í hið fyrsta sinn var aðkoman ekki sérlega skemmtileg eftir áramótin 2009. Sannarlega hefði verið ánægjulegra að geta stutt myndarlega við íslenska bændur heldur en að þurfa að leita samkomulags um skerðingar á fullgildum samningi þeirra og ríkisvaldsins. En þannig var nú staðan og ekki þýddi að hlaupast undan merkjum.

Við landbúnaðarráðherra blasti þá að gerðir samningar við bændur voru í uppnámi. Sú ríkisstjórn sem fór frá völdum í janúarlök ákvað við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2009 að skerða samningsbundin framlög um 10%.

Ofan í kaupíð blasti við gífurleg hækkun á áburðarverði og fráfarandi ríkisstjórn hafði ákveðið að skerða niðurgreiðslu dreifingarkostnaðar rafmagns hjá garðyrkjubændum.

Svona var staðan vorið 2009. Mér var fullljóst að nauðsynlegt var að



Steingrímur J. Sigfússon í ræðustól við setningu Búnaðarþings 2013.

Mynd / HKR

draga úr útgjöldum ríkissjóðs en mér var jafnljóst að um það yrði fyrir alla muni að nást sátt við bændur.

Ég lagði áherslu á að fá bændur að borði með það fyrir augum að ná samningum þannig að friður gæti ríkt um óumflýjanlegar aðgerðir í ríkisfjármálum – og það tókst. Bændur sýndu málinu mikinn skilning og niðurstaða náðist með samkomulagi allra viðkomandi aðila.

Þann 28. ágúst síðastliðinn undirritaði ég svo ásamt þáverandi fjármálaráðherra, Oddnýju Harðar-dóttur, nýja búvörusamninga og nýjan búnaðarlagasamning milli ríkisvaldsins og bænda. Aftur segi ég að betur væri að fleiri kæmu að samningaborðum með jafn mikinn skilning á stöðunni og af jafn mikilli ábyrgð og bændur landsins hafa gert í báðum þessum tilvikum. Niðurstaðan er gífurlega þýðingarmikil. Starfs-friður og fyrirsjáanleiki ríkis í íslenskum landbúnaði og grundvöllur hans er eins vel tryggður og kostur er til næstu nokkurra ára litið. Alþingi hefur samþykkt allar nauðsynlegar lagabreytingar og á það einnig við um lög- og fjárheimildir til að gera upp tjón við bændur vegna náttúruhamfara. Með ofangreindu tel ég að vel hafi tekist til, við þröngar aðstæður, að verja landbúnaðinn, grundvöll búvöruframleiðslunnar, og í leiðinni kjör bænda gegnum kreppuna þannig að nú er sóknarhugur í mönnum. Sem sagt; bændur segja allt gott.

Uppbygging og sókn fram undan

Já, bændur horfa nú fram og líta til nýrra tækifæra í landbúnaði sem sannarlega eru til staðar. Sem ráðherra atvinnuvega- og nýsköpunarmála hika ég ekki við að fullyrða að fjárfestingar í innviðum og bættum aðstæðum sveitanna og strjálbýlisins almennt eru meðal þeirra allra ábatasömustu sem völ er á fyrir Ísland framtíðarinnar, öflugra Ísland. Með því stækkum við Ísland, virkjum ónýtta verðmætasköpunarmöguleika og aukum sjálfbærni og fjölbreytni. Ég vil tæpa á nokkrum atriðum:

Kornrækt. Sífellt fleiri bændur sjá í kornræktinni möguleika á að rækta sitt eigið fóður og/eða selja korn til annarra nota. Í nýjum búnaðarlagasamningi er stuðningur við kornrækt aukinn verulega og sérstök áhersla er á að auðvelda svinabændum kornrækt.

Loðskinn. Með óbilandi þrautseigju hafa minkabændur þraukað erfiða tíma en eru nú loks heldur betur að uppskera árangur erfiðisins. Í þeirri búgrein eru notuð nær alfarið innlend aðföng og það, ásamt reynslu, þekkingu og faglegum vinnubrögðum, þýðir að nú eru flutt út og seld skinn í hesta gæðaflokki fyrir hátt í tvo milljarða króna, nær allt hreinar gjaldeyriskjúr.

Hestamennska og hrossarækt. Erlendir markaðir fyrir íslenska hesta eru óðum að opnast að nýju eftir að hafa því sem næst lokast í kjölfar hrunsins. Enginn vafi er á að hrossaræktendur munu aftur ná vopnum sínum, búgreinin skila góðum arði og íslenski hesturinn (sem sumir kalla besta sendiherrann með fullri virðingu fyrir hinum) áfram skipa veglegan sess.

Fiskeldi. Aukinn þróttur er að færast að nýju í fiskeldi, bæði bleikjueldi og eldi fleiri og nýrra tegunda á landi og laxeldi í sjó. Mikilvægt er að viðhalda stöðu afurðanna sem fyrsta flokks gæðavöru og til þess höfum við kjöraðstæður. Í heimi sem kallar á sífellt meiri mat er augljóst að þessi búgrein, sem og matvælaframleiðsla almennt, á framtíðina fyrir sér.

Ferðabjónusta, handverk, heima-vinnsla. Aukinn hlutur sveitanna í þessari mestu vaxtargrein íslensks atvinnulífs skiptir sköpum og fellur vel að markmiðum um að dreifa álaga af vaxandi ferðamannafjölda um landið og þætta saman við menningu, handverk og heimavinnslu. Framkvæmdasjóður ferðamála mun á þessu ári veita hátt í 600 milljónum króna til úrbóta og uppbyggingar gegnum líklega ein 100 verkefni vítt og breitt um landið.

Lífræn ræktun. Stóraukin lífræn ræktun þarf að koma til, eigi að mæta eftirspurn fyrir slíkum vörum og nýta þau sóknarfæri sem þar liggja. Í reynd erum við ekki nema rétt að byrja á þeim efnun borið saman við nálæg lönd.

Ylraekt og garðyrkja. Fullyrða má að greinin standi framár en nokkru sinni fyrr og mikill metnaður og möguleikar eru til að auka enn framleiðsluna, bæði fyrir vaxandi innlendan markað og til útflutnings.

Skógrækt, hlunnindanýting og orkuskipti í landbúnaði, að ógleymdum okkar hefðbundnu greinum. Fjölmargt er ótalið. Verði skilningur fyrir hendi og vilji til á komandi árum að fjárfesta í framtíðarmöguleikum landbúnaðarins og strjálbýlisins almennt þarf engu að kvíða. Bættar samgöngur og fjarskipti, jöfnun orkuverðs, betra aðgengi að menntun o.s.frv. mun allt hjálpa til. Mestu skiptir að tækifærin blasa við og vandamál eru til þess að leysa þau eins og ég tel að reynsla undangenginna fjögurra ára hafi sýnt. Vandamálin má auðvitað einnig nota sem efnivið í að búa til óvini úr einhverjum öðrum, þá sem ekki hafi látið þau öll með tölu hverfa á einu bretti með töfrabrögðum, en slíkt reynist skammgóður vermir. Í raunheiminum reynast töfrabrögðin bara sjónhverfingar, kanínan var einhvers staðar áður en hún kom upp úr hattinum og allt er eins og var þegar sýningunni lýkur.

Innan fárra daga verður gengið til Alþingiskosninga og verk mín og annarra sem áður hafa starfað í stjórnmálum lögð í dóm kjósenda. Svo verða auðvitað einnig í boði óskrifuð blöð. Ómögulegt er að vita hver niðurstaðan verður. Ég legg viðskilnaðinn gagnvart landbúnaðinum sáttur í dóm, sem og verk mín að öðru leyti þar sem ég hef reynt að horfa til hagsmuna þjóðarinnar, almannahagsmuna, fremur en velta fyrir mér líklegum persónulegum vinsældum af hverju og einu. Það er betra að slíkir stjórnmálamenn séu uppi á auðveldari tímum.

Steingrímur J. Sigfússon
Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðherra



Donaldson
Filtration Solutions

Dedication to Excellence Award
2004-2005



LOFTSÍUR



VÖKVAKERFISSÍUR

**SMUROLÍUSÍUR
HRÁOLÍUSÍUR
KÆLIVATNSSÍUR**



Reki hf · Fiskislóð 57-59 · 101 Reykjavík

Sími 562 2950 · Fax 562 3760

Netfang: bjorn@reki.is · Vefsíða: www.reki.is

FXNytro M-TX árg. 2013

kr. 2.690.000



FARÐU LENGRA!

FXNytro M-TX turbo



ALPINE MCX PRESS

Arctic Trucks, í samstarfi við MC Xpress og Alpine ehf, býður nú Yamaha Nytro vélsléða með turbo upp færslu. Þrjár útfærslur eru í boði; 190, 240 og 270 hestöfl.

Verð með turbo upp færslu frá kr. 3.470.000,-



YAMAHA
www.yamaha.is



Arctic Trucks
Kletthálsi 3
110 Reykjavík
Sími 540 4900
www.arctictrucks.is

Icehobby tæki
Draupnigötu 6
603 Akureyri
Sími 462 4600
www.icehobby.is



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



MASSEY FERGUSON

**5450
107 HÖ**



Staðalbúnaður

- Sparneytnar 4ra strokka Perkins dieselvélur
- Hitari á mótör
- Vökvavendigir með stillanlegu átaki og útslætti á keyrslu
- Dyna-4 girakassi 16F/16R (hægt er að skipta vökvaprepum bæði í girhandfangi og eins með vendigirnum)
- 2 tvívirkar vökvaspólur/vagnbremsuventill
- 4 aflúrtakshraðar (hraðabreytir í öikumannshúsi)
- Opnir beislisendar/lyftudráttarkrökur
- Loftpúðasæti/farþegasæti
- Fullkomin vinnuljósabúnaður
- Rafstýrt beisli
- Verkfærakassi
- Flotmikil dekk 440/65R24
- Og 540/65R34 að aftan
- Niðursveigð vélarhlíf (lágnefja)
- Vökvadæla 100 L
- 130 L olíutankur
- Lyftigeta út á beislisendum 5000 kg

Dyna-4



JÖTUNN VÉLAR ehf.

TIL AFGREIÐSLU STRAX

Hafðu samband við sölumenn okkar til að fá nánari upplýsingar.

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is

ÞRÍR FRÁBÆRIR OFNAR FRÁ TURBOCHEF

Turbochef ofnarnir eru einfaldir í notkun, taka lítið pláss og rafmagnsnotkun er í lágmarki. Þeir elda 10-12 sinnum fljótar en hefðbundnir ofnar og ekki þarf sérstaka loftræstingu frá þeim.



i3 i5

Hámarka afköst og fjölhæfni með eldun í gastróflátum úr málm. Þurfa ekki loftræstiháf, taka lítið pláss og ódýrir í rekstri.

Hraðinn og þægindin koma ekki niður á gæðum matarins!

HhC 2020

Einstök hitablásturs tækni hitar matinn hraðar en nokkur önnur eldunaraðferð og notar mikið minna rafmagn.

Meiri afköst, minna pláss, einfaldur í notkun og ódýrari í rekstri.



i1 Söta

Ofninn, sem beðið var eftir fyrir kaffihús og minni veitingastaði.



Þú sérð meiri upplýsingar á www.pmt.is með því að smella á Turbochef (neðarlega á lista til vinstri).

Hringdu í 567 8888 og við sendum þér bækling.

Plast, miðar og tæki ehf.

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | www.pmt.is



Samkeppni um land – orð í tíma töluð

– Þurfum rammaáætlun um landnýtingu

Þann 19. febrúar síðastliðinn efndi Rótaryklúbbur Rangæinga til málþings um landnýtingarstefnu í Rangárþingi að Gunnarsholti á Rangárvöllum undir heitinu „Samkeppni um land“. Það var fjölsótt, á annað hundrað manns fylltu sal Frægarðs og var greinilega mikill áhugi á þessu máli, bæði hjá fólki úr héraði og utan þess. Málþingsins var getið stuttlega í síðasta Bændablaði.

Gott yfirlit


Á málþinginu voru flutt samtals 10 erindi, bæði með efni úr héraði og á landsvísi. Sveitarfélagið Rangárþing eystra er nú að láta vinna að flokkun landbúnaðarlands, sem er hið brýnasta mál sem liður í skipulagi, og var við hæfi að fyrsta erindið fjallaði um það verkefni. Vakin var athygli á hinni miklu fjölbreytni í landgerðum og landsnyttjum á sveitarfélaginu og nýtingargildi þess með ýmsum hætti.

Ýmsar spurningar hafa vaknað og umræður eru greinilega miklar í sveitarfélaginu um þætti á borð við tengsl akuryrkjúlunds, skógræktar og náttúruverndar. Slíkt tengist vaxandi ferðaþjónustu sem farin er að ná í auknum mæli yfir vetrarmánuðina, ekki aðeins hið stutta íslenska sumar.

Að ferðaþjónustunni var sérstaklega vikið í einu erindanna og bæði skógrækt og akuryrkja fengu sinn skerf í dagskránni. Þá var fjallað um allar helstu búgreinarnar og kom fram að afkoma þeirra væri mjög misgóð, best í loðýrarækt og mjólkurframleiðslu um þessar mundir. Í heildina fékkst ágætt stöðumat hvað varðar landnýtingu þar eystra vegna þess hve erindin spönnuðu vítt svið.

Er samkeppni?

Ekki var við því að búast að umræður sköpuðust um marga þætti fjölþættrar dagskrá sem spannaði aðeins rúmar þrjár klukkustundir. Erindin vöktu fyrst og fremst spurningar, sumar þeirra mjög tímabærar, og er greinilega að mörgu að hyggja þegar hugað er að æskilegri stefnu landnýtingar til framtíðar. Með vaxandi þörf fyrir matvæli og bætta nýtingu þeirra, með hækkandi matvælaverði og með seinni tíma vaxandi eftirspurn eftir landi til framleiðslu orkujurta, svo sem olíurepju, er a.m.k. á erlendum vettvangi víða komin upp mikil samkeppni um land. Gengur þetta svo langt, t.d. í Afríku, að fjársterkir aðilar, t.d. frá Kína, hafa náð eignarhaldi á stórum svæðum. Í Evrópu er keimlík þróun, t.d. í Póllandi, þar sem bændur í bestu akuryrkjuhéruðunum í nágrenni Varsjár, með tryggasta markaðinn, horfast í augu við



Ólafur Dýrmundsson

fjárfestingarfyrirtæki vestan frá öðrum ESB-löndum sem ekki aðeins yfirbjóða venjulega bændur og „safna“ landi heldur eru með áform um ræktun erfðabreyttra nytjajurta (GMOs) sem mikil andstaða er gegn meðal bæði bændu og neytenda. Þetta fellur undir þá þróun sem á enskri tungu kallast „land grabbing“ og hér hefur verið kallað „jarðasöfnun“, reyndar ekki enn í stórum stíl hérlandis. Hefur m.a. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra varað réttilega við slíkri þróun. Sumir kunna að segja sem svo að ekki sé hætta á sambærilegri þróun á Íslandi og benda m.a. á tölulegar upplýsingar um eignarhald jarða, sbr. allvíðtæka umfjöllun um slíkt í Fréttablaðinu í febrúar sl. Á málþinginu í Gunnarsholti lá þó í loftinu eftir erindin, þótt það kæmi ekki fram í umræðunum fyrr en rétt í lokin, að samkeppni um land er hafin hérlandis. Jarðasöfnun var töluverð, einkum eftir gildistöku nýju jarðalaganna 2004, en mikill afturkippur varð við bankahrunið 2008. Sömuleiðis er fyrirsjáanleg samkeppni á milli hinna ýmsu nýtingarkosta, þeirra sem varða landbúnaðarframleiðslu og annarra. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og alls ekki má sofa á verðinum. Gildir þá einu hvort Ísland gengur í Evrópusambandið eða ekki.

Hætta á árekstrum

Það lofsverða framtak sveitarfélagsins Rangárþing eystra að láta flokka landbúnaðarland, og reyna þannig m.a. að vernda akuryrkjuland, gefur gott fordæmi fyrir framtíðina. Vitað er um fleiri sveitarfélög sem farin eru að huga að slíku, t.d. Kjósarhreppur. Á landsvísi þarf að huga að þessum málum í víðara samhengi og renna þar með traustari stöðum undir landsskipulagsstefnu Skipulagsstofnunar ríkisins fyrir



Greinilega er að mörgu að hyggja þegar hugað er að æskilegri stefnu landnýtingar til framtíðar.



Frá Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum. Mikilvægt er að láta flokka landbúnaðarland og reyna þannig meðal annars að vernda akuryrkjuland.

2013-2024. Það er ekki einfalt mál, því að við blasa tilefni til samkeppni um land og jafnvel árekstra sem ráðamenn þurfa að gera sér grein fyrir áður en í óefni er komið. Dæmi um slíkt gætu verið áform um stórfellda ræktun korns og olíurepju, væntanlega að verulegu leyti á mýrlendi sem stendur nú undir um 2/3 ræktaðs lands, á sama tíma og verið er að herða kröfur um votlendisvernd og jafnvel farið að moka ofan í skurði með opinberum

stuðningi. Þá vilja ævintýramenn í ferðaþjónustu dreifa hreindýrum í fleiri landshluta utan Austurlands, án tillits til gróðurverndarsjónarmiða. Asparrækt í láglandismýrum gæti orðið annað ágreiningsefni, einnig ræktun erfðabreyttra nytjajurta (e. GMOs). Eða þá uppkaupt fjársterkra aðila, innlendra sem erlendra, á samfelldum svæðum með margvíslegu nýtingarkosti. Hvernig á síðan að varðveita blómlega sveitabyggð?

Landnýtingaráætlun – heildarsýn

Árið 1986 gaf Landbúnaðarráðuneytið út skýrsluna Landnýting á Íslandi og forsendur fyrir nýrri landnýtingaráætlun, sem var afrakstur nefndarstarfs í hálf t. annað ár í ráðherrafrá Jóns Helgasonar frá Seglbúðum, undir forystu Sveinbjörns Dagfinnssonar ráðuneytistjóra. Var verk þetta unnið í samræmi við þingsályktun sem Davíð Aðalsteinsson alþingismaður hafði frumkvæði að veturinn 1983-84. Nú, aldarfjórðungi síðar, er orðið mjög tímabært að ríkisstjórnin, með ráðherra landbúnaðar- og umhverfismála í broddi fylkingar, láti hefja markvissa og faglega vinnu við gerð nýrrar landnýtingaráætlunar með virkri þátttöku hagsmunaaðila. Áætlunin mætti gjarnan heita Rammaáætlun um landnýtingu og má í því sambandi vísa til meira en áratugar vinnu við Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem myndar grundvöll undir þann málaflokk. Að fenginni þeirri reynslu hefur einnig verið unnið að Rammaáætlun um vernd og



nýtingu náttúrusvæða. Sú heildræna nálgun sem fæst með slíkri vinnu myndar traustan grundvöll undir bæði umræður og ákvarðanatöku um nýtingarkosti, og umfram allt, getur komið í veg fyrir árekstra og alvarleg mistök. Töluvert er til af stefnumótandi skýrslum sem komið hafa út í seinni tíð, svo sem um landbúnaðarland, náttúruvernd, landgræðslu og skógrækt, en heildarsýnina vantar. Því tel ég að sá málflutningur sem á borð var borinn í Gunnarsholti í lok þorra hafi verið eins konar forréttur, a.m.k. orð í tíma töluð.

Ólafur R. Dýrmundsson, Ph.D. er landsráðunautur Bændasamtaka Íslands í lífrænum búskap og landnýtingu.



Skógur í Hörgárdal. Þótt skógar séu enn lítið hlutfall af heildarlandi er skógrækt þegar farin að valda árekstrum.



NÝSKÖPUNARVERÐLAUN
ÍSLANDS

Íslensk framleiðsla

ChitoClear™



ChitoClear™

Fæst hjá
Dýralæknum,
hesta- og
búvöruverslunum
um allt land

Útsölustaðir:

Akureyrarapótek, Fákasport, Kiddý
Egilstaðir, Hestar og Menn, Lífland,
KS Sauðárkróki, Siglufjarðarapótek,
Top Reiter og Dýralæknar um allt land



www.primex.is

primex

Primex ehf. Óskarsgata 7, 580 Siglufjörður
Sími.: 460 6900 Fax: 460 6909 • info@primex.is • www.primex.is

Íslenskt sárasprey fyrir öll dýr

- ▶ Einstaklega græðandi
- ▶ Hægir á blæðingu
- ▶ Dregur úr sársauka og kláða
- ▶ Myndar filmu og hlífir sárinu
- ▶ Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun

Núna einnig fáanlegt í geltúpum

NEW HOLLAND
AGRICULTURE

NEW HOLLAND

T5070 á eldra gengi

Helsti búnaður: 113 hestafla 4 strokka mótör
Kúplingsfrí skipting 24x24 með vökvavendigr
3 hraðar í aflúttaki
3 vökvaventlar (6 vökvaúttök)
Flotmiklir hjólbarðar
Alö Q36 eða Q46 ámoksturstæki eftir vali



Eigum örfáar dráttarvélar til afgreiðslu strax

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is
kraftvelar@kraftvelar.is



Garðyrkja & ræktun

Hellulagnir og undirvinna

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og því ekki úr vegi að fara að hugsa um hellulagnir ef til stendur að helluleggja í sumar.

Til þess að hellulagnir takist vel þarf að vanda allan undirbúning og gæta vel að undirvinnunni. Fjarlægja verður allt lífrænt og frostvirkt efni og setja í staðinn efni sem ekki verður fyrir rúmmálsbreytingum við það að frjósa. Þetta er gert til þess að hellurnar fari ekki af stað í næsta frosti.



Hér má sjá fallegar hellur frá BM Vallá og snyrtilega hellulögn. Mikilvægt er að vandað sé til verka varðandi undirlagið.



Hér er greinilega vandað til verka.

Mynd / BM-Vallá

Mikið úrval af hellum í boði


Áður fyrr var algengt að nota náttúrulega steina í hellulagnir en það gat verið bæði erfitt og tímafrekt. Á undanförunum árum hefur framleiðsla á forsteyptum hellum aukist mikið og geta garðeigendur því valið úr ótrúlegu úrvali stærða, þykkta og lita. Einnig er hægt að fá einingar sem raða má í hringi eða alls kyns munstur.

Ráðlegt er að hafa minni og þykkari hellur í bílastæði en í göngustíga, þar sem litlar og þykkar hellur þola þunga betur en stórar.

Gott undirlag nauðsynlegt

Undirlag fyrir hellur þarf að minnsta kosti að vera 70 til 80 sentimetrar, nema komið sé niður á fast áður, og gæta verður þess að breiddin sé nokkuð meiri en breiddin á hellulögninni. Þetta er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir frostlyftingu frá hlið. Þegar búið er að moka burt öllu lífrænu efni eru settir 60 til 70 sentimetrar af góðri grús í holuna. Best er að kornastærð grúsarinnar sé misjöfn því þá fæst betri þjöppun. Þegar búið er að sturta grúsinni í holuna skal bleyta hana vel og þjappa með jarðvegsspressu. Til að þjöppunin verði sem best er ráðlegt að þjappa grúsina í lögum.

Oftan á grúsina er síðan sett um það bil 10 sentímetra lag af finum sandi og ef setja á snjóbræðslurör undir lögnina skal hafa sandlagið riflegt.



Erlend útlistun á uppbyggingu gangstéttar. Því vandaðri sem undirbyggingin er, þeim mun betur endist stéttin.



Frá Austur-Evrópu.



Frá Verona.

Sandurinn er notaður til að slétta undirlagið og hellurnar eru lagðar á hann.

Þegar sandurinn er jafnaður skal gera ráð fyrir þykkt hellnanna. Ef hellurnar eru til dæmis fimm sentímetra þykkar þarf yfirborðið á sandinum að vera fjórum sentímetrum fyrir neðan endanlegt yfirborð þeirra. Þessi munur er hafður til að jafna út sigið sem verður í undirlaginu með tímanum.

Jarðvegurinn sléttaður

Þegar búið er að ákvarða hæð hellnanna eru járnör sett samsíða í sandinn með 1 til 1,5 metra millibili, svokallaðir leiðarar. Hæð leiðaranna er stillt þannig að efri brún þeirra er í sömu hæð og neðri hliðin á hellunum. Síðan er réttskeið dregin eftir þeim og þegar búið er að slétta út sandinn á þennan hátt eru leiðararnir fjarlægðir, sandur settur í raufarnar og hellurnar lagðar ofan á. Til að fá beinar línur í lögnina er gott að strengja hornréttar snúrir út frá húsinu og leggja eftir þeim. Að lokum er svo finum þússningarsandi sópað í rifurnar milli hellnanna.

Að lokum ætti fólk að hafa það í huga að hellulagnir krefjast jarðvegsskipta og það er bæði erfitt og seinvirkt að moka með höndunum. Ætti fólk því að fá vinnuvélar sé þess nokkur kostur.

Upplýsingatæknibásinn

Jón Baldur Lorange



WorldFengur:

Flestir áskrifendur eru í Þýskalandi

 sviðsstjóri
tölvudeildar Bændasamtaka Íslands
jbl@bondi.is

Áskrifendur WorldFengs, upprunaættbókar íslenska hestsins, voru 13.895 í alls 27 löndum í upphafi ársins. Þetta kemur fram í ársskýrslu WorldFengs fyrir árið 2012 sem var lögð fram á ársfundi FEIF í Strassborg í síðasta mánuði. Á tveimur árum hefur áskrifendum fjölgað um 4.336 talsins, eða 46 af hundraði. Ísland missir fyrsta sætið í fjölda áskrifenda til Þýskalands, en munurinn var ekki mikill, einn áskrifandi.


Áskrifendur að WorldFeng voru 3.363 talsins og hafði þá fjölgað um nær eitt þúsund á einu ári. 1. tafla sýnir fjölda áskrifenda eftir löndum og árum í þeim 10 löndum þar sem eru flestir áskrifendur. 2. tafla sýnir þróun í heildarfjölda áskrifenda á sama tímabili. Þá má geta þess að oft

samnýta fjölskyldur sama aðgang, sem þýðir að einstaklingar að baki þessum 14.000 áskrifendum eru mun fleiri.

Á sama tíma hefur heimsóknun á vefsetrið www.worldfengur.com fjölgað um 60 af hundraði, eða frá 490.104 í 782.387 á árinu 2012.

Fölöldum fækkar þriðja árið í röð



WorldFengur heldur utan um skráningar á fæddum folöldum í þeim aðildarlöndum FEIF sem skrá ættbækur sínar í upprunaættbók íslenska hestsins. Skrásetjarar WorldFengs í hverju landi sjá um þessar skráningar í samvinnu við Bændasamtök Íslands. Skráð folöld sem fæddust árið 2012 voru alls 10.355 þann 18. mars síðastliðinn



en rétt er að hafa í huga að ekki hafa allar skráningar á folöldum skilað sér þegar þetta er ritað. Varlega má áætla að þessi tala fari í um 12.000 folöld þegar allar skráningar eru komnar í hús. Þetta er um 2.000 folöldum færri en árið 2011, en þá fæddust 14.479 folöld miðað við stöðu skráningar í WorldFeng 18. mars síðastliðinn. Sjá nánar 3. töflu.

Skrásetjarar WF í Þýsklandi skráðu 5.220 hross í fyrra

Swantje Renken, skrásetjari WF hjá Þýska Íslandshestafélaginu, IPZV, skráði flest hross í upprunaættbókina á síðasta ári, 2.911 talsins. Fleiri en einn skrásetjari WF eru í Þýskalandi og skráðu þeir alls 5.220 hross á árinu 2012. Þetta sýnir að Þýskaland er komið í fullan gang með þátttöku í WF-samstarfinu. Lögð hefur verið mikil áhersla á það á síðustu árum að skrá inn öll íslensk hross í Þýskalandi, en þar eru næstflest íslensk hross á eftir Íslandi.



WorldFengur á Icelandic Horse Plaza á Landsmóti 2012. Á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins sem haldið verður í Berlín í sumar hefur Íslandshestafélagið í Þýskalandi, IPZV, boðið Bændasamtökum Íslands að kynna WorldFeng á sérstöku ræktunartorgi (Breeders Corner) sem móthaldarar standa að. WorldFengur verður því bæði á Íslenska hestatorginu og í Breeders Corner.

www.stolpiehf.is

Gámurinn er þarfaping!

Gistigámar • Geymslugámar • Salernishús

- » Til sölu og/eða leigu
- » Margir möguleikar í stærðum og útfærslum
- » Hagkvæm og ódýr lausn
- » Stuttur afhendingartími

Hafðu samband!
568 0100

Stólpi Gámar ehf
 Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Sími 568 0100

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Bændur – verktakar – bæjarfélög.

Macks liðléttingar, liprir og öflugir.

Mikið úrval fylgihluta og frábært verð.

Macks 227 1.810 kg. Macks 333 2.400 kg.

Perkins vél, vökva-hraðtengi, Bosch-Rexroth vökvakefi. CE og TUV samþykktir.

Skammur afgreiðslutími. www.macks.eu

ÁSAFL EHF

Hjallahraun 2 – 220 Hafnarfjörður

s. 562 3833 – www.asafl.is – asafl@asafl.is

Utan úr heimi

Sænsk fura í Örkinni hans Nóa

Að sögn blaðsins Skog.no hefur hollenski framkvæmda- og auðmaðurinn Johan Huberts smíðað 135 metra langa eftirlíkingu af Örkinni hans Nóa. Við smíðina naut hann hjálpar 40 smíða og til hennar þurfti sextíu þúsund rúmmetra af sænskri furu.

Fjöldi fólks hefur komið til að skoða þennan óvenjulega og nánast ótrúlega farkost, sem bundinn er við bryggju í bænum Dordrecht í Hollandi, um 18 km sunnan við Rotterdam. Í skipinu eru sýningar-salur og lystigarðar og þar er einnig

að finna skrifstofur, fyrirlestrasali, veitingahús og dýragarð með bæði lifandi dýrum og uppstoppuðum. Þá er í húsinu kvikmyndasalur þar sem sýndar eru kvikmyndir um efni úr Biblíunni, meðal annars syndaflóðið.

Johan Huberts er skapandi listamaður sem vill lýsa trú sinni án predikana. „Ég er ekki hefðbundinn predikari, ég er smíður og skipið er mín predikun,“ hefur hann sagt.

Smíði skipsins hófst fyrir þremur árum og var viðurinn sóttur til Smálanda í Svíþjóð.



Kjarnorkuverið í Fukushima í Japan varð illa úti í kjölfar jarðskjálfta og eldsvoða.

Hægur vöxtur á nýtingu kjarnorku til raforkuframleiðslu

Uppbygging kjarnorkuvera til raforkuframleiðslu hefur hægt á sér á undanförunum árum og nánast því staðið í stað. Fá merki eru um að breyting sé að verða á því. Það er álit eftirlitsstofnunarinnar Worldwatch Institute, að því er fram kemur í umfjöllun Landsbygdens Folk 8. mars síðastliðinn. Frá árinu 2010 hefur þessi framleiðsla aðeins aukist um fimm gígavött, einkum í austanverðri Asíu; Kína, Indlandi, Rússlandi og Suður-Kóreu, en jafnframt minnkað um 11,5 gígavött alls í Japan, Bretlandi, Frakklandi og Þýskaland.

Alls eru nú 65 kjarnakljúfar í byggingu í 14 löndum með 62 gígavatta framleiðslugetu, en 12 þeirra hafa verið í byggingu í meira en 20 ár. Í Kína eru 27 kjarnakljúfar í smíðum, en árið 2010 stóð landið fyrir 62% af uppbyggingu kjarnorkuvera í heiminum og hefur það hlutfall farið vaxandi frá árinu 2004. Þar á eftir fylgja Íran, Japan, Pakistan, Rúmenía og Suður-Kórea. Eftir kjarnorkuslysið í Fukushima í Japan hæðði á þessari uppbyggingu í heiminum og snemma árs eftir slysið var varanlega hætt að reka 13 kjarnakljúfa í Japan.

Núna eru til í heiminum 138 kjarnakljúfar sem hafa verið teknir úr notkun, með alls 49 gígavatta framleiðslugetu á ári. Árið 2009 var gert alþjóðlegt samkomulag um að byggja 26 nýja kjarnakljúfa, en nú er útlit fyrir að aðeins fjórir þeirra verði byggðir. Ástæðan er sögð hár byggingarkostnaður, m. a. vegna þess að öryggiskröfur í Japan hafa verið hertar. Þar eru nú aðeins 10 kjarnakljúfar af 54 í notkun. Margir fleiri hafa rekstrarleyfi en ríkisstjórnin hikar við að gangsetja þá.

Þýskaland hefur ákveðið að trappa niður rekstur kjarnorkuvera sinna, en þau hafa staðið fyrir fimmtingu af raforkuframleiðslu í landinu á síðustu árum. Átta kjarnakljúfar voru þar teknir úr notkun eftir slysið í Fukushima og áætlað er að níu að auki verði lokað fram til ársins 2022.

Þá hefur Sviss ákveðið að hætta raforkuframleiðslu með kjarnorku. Fyrsta ofninum verður þar lokað árið 2019 og hinum síðasta árið



Kjarnorkuver á Srí Lanka.

2034. Fleiri þjóðir ætla að fylgja fordæmi Svisslendinga í þessum efnum. Önnur lönd halda hins vegar óbreyttri stefnu í þessum efnum, svo sem Kína, Bandaríkin og Frakkland.

Miðað við þann mikla stuðning sem rannsóknir og þróun á nýtingu kjarnorkunnar til raforkuframleiðslu hafa fengið er nýting hennar nú minni en vænta mátti. Hámarki hingað til náði hún árið 2001, þegar hún nam 64% af raforkuframleiðslu heimsins, en árið 2010 nam hún aðeins 13% af heimsframleiðslunni.

Einungis í fjórum löndum, Rúmeníu, Slóvakíu, Bretlandi og Tékklandi, jókst raforkuframleiðsla með kjarnorku um meira en 1% milli árána 2009 og 2010. Meðalaldur kjarnaofnanna er nú 26 ár og því þarf að taka í notkun nýja ofna, sem framleiða alls 175 gígavött fyrir þá ofna sem hverfa úr notkun vegna aldurs á tímabilinu 2015-2025. Fátt bendir til að það muni gerast.

Fukushima og þrengri efna-hagur valda því að áhugi á nýtingu kjarnorku til raforkuframleiðslu fer dvínandi.



Gitte Grønbaek, framkvæmdastýra nautgriparæktardeildar Þekkingarseturs landbúnaðarins í Danmörku, og Peder Philipp, stjórnarformaður deildarinnar, fluttu setningarerindi fagþingsins. Fyrrihluti fyrri dags þingsins er af pólitískum toga og skiptast bændur og stjórnmalamenn þá á skoðunum um stöðu mála.

Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku 2013 – fyrri hluti:

Víða má bæta verulega nýtingu vinnutíma, fódurs, gripa og véla

Nýverið var haldið hið árlega fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku en þingið, sem kallast KvægKongres, var að vanda haldið í bænum Herning á Jótlandi. Líkt og undanfarin ár var fagþingið opið fyrir allt áhugafólk um nautgriparækt og var eftirtektarvert hve margir erlendir ráðunautar og dýralæknar voru staddir á fagþinginu. Á þessum árlegu fagþingum eru alltaf tekin fyrir bæði pólitísk og fagleg málefni nautgriparæktarinnar og standa þau yfir í tvo daga.

Alls sóttu þingið í ár tæplega tvö þúsund manns og eykst fjöldinn ár frá ári. Þannig sóttu t.d. um ellefu hundruð manns fagþingið árið 2011! Að þessu sinni var dagskrá þingsins skipt í tíu ólíkar málstofur og voru flutt um 80 ólík erindi þessa tvo daga. Auðvitað er ekki mögulegt að greina frá öllum erindunum hér en þó verður gerð tilraun til þess að lýsa grófllega helstu málstofum þingsins. Veki efnið hér fyrir neðan áhuga má nálgast öll erindin (flest á dönsku, sum á ensku) á heimasíðu fagþingsins: www.kvaegkongres.dk.

1. Fjármál

Í þessari málstofu voru flutt mörg afar áhugaverð erindi, sérstaklega erindi um mjólkurafurðamarkaðinn í framtíðinni sem hinn hollenski Mark Voorbergen flutti. Hann spáði því meðal annars að afurðastöðvaverð í framtíðinni myndi breytast oft innan hvers árs og það væri veruleiki sem kúabændur þyrftu að laga sig að. Skýringin fælist í verðsveiflum á heimsmarkaði og þar sem flestar stærri afurðastöðvar heims væru háðar sölu á þeim markaði myndi afurðastöðvaverðið sveiflast með heimsmarkaðsverðinu. Þá var erindi hins bandaríska Terry R. Smith áhugavert, en hann fjallaði um þau tækifæri og stjórnunarlegu vandamál sem fylgja því að reka stór kúabú. Með því að vera með marga starfsmenn breyttist staða kúabóndans úr því að gera „allt“ yfir í að verða framkvæmdastjóri fyrirtækis, sem virðist henta bændum afar misjafnlega. Þá er vert að nefna fróðlegt erindi þeirra Karsten Bixen, ráðunautar hjá Jyske Bank, og kúabóndans Hans Jakobs Fenger, en þeir fjölluðu um mikilvægi góðs sambands bændna og banka. Áhersla



Fjöldmenni var á mörgum af fyrirlestrum fagþingsins enda mörg einkar áhugaverð viðfangsefni sem voru tekin fyrir.

þeirra á mikilvægi þess að bankarnir hefðu fagfólk í landbúnaði í vinnu var eftirtektarvert, sem og brýning Hans Jakobs til kúabænda um að þeir þyrftu að vanda sig vel þegar þeir veldu sér bankaráðgjafa, þar gæti skilið á milli góðrar og slæmrar afkomu!

2. Bústjórn

Í málstofunni um bústjórn voru auðvitað mörg afar góð erindi. Má þar t.d. nefna erindi ráðunautarins Kim Ladekjær, sem ræddi þau bústjórnarlegu vandamál sem fylgja því að hámarka nýtingu aðfanga og að ná sem bestum árangri í sem flestum breytum innan kúabúsins. Fullyrða má að víða megi bæta verulega nýtingu vinnutíma, fódurs, gripa, véla eða t.d. fasts kostnaðar, svo erindi sem þetta er trúlega afar gagnlegt mörgum. Önnur góð erindi má nefna, s.s. kúabóndans René Lund Hansen sem fjallaði um reynslu sína af notkun ólíkra ráðunauta. Þá fór töluverð umræða í bústjórnina sem snýr að mannahaldi, en margir kúabændur hafa lent í vandræðum með starfsfólk og starfsmannastjórnina. Meðal annars má nefna misgóða reynslu af ráðningu á erlendu starfsfólki sem ekki talar móðurmál kúabóndans. Þegar það gerist verða samskiptin allt öðruvísi en þegar fólk talar sama mál. Þetta hentar bændum afar misvel og því mikilvægt að gera sér grein fyrir þessu áður en starfsmaður er ráðinn.

3. Framleiðslustjórnun

Málstofan um framleiðslustjórnun var afar vel sótt af þátttakendum enda gátu gestirnir tekið með sér heim mikinn fróðleik um stjórn framleiðslunnar. Erindin voru nokkuð fjölbreytt og mátti t.d. fá gagnleg ráð þarna um aðfangastjórnun og einnig hvernig ýmis gagnleg forrit má nota til þess að létta sér eftirlit með framleiðslunni. Árlega koma á markaðinn ný hjálparforrit og smáforrit fyrir snjallsíma sem geta jafnvel sótt skýrsluhaldsupplýsingar í gagnagrunna og reiknað út hina og þessa þætti sem nýtast við framleiðslustjórnunina. Nánast má fullyrða að full vinna sé fólgin í því einu að fylgjast með nýjungum á þessu sviði, svo mikil gerjun á sér stað. Eitt áhugaverðasta erindið í þessum flokki var þó yfirlitserindi um ísraelska mjólkurframleiðslu, en ísraelskir kúabændur hafa undanfarin ár verið í sérflakki hvað snertir afurðasemi kúa og magn framleiðslunnar á hverja vinnustund. Erindi um betri hagkvæmni við mjólkurframleiðslu með mjaltþjónum á líklega erindi til marga hérlandra bændna, en nýleg skoðun Dana á þessu sýnir að breytileiki á milli mjaltþjónaþabúa hvað snertir afkomu, afurðasemi og kostnað er meiri en gerist meðal annarra kúabúa. Framleiðslukostnaður með mjaltþjónum er að jafnaði töluvert meiri en framleiðslukostnaður með

hefðbundnum mjaltatækjum en þó eru til mjaltapjónabú sem hafa jafn lágan framleiðslukostnað og þau bú sem best standa sig í Danmörku. Erindi um ólíka umferðarstjórnun í dönskum mjaltapjónabúum vakti einnig athygli, þar sem fram kom að nánast engu máli skiptir hvaða umferðarstjórn er valin (frjáls, stýrð, hálfstýrð eða fóður fyrst) þegar horft er til mjaltatíðni eða fjölda kúa sem þarf að sækja í mjaltir. Reynslan sýnir að góður bóndi geti unnið með hvaða kerfi sem er og náð góðum árangri!

4. Framleiðslutæknin

Erindi í þessari málstofu drógu að sér marga áheyrendur eins og alltaf. Kynntar voru hugmyndir um þriggja þrepa þvottakerfi fyrir mjaltakerfi, líkt og þau sem mjaltapjónar nota jafnan, sem þó eru án klórs, fosfats og nitrats, en þessi efni verða óheimil til notkunar við kerfisþvotta í Danmörku í lok næsta árs. Þá voru haldin nokkur góð erindi um slysavarnir í sveitum undir yfirskriftinni „Þetta kemur nú ekki fyrir mig“ þar sem voru m.a. birtar frásögur bænda sem höfðu lent í áföllum. Á stærri kúabúum er oft erfitt að halda utan um allt viðhald og því var kynnt til sögunnar TPM-kerfið (e. total productive maintenance), sem má kalla heildarframleiðsluviðhald. Þetta er einfalt eftirlitskerfi sem er notað til þess að halda utan um fyrirbyggjandi viðhald á öllum mögulegum tækjum búans. Að síðustu má nefna hér langvinsælasta erindi fagþingsins, en það kallaðist einfaldlega „hin snjalla hugmynd“. Þar var farið í máli og myndum yfir ótrúlegustu hugmyndir



og útfærslur sem danskir kúabændur hafa sjálfir fundið upp og komið sér upp í tengslum við vinnuhagræðingu.

5. Fóðuröflun

Einkar góð erindi voru flutt um fóðuröflun, en nú leggja danskir ráðunautar áherslu á að bæta gróffóðuröflun kúabúanna (innskot: gróffóður er flokkað sem allt vothey, hvort sem það kallast gras, maís eða heilslegið korn). Þar var m.a. kynnt vinnuhugmyndin „Fóðurskólinn“ sem er tilraun danskra fagaðila til þess að kenna bændum betri nýtingu gróffóðursins og að verða betri í því að ná góðu gróffóðri. Í næsta Bændablaði verður fjallað um aðrar málstofur fagþingsins: ein þeirra fjallaði um kúna sjálfa, önnur um kjötrframleiðsluna, sú þriðja um kúakynin, sú fjórða um sauðfjárrækt og sú fimmta var almenns eðlis.

Snorri Sigurðsson
sns@vfl.dk
Þekkingarsetri nautgripa-
ræktarinnar í Danmörku

Róttæk tilraun til að draga úr mengun og flytja náttúruna inn í Mílanó á Ítalíu: Skógur í tveim íbúðaturnum

Mílanó á Ítalíu er sögð ein af menguðustu borgum heims. Þar hefur verið í gangi svokallað Bosco Vertical-verkefni, sem miðar að því að draga úr loftmegnun og þeim umhverfisskaða sem þegar er búið að valda. Er það gert með því að útbúa háar blokkir sem eins konar trjágarða upp á endann. Er þetta jafnframt tilraun til að flytja hluta af náttúrugæðum inn í borgina, en byggingarnar eiga að verða fullbúnar í sumar.



Þarna er um tvö háhýsi að ræða sem hafa innbyggt sólarorkuknúið orkukerfi og eru með tré og garða undir grænmetisrækt á svölunum.




Er plöntunum ætlað að fanga eitthvað af loftmengun borgarinnar og binda koltvísýring. Með þessum byggingum hugsa hönnuðirnir sér að hægt sé að draga úr þörf fyrir utanaðkomandi orku til hitunar og fyrir kælingu íbúðanna sem þarna eru. Hugmyndin er einnig sú að turnarnir, sem verða nánast þaktir í trjágróðri, hafi jafnframt áhrif til að tempra lofthita í kringum sig. Annar turninn er um 87 metrar á hæð og hinn er um 119 metrar á hæð og svalir eru um 8.900 fermetrar. Samanlagt geta verið á svölum þeirra um 480 stór og meðalstór tré, 250 lítul tré, um 11.000 láglöntur og um 5.000 runnaplöntur. Þetta á að samsvara um 2,5 ekrum af skógi eða rúmlega einum hektara (um 10.117 fermetrar).



Staðsetning turnanna í Mílanó.

Það tók grasafraðinga meira en tvö ár að finna út hvaða tré og gróður væri heppilegt að nota á svalir bygginganna. Voru plönturnar sérvaldar og ræktaðar fyrir verkefnið. Það var arkitektastofan Stefano Boeri Architetti sem hannaði byggingarnar, þ.e. Stefano Boeri og Michele Brunello.



Hækkun á verði matvæla á heimsmarkaði í pípunum

Sérfræðingar Rabo-bankans í Hollandi spá verulegri hækkun á verði matvæla á heimsmarkaði á þessu ári. Þeir vitna þar til þróunar á vísitölu matvælaeyðis, sem FAO, Matvælastofnun SP, gefur út. Starfsmenn bankans telja forsendur fyrir því að ný verðmet á matvælum verði sett. Meðal ástæðna þessara hækkana eru útbreiddir þurkar í Bandaríkjunum og Suður-Ameríku á síðasta ári, en einnig í Rússlandi og á vissum svæðum í Ástralíu og Eyjaálfu. Þessar verðhækkanir hvetja bændur til aukinnar kjöt- og mjólkurframleiðslu en eftir sem áður verður verð afurðanna hátt, að því er fram kemur í Landsbygðens Folk. Kornverð á Chicago-markaðinum gæti þá legið á um 250 evrum tonnidi en á markaðinum Matif í París um 270 evrur tonnidi. Verðhækkanirnar geta dregið úr hagnaði í kjöt- og mjólkurframleiðslu og ásettum gripum fækkað í framhaldi af því, sem aftur leiðir til minni framleiðslu og hækkunar á verði þessara afurða. Í mjólkurframleiðslunni er við því að búast að reksturinn þyngist á svæðum þar sem sojammjöl og maís eru mikilvæg í fóðri gripanna. Það á við um mörg lönd ESB, sem og

Argentínu og Ástralíu. Í löndum þar sem kýr ganga á beit mestallt árið, svo sem á Nýja-Sjálandi og Írlandi, íþyngir fóðurverðið ekki eins mikið. Á heildina litið væntir Rabo-bankinn nokkurs samdráttar í mjólkurframleiðslu í ár og að í kjölfar þess muni mjólkurverð hækka í fyrra horf, jafnvel að það geti orðið herra en áður hefur þekkt. Mjólkurbú geti hins vegar lent í vandræðum með að hækka afurðaverð sitt í samræmi við það. Gildandi viðskiptasamningar, verðnæmir neytendur og hin sterka staða matvöruverslana þrengir stöðu mjólkurbúanna. Óútreiknanlegt veðurfar Ein forsenda framleiðslu og sölu mjólkur- og mjólkurafurða og að eftirspurn eftir þeim haldist er að efnahagur almennings víða um heim versni ekki, svo sem vegna efnahagskreppu eða breytinga á styrkjaþólutíft. Það á t.d. við um Bandaríkin. Breytingar á veðurfari geta einnig breytt högum almennings verulega víða um heim. Að áliti Geimferðastofnunar Bandaríkjanna, NASA, eru líkur á að veðurfar á jörðinni hlýni á næstu áratugum.



VERÐ FRÁ 139.900

BÍLSKÚRSHURÐIR

Aðeins 7-10 daga afgreiðslufrestur! Auðveldar í uppsetningu. Frábært verð.

Íslensk framleiðsla í samstarfi við Límtré/Vírnet. Þú getur fengið fulningar eða sléttar hurðir, báðar gerðir eru með viðaryrjum. Einangrunin er polystyrene. Þykktin er 35mm. Standard litur er hvítt en við getum útvegað hurðir í mörgum litum. Afgreiðum um land allt - kynntu þér málið í næstu verslun.

FAGMANN KLUBBUR NÚ LÍKA FYRIR BÆNDUR! ERTU BÚINN AÐ SKRÁ ÞIG?

HÚSASMÍÐJAN Í HEIMABYGGÐ



29.995 kr.

LÆGSTA LÁGA VERÐ



13.995 kr.

Þunnir vinnugallar Mascot
5859601-7/ 5859621-25



30% afsláttur af öllum öryggiskóm í mars ef þú ert í Fagmannaklúbbnum

12.395 kr.

Öryggisskór Everest S1P
5871157-1166



3.499 kr.

LÆGSTA LÁGA VERÐ



LÆGSTA LÁGA VERÐ

149.000 kr



8.995 kr.

Stjörnuskel Blá 6-7 manna
8070606

Slípirokkur G13SS
125 mm, 580W, 11.000 sn/min
5247394



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Fólkið á bak við faglega þjónustu RML

Ráðunautar sem áður heyrðu beint undir Bændasamtök Íslands eru nú orðnir starfsmenn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, sem er sjálfstæður rekstaraðili en í eigu BÍ. Starfsmenn RML eru síðan með starfsstöðvar víðsvegar um land en höfuðstöðvar félagsins eru á Hvanneyri.

Búfjárræktarsvið RML

Fagsviði búfjárræktar tilheyra faghópar nautgriparræktar, sauðfjárræktar, hrossaræktar, loðdýraræktar, svínaræktar, alifugla- og eggjaframleiðslu. Þar fyrir utan tilheyra þjónustufulltrúar skýrsluhaldsins fagsviði búfjárræktar en þeir vinna þvert á búgreinar. Framkvæmd ræktunarstarfs og skýrsluhalds í nautgriparrækt, sauðfjárrækt og hrossarækt er á höndum RML en auk þess annast starfsmenn sviðsins alla sérhæfða ráðgjöf innan hvernar búgreinar og koma að heildstæðri búreistraráðgjöf í samstarfi við starfsfólk annara sviða.

Framkvæmd skýrsluhalds og ræktunarstarfs er umfangsmikið verkefni þar sem skráning og uppgjör kynbótaskýrsluhalds, búfjárdómar og almenn ráðgjöf varðandi framkvæmd ræktunarstarfsins eru stærstu póstarnir. Jafnframt er lögð áhersla á að byggja upp sérþekkingu innan hvernar búgreinar t.d. varðandi frjósemi, uppeldi, sérhæfða aðbúnaðarráðgjöf, lífræna ræktun og ýmsa aðra þætti tengda framleiðsluumhverfi hvernar greinar.

Ábyrgðarmaður leiðir starf hvers faghóps og situr hann jafnframt sem fulltrúi RML í fagráði viðkomandi búgreinar. Með því skapast mikilvæg tenging við búgreinina sem nýst getur til að byggja upp ráðgjöf og þjónustu sem nýtist búgreininni sem best.



Nafn: Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir. **Starfsheiti:** Fagstjóri búfjárræktarsviðs.

Starfsstöð: Hvanneyri, en verður brátt Akureyri.

Uppruni og búseta: Fædd á Akureyri 30. júlí 1976, uppalin á Svertingsstöðum 2 í Eyjafjarðarsveit, þar sem bæði er stundaður kúa- og sauðfjárbúskapur. Bý nú á Hesti í Borgarfirði.

Menntun og fyrri störf: Búfræði og búvísindamenntuð frá Hvanneyri. Með meistaraþráðu í erfðafræði frá Danska Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn árið 2005. Er nú í doktorsnámi. Fyrri störf eru fjölbreytt en þó flest tengd landbúnaði á einn eða annan hátt. Kom til RML frá Bændasamtökum Íslands þar sem ég starfaði sem landsráðunautur í nautgriparrækt frá 2007.

Faghópur í nautgriparrækt

Faghópur í nautgriparrækt innan RML sinnir sérhæfðri ráðgjöf og framleiðslu- og kynbótaskýrsluhaldi í nautgriparrækt. Helstu verkefni sem

falla undir nautgriparrækt hjá RML varða einkum kynbótastarfið, þ.e. skýrsluhald og merkingar, kúa- og kvíguskoðun, val kynbótagripa og gerð þörunaráætlana. Starfsmenn nautgriparræktarinnar hjá RML sinna einnig ráðgjöf er lýtur að frjósemi nautgripa, uppeldi gripa, kjótframleiðslu og ýmsum þáttum er snúa að framleiðsluumhverfi greinarinnar.



Nafn: Guðmundur Jóhannesson. **Starfsheiti:** Ábyrgðarmaður í nautgriparrækt.

Starfsstöð: Selfoss

Uppruni og búseta: Fæddur á Jörfa í fyrrum Kolbeinsstaðahreppi. Búsettur á Selfossi.

Menntun og fyrri störf: Stúdent frá Menntaskólanum í Hamrahlíð og búfræðikandidat frá Hvanneyri. Var nautgriparræktarráðunautur hjá BSSL, þar áður héraðsráðunautur í A-Skaft.



Nafn: Guðmundur Páll Steindórsson. **Starfsheiti:** Ráðunautur í nautgriparrækt.

Starfsstöð: Akureyri

Uppruni og búseta: Fæddur í Þríhyrningi í Hörgárdal 1. janúar 1946. Búsettur á Akureyri.

Menntun og fyrri störf: Búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1966 og búfræðikandidat 1970. Ráðunautur frá útskrift, fyrst hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar 1970-1971, síðan Sambandi nautgriparræktarfélagi Eyjafjarðar 1971-1977 og aftur hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar frá 1977. Frá árinu 2000 jafnframt ráðunautur í Þingeyjarsýslum. Hef aðallega sinnt nautgriparrækt. Framkvæmdastjóri SNE 1972-1977 og BSE 1988-1995.



Nafn: Friðrik Jónsson.

Starfsheiti: Ráðunautur í nautgriparrækt.

Starfsstöð: Hvanneyri og Reykjavík. **Uppruni og búseta:** Fæddur í Bárðardal og uppalinn í Eyjafirði. Búsettur í Kópavogi og kona hans er Jónfríður Jóhannesdóttir.

Menntun og fyrri störf: Búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1968 og búfræðikandidat 1973. Bóndi í Eyjafirði til 1986. Ráðunautur á Vesturlandi frá þeim tíma.



Nafn: Þórður Pálsson.

Starfsheiti: Ráðunautur í nautgriparrækt.

Starfsstöð: Blönduós.

Uppruni og búseta: Er fæddur og uppalinn í Sauðanesi Austur-Húnavatnssýslu. Búsettur á Blönduósi.

Menntun og fyrri störf: Var ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda og starfaði aðallega við nautgriparrækt, rekstaráætlanir, forðagæslu, sauðfjárdóma og kom að vinnu við kynbótasýningar hrossa. Útskrifaðist með BS-próf frá Búvísindadeildinni á Hvanneyri vorið 1999. Er einnig með próf sem slökkviliðsmaður og sjúkraflytningsmaður (EMT-I).

Faghópur í sauðfjárrækt

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sinnir ráðgjöf og ber faglega ábyrgð á ræktunarstarfi sauðfjár. Helstu verkefni eru vinna tengd skýrsluhaldinu og úrvinnslu gagna, sauðfjárdómar, afkvæmarannsóknir, þjónusta við sæðingastöðvarnar ásamt því að sinna leiðbeiningastarfi með fræðsluerindum, námskeiðahaldi og einstaklingsmiðaðri ráðgjöf.



Nafn: Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Starfsheiti: Ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt.

Starfsstöð: Sauðárkrúkur.

Uppruni og búseta: Fæddur og uppalinn á Syðra-Skórðugili. Búsettur í Sólheimagerði í Blönduhlíð, Skagafirði og stundar þar sauðfjár- og hrossarækt ásamt sambýliskonu og dóttur.

Menntun og fyrri störf: Lauk námi frá Búvísindadeildinni á Hvanneyri árið 2001 og útskrifaðist af reiðkennarabroti Hólaskóla sama ár. Lauk árið 2011 M.Sc. prófi frá Hvanneyri en tók hluta af náminu í Ástralíu. Meistaraprófsverkefnið fjallaði um rafrænt dillakjötmat. Starfað sem ráðunautur í sauðfjár- og hrossarækt í Skagafirði frá árinu 2001.



Nafn: Árni Brynjar Bragason.

Starfsheiti: Ráðunautur í sauðfjárrækt.

Starfsstöð: Hvanneyri.

Uppruni og búseta: Fæddur 19. desember 1959. Foreldrar Bragi Sigurjónsson og Ragnheiður Dórothea Árnadóttir, nú búsett að Geirlandi við Suðurlandsveg. Búsettur á Þorgautsstöðum 2 í Hvítársíðu, kvæntur Þuríði Ketilsdóttur og eiga þau fjögur börn. Reka þar sauðfjárbú og litla garðplöntustöð.

Menntun og fyrri störf: Stúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi 1979, búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1980, búfræðikandidat 1983 og garðplöntufræðingur frá Garðyrkjufræðiskólanum á Reykjum 1988. Starfaði hjá Sauðfjárveikivörnum að Keldum 1983-1985 og Gróðrastöðinni Mörk 1986-1988. Hóf störf við Bændaskólann á Hvanneyri, síðar LBHÍ, 1989 og kenndi þar við bændadeild fram á árið 2009. Ráðunautur hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands á Hvanneyri frá 2008.



Nafn: Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Starfsheiti: Ráðunautur í sauðfjárrækt.

Starfsstöð: Hvanneyri.

Uppruni: Frá Ásgarði í Hvammsveit í Dalasýslu, þar sem rekið er sauðfjárbú.

Menntun og fyrri störf: Búfræðingur frá Hvanneyri 2006, BS-90 í búvísindum frá sama stað 2009 og masterspróf í kynbótafræði frá UMB, Noregi 2011. Lokaverkefni í mastersnámi var ræktunarskipulag fyrir íslenska sauðfjárstofninn. Vann hjá Búnaðarsambandi Austurlands haustið 2011. Kom til starfa hjá Bændasamtökum Íslands í nóvember 2011. Hef einnig sinnt stundakennslu við bændadeild LBHÍ.



Nafn: Fanney Ólöf Lárusdóttir.

Starfsheiti: Ráðunautur í sauðfjárrækt.

Starfsstöð: Kirkjubæjarklaustur.

Uppruni og búseta: Fædd og uppalin á Kirkjubæjarklaustri II í Skaftárhreppi. Er gift Sverri Gíslasyni og eiga þau þrjú börn. Í ársbyrjun 2003 tóku Fanney Ólöf og Sverrir við sauðfjárbúskap á Kirkjubæjarklaustri II og búa þau með 550 fjár.

Menntun og fyrri störf: Lauk grunnskóla í Kirkjubæjarskóla 1986. Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1990. Búfræðiprófi 1991 og búfræðikandidatsprófi 1995. Var í hálfu starfi sem héraðsfulltrúi hjá Landsgræðslu ríkisins árin 1995 til ársbyrjun 1997 í Vestur-Skaftafellssýslu. Hóf störf 1994 hjá Búnaðarsambandi Suðurlands með námi, þá lausráðin í bændabókhald. Fastráðin frá 1995sem sauðfjárræktarráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands. Var í stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda frá 2006-2012. Hefur verið á Búnaðarþingi frá árinu 2007 og var kosin í stjórn Bændasamtaka Íslands á nýafstöðnu Búnaðarþingi.



Nafn: Lára Guðmundur Birgisson. **Starfsheiti:** Ráðunautur í sauðfjárrækt.

Starfsstöð: Hvanneyri.

Uppruni og búseta: Fæddur 1962 á Miðdal í Bolungavík og uppalinn þar, en á auk Vestfjarða einnig ættir að rekja á Austur- og Suðausturland. Búsettur í Borgarnesi, kvæntur Hugrúnu Öldu Kristmundsdóttur og eiga þau þrjár dætur.

Menntun og fyrri störf: Ráðunautur hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands 1997-2012. Ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Snæfellinga 1993-1997. Nam við Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri 1990-1993. Sauðfjárbóndi á Miðdal í Bolungavík 1984-1990. Fyrir 1984 stundað ýmislegt nám m.a. búnaðarnám á Hvanneyri auk þess sem starfað var við landbúnað og ýmis verkamannastörf tengd sjávarútvegi o.fl.

Faghópur í hrossarækt

Faghópurinn heldur m.a. utan um kynbótastarf í íslenski hrossarækt en það byggist að stórum hluta á einstaklingssýningum kynbótahrossa og afkvæmasýningum þar sem um er að ræða árlegar héraðssýningar víðs vegar um landið auk fjórðungs- og landsmóta. Annar megin þáttur kynbótastarfsins er skýrsluhald sem í dag fer að mestu leyti fram í alþjóðlega gagnabankanum, upprunaættbók íslenska hestsins, WorldFeng.

Aðrir þættir sem nefna má á þjónustu og verksviði hrossaræktarinnar eru: Kynbótamat, fagræð, ræktunarnöfn, örmerkingar, DNA – sýnatoka, gæðastýring, ungfolaskoðanir, námskeið – hrossadómar – örmerkingar o.fl.

Nafn: Guðlaugur V. Antonsson.

Starfsheiti: Ábyrgðarmaður í hrossarækt.

Starfsstöð: Hvanneyri.

Uppruni og búseta: Fæddur og uppalinn í Vík í Mýrdal en hef búið á Hvanneyri frá 1988.



Menntun og fyrri störf: Stúdent frá Fjölbrautarskóla Suðurlands. Samvinnuskólapróf frá Bifröst. Búfræðingur frá Hvanneyri. BS í búvísindum frá Hvanneyri. Héraðsráðunautur hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands 1993 – 1999. Forstöðumaður Nautastöðvar BÍ á Hvanneyri 1999 – 2003. Landsráðunautur í hrossarækt 2004 – 2012.



Nafn: Pétur Halldórsson.
Starfsheiti: Ráðunautur í hrossa-rækt.
Starfsstöð: Hvolsvöllur.
Uppruni og búseta: Af skautfellsku, rangæsku og prússnesku bergi brot-inn. Búsettur á Hvolsvelli.
Menntun og fyrri störf: Stúdent frá Menntaskólanum að Laugarvatni 1994. Búfræðingur frá Hvanneyri 1997. Búfræðikandidat frá Hvanneyri 2001. Ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands frá vori 2001 til áramóta 2012-2013. Viðfang m.a.: Sýningastjórn/framkvæmd kynbótasýninga hrossa, skýrsluhald hrossa (W-Fengur), örmerkingar, DNA-sýnatökur, túnkortagerð, jarðabótaúttektir, umsóknagerð ýmiss konar.



Nafn: Steinunn Anna Halldórsdóttir.
Starfsheiti: Ráðunautur í hrossa-rækt.
Starfsstöð: Sauðárkrókur.
Uppruni og búseta: Brimnes í Skagafirði.
Menntun og fyrri störf: Stúdent frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, Ráðunautur frá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, hestafræðingur og leiðbeinandi frá Háskólanum á Hólum, kynbótadómari. Starfaði sem hrossa og sauðfjárræktarráðunautur á Leiðbeiningamiðstöðinni á Sauðárkróki, kom einnig að nautagriparækt og kúadómum, sá um pappírsvinnu og innslátt gagna er viðkoma forðagæslu.



Nafn: Halla Eygló Sveinsdóttir.
Starfsheiti: Ráðunautur í hrossa-rækt.
Starfsstöð: Selfoss.
Uppruni og búseta: Búsett á Selfossi en ættuð frá Tröðum á Mýrum og Húsvík Eystri í Borgarfjarðarhreppi.
Menntun og fyrri störf: Búfræðingur frá Hvanneyri árið 1988 og búfræðikandidat frá Hvanneyri árið 1993. Starfaði fyrst sem héraðs-ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Austur-Skaftfellinga frá árinu 1994-1998 og síðan frá árinu 1998 til 2013 hjá Búnaðarsambandi Suðurlands.

Skýrsluhald

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur yfirumsjón með skýrsluhaldi í búfjárrækt á landinu öllu og er það ein af grunnstöðum kynbótastarfs búfjárræktarinnar. RML býður við-tæka þjónustu og ráðgjöf varðandi allt er að skýrsluhaldi lýtur en starfs-menn þess eru sérfræðingar í skýrslu-haldskerfum búfjárræktarinnar eins og Huppu (www.huppu.is), Fjárvisi (www.fjarvis.is) og WorldFeng (www.worldfengur.com).

Vanti þig upplýsingar, aðstoð eða vilt hefja þátttöku í skýrsluhaldi er þér velkomið að hafa samband við annað hvort neðangreinda starfs-menn eða fagráðunauta viðkomandi búgreinar.



Nafn: Anna Guðrún Grétarsdóttir.
Starfsheiti: Yfirumsjón skýrsluhalds
Starfsstöð: Akureyri.
Uppruni og búseta: Svarfdælskur Skagfirðingur sem ákvað að búa „mitt á milli“ að Fornhaga II, Hörgársveit. Hrossabóndi og hobbý sauðfjárbóndi sem unir hag sínum vel í Hörgárdalnum ásamt maka og tveimur sonum.
Menntun og fyrri störf: Ýmislegt búið að nema og starfa en var síðast skýrsluhaldsfulltrúi hjá BÍ.



Nafn: Sigurður Kristjánsson
Starfsheiti: Skýrsluhald.
Starfsstöð: Reykjavík.
Uppruni og búseta: Er frá

Ketilsstöðum á Tjörnesi. Búsettur í Reykjavík.
Menntun og fyrri störf: Búfræðikandidat frá LbhÍ, var bóndi í Skuggahlíð í Norðfirði um tíma, síðan ættfræðingur hjá Íslendingabók. Var skýrsluhalds-fulltrúi í nautgriparækt hjá Bændasamtökum Íslands til síðustu áramóta, starfar nú við skýrsluhald og prófarkalestur hjá RML.



Nafn: Kristín Helgadóttir.
Starfsheiti: Skýrsluhald.
Starfsstöð: Reykjavík.
Uppruni og búseta: Er frá Gröf í Miklaholtshreppi, en búsett í Reykjavík.
Menntun og fyrri störf: Ýmislegt búið að nema og starfa en var síðast þjónustufulltrúi í tölvudeild BÍ, en hef starfað hjá BÍ síðustu 11 ár.

Loðdýrarækt

Starfsmenn RML sérhæfa sig í öllu sem snýr að fóðrun, hirðingu, skýrsluhaldi, kynbótum og aðbúnaði dýra með það að markmiði að bændur framleiði sem besta vöru inn á heimsmarkað fyrir verð sem er samkeppnishæft í alþjóðlegu samhengi. Við leggjum áherslu á að flytja inn upplýsingar um tækni framfarir og aðrar nýjunar í greininni ásamt því að upplýsa bændur sem best um stöðu íslensku

framleiðslunnar í samanburði við samkeppnisþjóðirnar. Til RML má leita hvort sem það er nýir aðilar í greininni, þeir sem hafa áhuga á að kynna sér hana eða starfandi bændur sem vilja meiri upplýsingar um hvað eina sem snýr að þeirra rekstri.



Nafn: Einar Eðvald Einarsson.
Starfsheiti: Ráðunautur í loðdýrarækt.

Starfsstöð: Sauðárkrókur .
Uppruni og búseta: Fæddur á Akranesi 2. janúar 1971, sonur hjónanna Einars Eylerts Gíslasonar og Ásdísar Sigurjónsdóttir sem þá voru ábúendur á Hesti í Borgarfirði. Hefur frá árinu 1974 búið að Syðra-Skörðugili í Skagafirði og tók þar við rekstri loðdýrabúsins árið 2000. Er kvæntur Sólborgu Unu Pálsdóttur frá Sauðanesi í Austur-Húnavatnssýslu og eiga þau dótturina Eddu Björgu. Samhliða vinnu hjá RML er fjölskyldan með minkabú í rekstri að Syðra-Skörðugili.
Menntun og fyrri störf: Er með B.Sc. próf frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri 1997 og M.Sc. frá Danska Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn árið 1999. Hefur unnið sem Landsráðunautur í loðdýrarækt hjá Bændasamtökum Íslands frá 1999. Mun vinna áfram hjá RML að ákveðnum verkefnum tengdum minkarækt í um það bil 60% starfshlutfalli.

VIKTUR

Öflugar og á betra verði

Við erum sterkir í viftum



viftur.is

Hestaviftur • Gripaviftur • Útsogsviftur • Þurrkviftur
Loftræstiviftur • Rakastýrðar baðviftur • Stýringar

íshúsið

www.viftur.is
S: 566 6000
Smíðjuvegi 4a

Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum



Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum.	Bensínknúnar dælur með Honda mótorum, allt að 4"
Sjálfsogandi, traktorsdrifnar dælur.	Dieseldrifnar dælur í mörgum stærðum.

Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is vefslóð: www.hak.is

Námsskeið:

Aðlögun að lífrænum búskap – fyrstu skrefin

Námsskeið verður haldið á vegum Lífrænu akademíunnar í Reykjavík föstudaginn 19. apríl 2013 um lífræna aðlögun, framleiðslureglur, leiðbeiningar, eftirlit og vottun, aðlögunarstuðning, vinnslu og markaðssetningu lífrænna afurða. Kjörrið tækifæri fyrir bændur og aðra sem hyggjast hefja lífræna ræktun og afla sér þekk-ingar.

Skráning: ord@bondi.is og tun@tun.is eigi síðar en 10. apríl.
Þátttökugjald: Kr. 6.500.
Fundarstaður og tímasetningar auglýst síðar.

Lífræna akademían er samstarfsverkefni fag- og hagsmunaaðila á sviði lífrænnar framleiðslu Bændasamtök Íslands – Vottunarstofan Tún – VOR, Félag framleiðenda í lífrænum búskap

Lesendabás

Hugmyndafræði hófseminnar

Hugmyndafræði framtíðarinnar byggir á auðmýkt og væntumþykju, þar sem velferð komandi kynslóða er sett í öndvegi og aðgerðir dagsins miðast við að vegur þeirra verði sem mestur.

Framtíðarsýnin byggir á fáum grunnstöðum, sem allt annað hvílir á. Fyrst skal nefna umhverfis- og auðlindamál; fátt er komandi kynslóðum mikilvægar. Sjálfbær lífsstíll sem grundvallast á hugmyndafræði hófseminnar og hafnar hagfræði sóunarinnar.

Hagfræði sóunarinnar byggir á að eyða sem mestu, henda, fara illa með og hugsa skammt. Hagfræði vaxtarins er ekkert annað en hagfræði sóunar og er í fullkominni andstöðu við hagsmunir framtíðarbarnanna. Hún kærir sig kollótta um hvort eitthvað verði afgang þegar hönd sóunarinnar hefur látið greipar sópa um verðmæti náttúrunnar.

Næst skal nefna lýðræði og réttlæti; þar sem hugmyndafræði lýðræðisins snýst um þátttöku og

samstarf en ekki um réttinn til að taka til sín. Hugmyndafræði lýðræðisins snýst um að lífið sé sameiginleg verðmæti, sem við berum öll ábyrgð á, og réttlætið miði að því að uppfylla þessa kröfu. Og þar sem þessi „við öll“ erum ekki bara við sem erum á kosningaaldri í dag, heldur líka komandi kynslóðir, innifelur krafan um lýðræði og réttlæti hugmyndafræðina um sjálfbæran lífsstíl. Náttúrugaði jarðarinnar eru sameiginleg gæði allra manna og allra kynslóða en ekki einungis gæði þeirra sem eru í aðstöðu til að gera sér mat úr þeim núna.

Samfélagsátökin snúast um þessa hugmyndafræði og þessa sýn á samfélagið og framtíðarmöguleika þess. Þegar við hlýðum á málflutning Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins er þar ekki að finna auðmjúkan málflutning hófseminnar, þvert á móti er það hugmyndafræði sóunarinnar sem ríður þar húsum og er aðalsmerki þessara flokka.

Hjá þeim er efst á blaði að rústa rammaáætlun, til að geta sóað enn meir og enn hraðar auðlindum þjóðarinnar. Í öðru lagi að koma í veg fyrir samþykkt frumvarps um



Jón Hjartarson

breytingar á lögum um stjórnun fiskveiða, svo fáeinar fjölskyldur í landinu nái áfram að sópa til sín auðlegð fiskimiðanna, án þess að þjóðin komi þar nærri eða fái notið eðlilegrar arðsemi. Í þriðja lagi skattalækkanir svo sérhags-

munahóparnir hafi úr enn meiru að spila en nokkru sinni áður. Og svona er unnt að halda áfram lið fyrir lið niður alla stefnuskrá Íhalds og Framsóknar.

Allt ber að sama brunni, að auka soun með viðeigandi náttúru-spjöllum.

Andstætt hagfræði sóunarinnar er hugmyndafræðin um sjálfbærni, hugmyndafræði vinstri stjórnmála, sem á Íslandi er borin uppi af Vinstrihreyfingunni – grænu framboði.

Þar á bæ hafa menn axlað ábyrgð, bæði gagnvart nútímanum og komandi kynslóðum, þar eru auðlindir þjóðarinnar skilgreindar sem sameiginleg gæði fæddra og ófæddra.

Af sjálfu leiðir að þessari hugmyndafræði fylgja ekki bólukennd loforð um skjótfenginn gróða og gleðilega skuldaniðurfærslu, heldur einlæg tilmæli til þjóðarinnar um að lifa lífi sínu af hófsemi og tillitssemi við börnin okkar og barnabörnin.

Jón Hjartarson

fyrirverandi framkvæmdastjóri, skipar 19. sæti á lista VG í Suðurkjördæmi

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 8,6m



STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og lítað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi líta í boði



H. Hauksson ehf

Víkurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is



Greinarhöfundur segist ekki vita annað en að niðurstöður stjórnarkjörs Bændasamataka Íslands hafi mælst vel fyrir. Eigi að síður sé ástæða til að velta fyrir sér tilgangi uppstillingar í slíku kjöri. Ný stjórn BÍ, talið frá vinstri: Fanney Olíof Lárusdóttir á Kirkjubæjarklaustri, Guðbjörg Jónsdóttir á Læk, Einar Ófeigur Björnsson í Lóni, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir á Egilsstöðum, Þórhallur Bjarnason á Laugalandi, Guðný Helga Björnsdóttir á Bessastöðum og Sindri Sigurgeirsson Bakkakoti í, formaður.

Mynd / HKR.

Uppstilling við stjórnarkjör á búnaðarþingi

Þegar dró að kjöri sex manna í stjórn Bændasamtakanna á búnaðarþingi 2013 gáfu átta kost á sér. Kosin var uppstillingarnefnd. Þegar til kom stillti hún ekki upp eins og ætlast er til af slíkri nefnd, heldur tilkynnti að þeir átta væru í kjöri. Þingið ákvað gegn því að allir væru í kjöri. Sex hinna átta fengu atkvæði þorra þingmanna, tveir hinna átta fengu allmörg atkvæði, en nokkrir færri atkvæði.

Enda þótt framkvæmdin hafi verið svona hnökruð hefur niðurstaðan mælst vel fyrir, annað hefur ekki spurst. Engu að síður er ástæða til að glöggva sig á því hver tilgangurinn er yfirleitt með uppstillingu. Hugsanlegt er að þar vanti skilning, fyrst uppstillingarnefnd sinni ekki því sem hún var kosin til.

Uppstilling er til þess að kosningin beinist að samvöldu liði. Ef hver kjósandi hugsar út af fyrir sig án uppstillingar getur svo farið að kosnir verði sex að

norðan, enda þótt enginn hafi merkt við fleiri en tvo norðanmenn, sex fjárbændur, enda þótt enginn hafi merkt við fleiri en tvo fjárbændur, sex sjálfstæðismenn, enda þótt enginn hafi merkt við fleiri en þrjá þeirra, og sex karlmenn, enda þótt enginn hafi merkt við fleiri en fjóra þeirra. Þá kann að hafa verið einhugur um að í stjórninni yrðu þrír sem sætu þingið kjörnir af búgreinafélögum og þrír kjörnir af búnaðarsamböndum og allir greiddu þannig atkvæði, en samt næðu kjöri sex sem sætu þingið kjörnir af búnaðarsamböndum.

Má vera að með nefndaruppstillingu finnist mönnum að ráð séu tekin af þeim. Þá gæti nefndin komið með aðra uppstillingu en það er ekki víst að það svaraði áliti sumra fundarmanna. Hvernig ætti fundurinn að vinna úr því ef þriðja uppstillingin kæmi? Þeir sem kunna raðval sjá þar ráð, það er að nefndin komi með allnokkrar uppstillingar,

þar sem sömu – segjum 10-12 menn – eru sitt á hvað meðal hinna sex. Aðrir geta bætt við uppstillingum, það veldur ekki vandræðum í raðvali, aðferðin er þannig. Síðan raða þingmenn uppstillingunum. Þingmaður merkir 1 við þá uppstillingu sem hann vill helst, 2 við þá næstu o.s.frv. eins og hann kærir sig um. Við þann stigareikning sem er í raðvali, kemur í ljós hvaða uppstilling hefur mestan stuðning.

Það er ekki nauðsynlegt að setja nýja samþykkt um þessi vinnubrögð, þingið hefur vitaskuld rétt til að kanna afstöðu þingsins áður en gengið er til atkvæða. Þegar niðurstaða raðvalsins er kunn má ganga til bindandi atkvæðagreiðslu. Mér þykir líklegt að menn mundu þá bera aðeins upp þá uppstillingu sem kemur best út úr raðvalinu.

Björn S. Stefánsson.

Höfundur er forstöðumaður Lýðræðisseturs

Landbúnaður, framtíð og nýliðun

Samtök ungra bænda héldu á dögunum fund á Hvanneyri um framtíð landbúnaðar og nýliðun. Sterkur samhljómur var á milli inngangsraðu fráfaramanns samtaka ungra bænda og stefnu Sjálfstæðisflokksins í að efla íslenskan landbúnað. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sett sókn í íslenskum landbúnaði í forgrunn endurreisnar á íslensku atvinnulífi.

Framsögur allra frambjóðenda báru þess enda merki að nú ríkir mikil samstaða um að nýta tækifæri í íslenskum landbúnaði. Það er af sem áður var þegar hann var talinn vera vandamál – nú er horft til hans sem afls sem getur sótt fram. Að sjálfsgöðu voru áherslur mismunandi – nánar um það síðar.

Áhersla mín til fundarins um hvernig við sæjum framtíðina og nýliðun má skipta í þrjú atriði.

Í fyrsta lagi þarf að greina tækifærin og „stækka landbúnaðinn“. Það er grunnur að því að við getum gert fleira fólki kleift að hasla sér völl í búskap. Heimurinn og matvælamarkaður heimsins hefur sannarlega breyst og þar eru að opnast tækifæri. Spár greina frá gríðarlegum breytingum í þeim efnum. Þá má ekki gleyma að með vaxandi ferðaþjónustu stækkar markaðurinn. Fátt er reyndar meira hagsmunamál fyrir ferðaþjónustu en öflugur landbúnaður og blómleg byggð.

Í öðru lagi þarf að huga að starfs-



Haraldur Benediktsson

umhverfi bænda, formi á eignarhaldi bújarða, rekstri og lánamálum. Huga þarf að sérstöðu bænda, sem er að heimili bænda eru hluti af bújörðum. Ætliðaskipti eru alltaf flókin. Ekki er hægt að gefa út allsherjar leiðbeiningar í þeim efnum. Hér er hvatt til að Ráðgjafarþjónusta landbúnaðarins efli þann þátt sérstaklega.

Í þriðja lagi þarf landbúnaðurinn traust og stöðugt rekstrarumhverfi. Við lokum ekki augunum fyrir þeirri staðreynd að árin 2007 til 2011 hækkaði framleiðslukostnaður búvöru um 60% en tekjur af þeim aðeins um 49%. Við þessu þarf að bregðast og huga sérstaklega að því rekstrarumhverfi sem landbúnaðinum er ætlað að starfa við. Treysta þarf stoðir landbúnaðarstefnunnar.

Það hefur ríkt ágætur samhljómur og stuðningur flestra stjórnmálaflokka um íslenskan landbúnað undanfarin ár. Bændur hafa tekið með ábyrgum hætti þátt í að bregðast við erfiðleikum í okkar þjóðarbúskap. Framlag þeirra hefur verið ómetanlegt og án atvinnu sem landbúnaður skapar, og þeirra verðmæta sem hann framleiðir, væri sannarlega margt með öðrum hætti hér á landi.

Á fundi ungra bænda kristallaðist líka hvernig viðhorf stjórnmálamanna og flokka eru ólík. Hörmulegt var að hlusta á fullyrðingar um að íslenskur landbúnaður væri allt of mikið styrktur og að aðild að ESB væri bjargráð, því þar væru miklir styrkir fyrir bændur. Gagnrýnt er að íslenskar búvörur séu fluttar út, fyrir 11 milljarða, því íslenskir skattgreiðendur hafi stutt þá framleiðslu – en á sama tíma mælir sami stjórnmálamaður því bót að flytja inn landbúnaðarvörur sem aðrir skattgreiðendur hafa greitt sérstakar útflytningsbætur með. Nú, eða að klára þurfi aðildaraðlögun Íslands að ESB til þess eins að fella aðild í atkvæðagreiðslu. Er þetta boðlegt?

Það er okkar, sem höfum trú á framtíðinni og fullveldi þjóðar okkar, að ræða um og greina tækifæri landbúnaðarins – og grípa þau. Það gera fáir betur en Samtök ungra bænda, eins og sannaðist á málþingi þeirra á Hvanneyri.

Haraldur Benediktsson



Til sölu sumarhús til flutnings

Til sölu er um **40 fm. sumarhús** til brottflutnings. Húsið er staðsett í orlofsbyggðinni í **Svignaskarði í Borgarbyggð** og selst í núverandi ástandi og með hluta húsbúnaðar.

- Einnig fylgir um 50 fm. verönd og handrið.
- Seljandi sér um að aftengja allar lagnir og heimtaugar.
- Kaupandi sér um að losa hús og pall af núverandi undirstöðum og fjarlægja af svæðinu.

Hægt verður að skoða húsið í samráði við Svein (sími 898-9077 eða 510-7500) sem einnig veitir nánari upplýsingar.

Tilboð sendist á Efling, Sætúni 1, 105 Reykjavík, merkt „Tilboð Svignaskarð“ eða á netfangið sveinni@efling.is fyrir 5. apríl n.k.



TRAUST FASTEIGNASALA

Sími: 464 9955



Til sölu er býlið Ásgarður vestri í Skagafirði.

Íbúðarhús 175,7 fm², byggt 1997, hesthús 86,8 fm², byggt árið 2000 og um 35 ha lands auk upprekstrarréttar. Hentug aðstaða fyrir hesta-áhugamenn. Stutt er í skóla og aðra þjónustu.

SÍMI: 464 9955 ■ FAX: 464 9901 ■ SKIPAGATA 16 ■ OPIÐ MÁN. - FÖS. KL. 9-12 & 13-17

Íslenskur matur á allra borðum



Í tilefni af aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu vilja íslenskir bændur þakka matvöruverslunum fyrir áralanga samvinnu. Saman tryggjum við framboð af innlendum úrvalsmatvælum fyrir neytendur.

Verslunin gegnir veigamiklu hlutverki við markaðssetningu og sölu á íslenskum búvörum. Bændur vilja vinna að því með Samtökum verslunar og þjónustu að efla innlenda matvælaframleiðslu um ókomna tíð – öllum til heilla.

Íslenskur landbúnaður skiptir máli.

Kveðja frá bændum



Ráðgjöf og þjónusta

Hjá okkur er fjölbreytt ráðgjöf og þjónusta í boði varðandi búrekstur, búfjárrækt, ræktun ofl. Hægt er að panta ráðgjöf hjá okkur á netfanginu **rml@rml.is** eða í síma **516 5000**.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimsíðunni **www.rml.is**

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.

Við höfum ráð undir rífi hverju

Lesendabás

Nýr íslenskur lögeyrir

Menn velta því fyrir sér hvað best sé að gera í gjaldmiðilsmálum. Með því að taka einhliða upp gjaldmiðil annars ríkis þurfum við að kaupa hann, gjaldeyri með gjaldeyri, sem við eigum ekki, og svo misstum við einnig stjórn á peningamálum okkar til þess ríkis sem á gjaldmiðilinn. Ef við gengjum í ESB til þess að taka upp evruna glötuðum við einnig eigin stjórn peningamála auk þess að við inngöngu í ESB fylgir talsvert sjálfstæðis- og valdaframsal og margar aðrar áhættur miðað við þróun mála þar og hafa ber í huga að Ísland er ekki í neinni stöðu að uppfylla skilyrði evruaðildar í bráð þótt við vildum. Eigum við því að halda í gömlu krónuna? Hún hefur bæði sína kosti og galla. Í stórum dráttum eru kostirnir sveigjanleiki en gallarnir óstöðugleiki. En er til önnur lausn?

Sterkasta myntin

Það er staðreynd að Bandaríkjadalur er í mjög sérsakri stöðu þar sem hann er notaður í yfir 90% heimsviðskipta og er varagjaldeyrisforði flestra ríkja veraldar. Einnig er að mesti partur skulda íslenska ríkisins og stórfyrirtæja er í Bandaríkjadöllum, að innflutt hrávara s.s. bensín, olía og ál er í dölum og að sala á raforku, áli o.fl. er einnig í dölum.

Nýkróna = Ríkisdalur

XG - Hægri grænir, flokkur fólksins, vill taka hér upp nýjan íslenskan lögeyri, sem hann nefnir ríkisdal og tengja hann við Bandaríkjadal, dal á móti dal. Gengið gagnvart öðrum myntum fylgdi þá gengi Bandaríkjadals, en með þessu öðluðumst við æskilegan gengis-stöðugleika og héldum eigin stjórn peningamála.

Með slíkri nýrri íslenskrí mynt gæfist sveigjanleiki til ýmissa hagfellaðra aðgerða eins og afnáms verðbólgu markmiða Seðlabankans, afnáms almennrar verðtryggingar neyslu, húsnæðis og námslána, gjaldeyrishafta og minnkun láns gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans, sem kostar stórfé í vexti. Stjórn á stýrivöxtum væri ennþá hjá okkur en hefði nú loksins virkileg áhrif með því að koma samhliða á stóraukinni bindiskyldu og útlánabaki á viðskiptabankana og ná þá stjórn á peningamagni í umferð. Þannig hefði Seðlabankinn í fyrsta sinn í sögunni þau tæki og tól sem til þarf til þess að hafa fulla stjórn á peningamálum, þ.m. til að takast á við verðbólgu með árangri.

Snjóhengjur

Talið er að svonefndar aflands-krónur, innanlands og utan, séu nú um 1.200 milljarðar. Eigendur, þ.m.t. íslenskir eigendur íslenskra króna erlendis, verða að koma með þær heim til að skipta yfir í ríkisdalinn ellegar týna þeim. Þjóða má eigendum krónuþjófklabréfanna,



Kjartan Örn Kjartansson

sem kosta íslenska skattgreiðendur tugmilljarðafjöld á ári í vexti, útgöngu með því að skipta þeim yfir í 30-40 ára afborgunarlaus skuldabréf í Bandaríkjadöllum á mjög lágu eða engum vöxtum og nota þá peninga á meðan til niðurgreiðslu skulda ríkisins, í arðbærar fjárfestingar og uppbyggingu landsins og lækkun skatta, en þetta mundi auk þess minnka þrýstinginn á útlæði gjaldeyris. Þá má einnig bjóða þeim að skipta krónunum yfir í ríkisdalinn á t.d. 5 ára fyrir krónuna og nota hagnaðinn fyrir land og þjóð. Með því að hafa gömlu krónuna enn við lýði á sérstökum bankareikningum og þeir vildu halda í krónueign sína, þá yrði þeim gert að greiða innlánsvexti af innistæðum sínum í gömlu krónunni svipað og Sviss innheimtir slíkar þóknarir vegna erlends geymslufjár hjá sér. Peningarnir eiga auðvitað

að vera hjá hjá íslenska ríkinu og fólkinu í landinu, en ekki bönkunum, skuggaeigendum vogunarsjóðanna, aflandskrónu-eigendum eða einhverjum nýjum fjárfestum, sama hverjir eru, þ.m.t. lífeyrissjóðirnir, sem eru þegar allt

of stórir í og fyrir íslenska hagkerið eins og er. Hagsmunir Íslands sem þjóðar eru þarna gífurlegir. Það á að ráða framvindu mála.

Ein mikilvægasta aðgerðin í þágu þjóðarinnar

Leiðin er einföld, það yrði auðvelt að koma henni á á stuttum tíma og er auðvitað afar þjóðhagslega hagkvæm svo vægt sé til orða tekið. Er það ekki einmitt þetta sem við þurfum strax á að halda áður en það er orðið of seint og kröfuhafarnir hafa náð að selja bankana til annarra fjárfesta, sem verður aðvitað að stöðva af festu strax, enda viljum við að ábatinn verði hjá þjóðinni. Og þetta væri auðvitað ekki hægt ef við værum ósjálfstæð, með ósjálfstæðan óvirkan Seðlabanka, án löggjafarvaldsins og í ESB, svo mikið er víst. Lesa má ítarlega um efnið hjá Hægri grænum, flokki fólksins, á www.xg.is. Ef X er ekki sett við G í vor, þá mun þó ekkert svona gerast. Hver vill bera ábyrgð á því?

Kjartan Örn Kjartansson
Höfundur er fyrrv. forstjóri.

Hugleiðingar í framhaldi umræðu um erlent eignarhald jarða

Í umræðu um erlent erlent eignarhald hér á landi bryddar oft á þeim eyjarskeggjahætti að gert er of mikið eða of lítið úr hinu útlenda. Þannig gerðist það í fréttum RÚV 27. janúar sl. að dómsmálaráðherra lýsti því yfir að erlendir auðmenn væru að safna jörðum og „leggja byggðarlögin í rúst“. Það gaf ritstjóra Fréttablaðsins tækifæri til að gera ráðherranum nokkrar kárínur í pistli undir yfirsögninni „lög gegn vanda sem ekki er til“.

Í fréttaskýringu blaðsins 13. febrúar sl. sagði síðan að þrátt fyrir ótta við erlenda auðmenn væri lítið um jarðasöfnun og eignarhald á jörðum væri mjög dreift. Þetta væri þó nýbreytni að því leyti að í gegnum aldirnar hefði það án efa verið reglan að á bak við hverja jarðeign hefði verið einn eigandi – sú væri ekki raunin í dag. Ef velt er vöngum yfir eignarhaldi á jörðum og áhrifum þess á þá sem landið byggja kann að vera eðlilegt að horfa til annarra atriða, a.m.k. sem nú standa sakir. Nærtækt er að leggja út af þeirri missýn Fréttablaðsins að um aldir hafi hver jörð án efa verið í eigu eins eiganda – en þar rís úr gröf sinni ein af mýtum íslenskrar bændastéttar.

Öldum saman, að minnsta kosti frá 12.-13. öld, voru íslenskir bændur að meginreglu ánaðugir leiguliðar kirkju, konungs og fæinna gósseigenda auk efnamanna. Um siðaskipti má ætla að 95% bænda hafi verið leiguliðar. Á jörðunum vildu „leigur og landsskuldur“ auk „kvaða“ og virðist sem sjaldnast hafi bændur átt búpening jarðarinnar nema að hálfu – sem að öðru leyti var í eigu landsdrottna, sem svo voru nefndir. Fólk sem býr við slík kjör, í raun á mörkum hungurs, er ekki líklegt til rísa upp úr kjörum sínum. Ljóst er að þetta hefur rist djúp spor í þjóðarsögu. Svo seint sem um miðja 19. öld voru sjálfseignarbændur, þ.e. þeir sem sátu eigin eign að nokkru eða öllu leyti, einungis 1.237, þ.e. um 17% af alls 7.204 bændum í landinu, og hafði þá fjölgað nokkuð vegna sölu á jörðum biskupsstólanna við upphaf aldarinnar.

Íslendingar voru á eftir tímanum að þessu leyti, en þegar á 18. öld hafði danska stjórnin, innblásin af upplýsingunni, gert sitt ýtrasta til að efla stétt sjálfseignarbænda þar í landi. Slíkur frjálsslyndisandi féll illa að skoðunum íhaldssamra bænda og embættismanna á Alþingi Íslendinga, sem auk þess stóðu lengi í vegi fyrir bættum kjörum leiguliða. Meðal helstu afreka aldamótakynslóðarinnar var að brjóta upp þessa kyrrstöðu með mikilli einkavæðingu. Lög um sölu þjóðjarða 1905 og kirkjujarða 1907 urðu til þess að jörðum í sjálfsábúð fjölgaði verulega, sem var í samræmi við ákveðinn og almennan vilja þjóðarinnar á þeim tíma. Trúin á gildi sjálfsábúðar á jörðum átti sér ýmsar skýringar, en þar hafði m.a. áhrif það viðhorf, sem raunar hefur litla festu í heimildum, að á „gullöld Íslendinga“ fram undir miðja þjóðveldisöld hefðu jarðir almennt verið í bændaeign.

Fleira varð til þess að ýta undir sjálfsábúð heldur en sala opinberra jarða. Við upphaf 20. aldar varð lausara um sölu á jörðum en áður, enda báru jarðir litlar tekjur samtímis því að greiðara varð um fjárfestingu í öðrum atvinnurekstri, ávöxtun í banka eða kaup á skuldabréfum. Ábyndum var jafnframt tryggður forkaupsréttur að jörðum sínum. Síðast en ekki síst má nefna ábúðarlögin 1933, sem gerðu rétt leiguliða mjög ríkan gagnvart landeiganda. Lögin voru ákaflega umdeild, óspart var gripið til sögulegra raka við undirbúning þeirra og virðist sem fyrirmælum um



Arnór Snæbjörnsson

skyldu landeigenda til að viðhalda jarðahúsum hafi jafnvel verið ætlað að snúa við konungstilskipun frá 1622 og endurvekja Jónsbókarrétt. Sæti eigandi ekki sjálfur jörð sína skyldi hann byggja hana ábúanda ævilangt gegn hæfilegu afgjaldi, og varðaði vanræksla því að hreppsfélag ráðstafaði henni einhliða. Skömmu eftir þetta náðist sá áfangi að meirihluti bænda sat í sjálfsábúð, sem síðan hefur verið meginreglan.

Í því felst ef til vill nokkur þversögn að sjálfsábúðarstefnan, sem m.a. fól í sér róttækt inn grip í eignarrétt landeigenda, leiddi til þess að íslenskir bændur tóku að aðhyllast borgaraleg gildi um vernd eignarréttarins. Að vísu mynduðust nokkrir brestir í þá samstöðu, sem tengjast eðli eignarréttarins. Þannig reyndist sjálfsábúð ekki þess megnug ein saman að tryggja að jarðir héldust í ættum í fleiri ættliði, eins og stefnt hafði verið að. Afkomendum reyndist oft erfitt að taka við sjálfsábúðinni og leysa út meðarfa sína. Mörgum var sárt að sjá jarðir seldar hæstþjóðanda utan ættar, og var til þess horft að við það flyttist fjármagn oftast burt úr viðkomandi sveit (og í kaupstað). Við þessu var reynt að bregðast, meðal annars með lögum um ættaróðul og erfðaábúð frá 1943 sem heimiluðu upptöku svonefnds óðalsréttar á sjálfsábúðarjörðum, mæltu fyrir um tiltekin sérákvæði (brigðarétt innan ættar) við sölu jarða sem sama ætt hafði setið í 100 ár (sem jafna má til norsks óðalsréttar) og að jörðum í opinberri eigu skyldi ráðstafað í erfðaábúð með vilsýnum skilyrðum við kynslóðaskipti (en þar fara ábúendur með lík eignarumráð og óðalsbændur). Yfirlýst markmið laganna voru bændarómantísk, þ.e. að treysta „ættartengsl kynslóðanna“ við viðkomandi jarðir og fyrirbyggja að þær væru seldar innan ættar við verði, sem lægi yfir búrekstrargildi þeirra á hverjum tíma.

Þótt sjálfseignarstefnan, í breyttri mynd, héldi velli fram á sjöunda áratuginn og næði jafnvel hámarki með lögum um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð ofl. 1962, má segja að undan henni hafi tekið að fjara smám saman, ekki síst vegna þeirra þrenginga sem urðu í landbúnaði þegar kom fram á áttunda áratuginn. Á Íslandi, rétt eins og í öðrum löndum Norður- og Vestur Evrópu, fólust viðbrögðin við offramleiðslu mjólkur og kjötafurða í upptöku miðstýrðs framleiðsluskipulags sem leiddi til þess að búum tók að fækka þegar frá leið, ekki síst vegna framseljanlegra heimilda til markaðssetningar innanlands. Ástæður fyrir þeim breytingum á búskap og áhöfn jarða sem gengu í garð voru þó auðvitað fjölbættar. Þannig hafði lengi verið misjafnt eftir héruðum hversu styrkum fótum landbúnaður og byggð stóðu. Útkjálkasveitir sem byggðu aðallega

á sauðfjárbúskap stóðu veikast. Unga fólkið flutti á mölina og víða var systkina- og piparbúskapur. „Hvað á ég að gera við erfðaábúð þegar enginn kvenmaður hefur tollað hjá mér?“ – spurði gamall bóndi á Vestfjörðum í viðtali við Þjóðviljann 1985.

Við þúsaldamótin voru jarða- og ábúðarlög frá 1976 tekin til tímabærrar endurskoðunar, enda spegluðu þau ekki þær breyttu aðstæður sem orðnar voru við nýtingu jarða. Hins vegar var gengið lengra við endurskoðun laganna en flestir ætluðu í upphafi. Nærri lætur að lögin hafi verið felld úr gildi í heild sinni vorið 2004 en við það féll brott reglubálkur sem ætlað var að ýta undir staðbundið og persónulegt eignarhald bænda á jörðum sínum. Var það í samræmi við tíðarandann, en sú kenning að afnám hvers kyns takmarkana við frelsi til athafna mundi „efla alla dáð“ var svo rík meðal margra á þessum tíma að efast má um að finna hefði mátt kaþólskan mann sem tryði því heitar að páfanum í Róm gæti í engri kenningu skjóplast.

Mörgum er hugleikið hvernig landi er ráðstafað og hvernig það er hagnýtt. Bændum hefur fækkað jafnt og þétt og þannig fækkaði kúabúum um meira en helming frá 1990 til 2008. Þáverandi formaður Bændasamtakanna sagði um mitt síðasta ár að Íslendingar væru fastir í yfir 30 ára gömlum hugsunarhætti um að besta ráðið fyrir sveitimar væri að fækka bændum og stækka búin. En hvað hefur orðið um allt það land sem farið hefur úr landbúnaðarnotum við þessar breytingar? Finna má viðbendingar að svörum við þeirri spurningu í skýrslu nefndar á vegum landbúnaðarráðherra um landnotkun frá 2010, þar sem athygli er m.a. vakin á tíðri uppskiptingu á landi, auknu dreifðu eignarhaldi (meðal annars með fjölgun jarða í eigu ópersónulegra aðila) og því að sveitarfélög virðast í nokkrum mæli hafa misst stjórn á skipulagi lands utan þibthýlis (bls. 35-40). Full ástæða virðist til þess að velta fyrir sér áhrifum þessarar þróunar til skemmri og lengri tíma, ekki síst á landbúnaðinn.

Í desember sl. skipaði atvinnuvega-ráðherra nefnd undir formennsku Atla Mús Ingólfsssonar hjá Land-lögmönnum til að íhuga breytingar á jarðalögum. Nefndin skilaði af sér frumvarpi sem kom til umræðu á búnaðarþingi og er til kynningar á vef atvinnuvegaráðuneytisins. Í því eru lögð til nýmæli sem varða m.a. gerð skipulagsáætlana, skipti á landbúnaðarlandi og meðferð sameignarjarða. Hvort svo sem þetta frumvarp verður tekið upp af Alþingi eða ekki má telja sennilegt að eignarhald, ábúð og önnur meðferð jarða muni áfram verða reglulegt viðfangsefni stjórnmalanna.

Arnór Snæbjörnsson

Höfundur var deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu 2006-2011, en hefur síðan starfað í forsætisráðuneytinu og sjávarútvegseideild atvinnuvegaráðuneytisins.

Heimildir:
Alþingistiðindi.
Arnór Sigurjónsson: Þættir úr íslenskri búnaðarsögu. Árbók landbúnaðarins 1970, bls. 11-100.
Björn Teitsson: Eignarhald og ábúð á jörðum í S-Þingeyjarsýslu 1703-1930, bls. 142-154.
Búnaðarrit 19 ár 1905. „Frumvörp og athugasemdir við þau frá millipinganefndinni í landbúnaðarmálinu ...“ Bændablaðið, 12. júlí 2012.
Guðmundur Jónsson: The State and The Icelandic Economy, bls. 94-98.
Gunnar Karlsson: Sjálfstæðisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum. Rvk. 1977, bls. 439-440.
Páll Briem: „Erfðaábúð, sjálfsábúð og leiguábúð“, Lögfræðingur 3. árg. 1899, bls. 111.
Skýrsla nefndar um landnotkun 2010. Á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.
Þjóðviljinn, 25. ágúst 1985.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

Samvinna er sprellifandi

Í veröldinni eru í dag rúmlega 7 milljarðar jarðarbúa, af þeim er 1 milljarður í samvinnufélögum. Þetta var staðfest á ráðstefnu í Manchester á Englandi í nóvember síðastliðnum þegar samvinnuhreyfingin í heiminum kom saman til að gera upp árið 2012 sem Sameinuðþjóðirnar tileinkuðu Samvinnuhreyfingunni. Það er sem sagt 1 milljarður jarðarbúa sem eru eigendur í samvinnufélögum í heiminum en til samanburðar eru 320 milljónir jarðarbúa hluthafar í hlutafélögum.

Samvinnufélög eru alls 1,4 milljónir í heiminum og starfs-vettvangurinn afar fjölbreyttur. Landbúnaður, útgerð og verslun eru algengust en víða er komið við á öðrum sviðum. Heilsugæslur, búsetufélög, knattspyrnufélög, bankar, tryggingafélög, útfararþjónustur, síma- og netþjónustufyrirtæki og vínbarir eru líka til vitnis um flóru samvinnurekstrar í heiminum. Þá hefur verið mikil sókn í þróunarlöndunum, þar sem framleiðendur hafa sameinast undir merkjum samvinnurekstrar til að bæta lífskjör sín.

Tilgangur samvinnufélaga hefur ætíð verið að stuðla að efnahagslegum ávinningi félagsmanna sinna og að ávinningur félagsins sé líka samfélagslegur ávinningur, enda byggist grundvöllurinn á því að samvinnufélög eru opin lýðræðisleg samtök. Stjórnun samvinnufélaga grundvallast á því að hver félagi ræður yfir einu atkvæði og ákvarðanir eru teknar í þágu samfélags og samvinnu, ekki í þágu sérhagsmuna.

Það er því kannski ekki tilviljun



Skúli Þ. Skúlason

að í vaxandi hagkerfum eins og í BRIC-löndunum, Brasilíu, Rússlandi, Indlandi og Kína, séu um 15% íbúanna félagar í samvinnufélögum og þar með eigendur að samvinnufélögum. Það er heldur ekki tilviljun að 25% af þýska bankakerfinu séu rekin með samvinnuformi eða að 42 milljónir Bandaríkjamanna fái rafmagnnið sitt frá samvinnufyrirtækjum og 45% þjóðarframleiðslu í Kenía komi frá samvinnufyrirtækjum. Rekstrarformið og grunnildi þess er mannúðlegt og samfélagslega ábyrgt, þótt mannanna verk geti verið misjöfn á tímum.

Með aðild að samvinnufélagi er hver meðlimur jafnframt eigandi, þetta er eitt af grunnildum samvinnustarfs. Í Asíu eru 536 milljónir manna eigendur samvinnufélaga og til samanburðar 171 milljón manna hluthafar í hlutafélögum. Í Evrópu eru 123 milljónir manna í samvinnufélögum en 58 milljónir hluthafar í hlutafélögum. Á Íslandi eru í dag

rúmlega 30 þúsund Íslendingar skráðir í samvinnufélög, eða tæp 10% þjóðarinnar.

Heimsþekkt vörumerki um allan heim eru mörg hver framleidd af samvinnufélögum. Helsta vörumerki Frakka, kampavínið, á rætur sínar hjá vínbændum sem flestir starfrækja fyrirtæki sín með samvinnuformi. Lurpak, eitt þekktasta vörumerki í smjöri í Evrópu, er framleitt og í eigu 8.000 samvinnubænda í Danmörku, Svíþjóð og Þýskalandi. Parmesanostur er að 90% hluta framleiddur hjá samvinnubændum á Norður-Ítalíu. Það eru líka enskir samvinnumenn sem sjá um hráefnið í Colman's English sinnepið.

Fairtrade er vaxandi viðskipta-sáttmáli í alþjóðaviðskiptum og valkostur við hinar hefðbundnu alþjóðlegu viðskiptavenjur. Fairtrade lofar stöðugu verðlagi og langtíma viðskiptasambandi og stuðlar að því að framleiðsluaðilar í þróunar-löndunum fái betra verð en áður hefur þekkt en í staðinn skal framleiðandinn leggja viðbótartekjur sínar í bætt vinnuskilyrði, hreint vatn og samfélagsleg verkefni. Fairtrade var sett á laggirnar af samvinnuhreyfingunni í Mexíkó. Nú eru 75% af svökölluðum Fairtrade-vörum framleidd af samvinnufélögum.

Samvinnustarf er sprelllifandi um allan heim. Grunnildi samvinnu um þátttöku, jafnræði og samfélagslega ábyrgð eiga líka áfram erindi við íslensku þjóðina.

Grein byggð á skýrslunni *The UK co-operative economy 2012*.

Skúli Þ. Skúlason
KSK Keflavík

Það sem skiptir í raun máli

Miklar umræður hafa átt sér stað undanfarið um stefnu Sjálfstæðisflokksins varðandi aðild Íslands að ESB. Stefna flokksins er skýr. Sjálfstæðisflokkurinn telur hagsmunum Íslands betur borgið utan ESB en innan og lögð er áhersla á að þeim aðildarviðræðum sem Samfylkingin og Vinstri græn hafa teft þjóðinni út í verði ekki fram haldið fyrr en að aflokinni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það þarf vart að rifja upp að ákvörðunin um að sækja um aðild að ESB var tekin í miklum ágrein-ingi og samþykkt með naumum meirihluta á Alþingi. Við þá atkvæðagreiðslu var tillaga sjálfstæðismanna um undanfarandi þjóðaratkvæðagreiðslu felld.

Það er eðlilegt að þjóðin fái að segja til um framgang aðildarferlisins og það vekur enn og aftur furðu að þeir flokkar sem hvað mest tala fyrir þjóðarvilja, þjóðaratkvæðagreiðslum og auknu lýðræði skuli ekki vilja gefa þjóðinni tækifæri til að ákveða hvort aðildarferlinu verður haldið áfram eða ekki.

Kjósendur eiga lokaorðið

Ýmsir álitsgjafar og einstaka stjórnmálamenn hafa haldið því fram að Sjálfstæðisflokkurinn hafi, með afstöðu sinni gagnvart aðlögunarferlinu að ESB, útilokað fyrir fram samstarf við aðra stjórnmálaflokka. Þetta segja menn á sama tíma og Samfylkingin er eini flokkurinn sem hefur það á stefnuskrá sinni að færa yfirráð landsins til embættismanna og annarra ókjörinna fulltrúa í Brussel. Allir hljóta að sjá hvaða flokkur er raunverulega einangraður í því sambandi.

Raunverulegar lausnir

Flestir Íslendingar gera sér grein



Unnur Brá Konráðsdóttir

fyrir því að aðildarviðræður við ESB eru ekki það mál sem brennur heitast á heimilum landsins né atvinnulífínu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur sett fram metnaðarfulla og raunhæfa áætlun um það með hvaða hætti hægt er ná efnahagslegum stöðugleika, koma atvinnulífínu af stað og auka ráðstöfunartekjur heimilanna. Með aukinni verðmætasköpun og fjárfestingu náum við auknum hagvexti og þar með auknum lífsgæðum fyrir alla. Það eru brýnustu verkefnin.

Unnur Brá Konráðsdóttir
Höfundur skipar 2. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.

Hesthús til sölu

Hesthús 24-26 hesta í Hólmsheiði 18b Rvk til sölu (Fjárborg) ofan við nýtt svæði Fáks í Almannadal LÆKKAÐ VERÐ NÚ 26 milljónir.

Hitaveita í búð á efri hæð. Uppl. í síma 864 8338 eða á netfangið dam@mi.is



Ferðapjónusta og landbúnaður

Ferðapjónusta er ein af undirstöðuatvinnugreinum landsins. Möguleikarnir eru óendanlega miklir á landsbyggðinni vegna hinnar mikilfenglegu náttúru, sögu og menningar sem víðast hvar má nýta í mun meira mæli en nú er gert. Nauðsynlegt er að greinin þróist á „sínun“ hraða þannig að allir innviðir nái að fylgja með.

Ferðapjónusta í sveitum er einn mikilvægasti hluti íslensk landbúnaðar, ekki síst ef litið er til veltu og mannafla. Hlutdeild ferðapjónustu bænda í heildar gistináttafjölda ferðamanna í landinu er um fjórðungur. Það er áhugavert að sjá hvernig þeir sem reka ferðapjónustu hafa lagt sig fram um að mæta ólíkum þörfum gestanna sem hingað koma.

En hvernig má það vera að ferðapjónusta sé orðin svo snar þáttur í atvinnulífi til sveita? Við því er líklega ekkert einhlítt svar en ýmislegt má þó nefna.

Náttúran og lífsgæðin

Þar ber líklegast hæst okkar frábæru náttúru og það sem ferðamenn upplifa í tengslum við hana. Þeir sem bjóða þjónustu við ferðamenn til sveita hafa fyrir all löngu áttað sig á mörgum þeim möguleikum sem felast í náttúrunni. Þar má nefna gönguferðir, fjöruferðir, fuglaskoðun, plöntuskoðun, skoðun á jarðfræði, fjallgöngur, veiði og hestaferðir, svo eitthvað sé nefnt.

Kyrrðin og friðurinn til sveita er tvímælalaust ein ástæða þess að ferðamenn sækjast eftir því að sækja sveitina heim. Margt nútímafólk hefur litla sem enga reynslu af því að vera eitt með sjálfum sér þar sem ekkert heyrir eða sést nema það sem náttúran býður upp á. Margir hafa öðlast upplifun sem markar spor í líf þeirra þegar þeir reyna á eigin skinni að vera aleinir í náttúrunni.

Hreint vatn og hreint loft eru lífsgæði sem margir erlendir ferðamenn líta á sem mikil forréttindi að hafa aðgang að og sumir eiga erfitt með að trúa því að stærstur hluti þess vatns sem rennur „engum til gagns“ sé drykkjarhæft.

Vinsældir þess að selja vörur beint frá býli eru vel þekktar, hvort sem um matvæli, minjagripa eða listmuni er að ræða. Slíkt heillar ekki síst erlenda ferðamenn. Í mörgum tilvikum er byggt á menningu landsins og ýmiss konar efni nýtt

sem hefur nokkra sérstöðu. Þar má nefna rekavið, hraunmola, bein og horn úr búfé, steina úr fjöru, timbur úr íslenskum skógum og síðast en ekki síst ull og lopa. Mikil eftirspurn er eftir slíkum gripum og margir nýta sér það með góðum árangri. Það er einkar ánægjulegt hversu vel hefur víða tekist til um þessa framleiðslu, ekki síst þar sem oft er byggt á gömlum hefðum.

Allt þetta skapar mikla möguleika í fjölbreytni ferðapjónustu þannig að flestir ferðamenn ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í sveitinni.

Það sem líklegast kæmi að mestu gagni til að örva þessa þróun enn frekar er að beina ferðamönnum á fleiri svæði og bæta þannig möguleika þeirra sem afskekktar búa til að fá raunhæf tækifæri til að byggja aðstöðu sína upp. Það mundi jafnframt létta, eða allavega draga úr, því mikla álagi sem er á sumum vinsælum svæðum.

Ég held að flestir vilji auka ferðamannastraum í sinni heimabyggð því það hefur jákvæð áhrif á efnahag hvers sveitarfélags. Ferðapjónusta er atvinnuskapandi þjónustugrein sem þarfnast mikils mannafla. Auk þess er kostnaður við að skapa störf í ferðapjónustu oftast minni en í öðrum atvinnugreinum og hefur bein og óbein áhrif á margar aðrar atvinnugreinar.

Fjöldmörg tækifæri

Ferðapjónusta hleypir gjarnan lífi í sveitarfélög og gerir þau áhugaverðari og skemmtilegri til búsetu. Í hverju sveitarfélagi er það þó langmikilvægast að fólk standi saman og efli samstarf þeirra aðila sem koma að ferðapjónustu og bæti úr því sem betur má fara.

Allt bendir til að gríðarleg tækifæri séu enn vannýtt á þessu sviði og því enginn vafi að á komandi árum ætti að geta orðið áfram mikil og blómleg uppbygging til sveita á sviði ferðapjónustu.

Við Vinstri græn teljum að hlutverk hins opinbera sé fyrst og fremst fólgið í því að vinna áfram við að skapa skilyrði til að ferðapjónustan geti blómstrað til framtíðar án þess að gengið verði á viðkvæma náttúru landsins.

Bjarkey Olsen
Gunnarsdóttir

Höfundur skipar 2. sæti á lista Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi.



Þessi svipfríði Scania vörubíll er hér með boðinn til kaups. Glæsilegur fulltrúi eldri kynslóðarinnar, sem við gott atlæti getur þjónað nýjum húsbónda um ókomin ár: Sex hjóla árg. 1984 82M á góðum dekkjum, með vírheysi og gámur getur fylgt. Allar upplýsingar gefur G.T. Óskarsson ehf. sími 554-6000 á afgeiðslutíma



hagfræðingur Bændasamtaka Íslands
eb@bondi.is

Ráðningar starfsfólks og kjarasamningar

Nú fer í hönd sá tími þegar fólk við störf til sveita fjölgar hratt. Vorverkin kalla á fleira starfsfólk, einkum á sauðfjárþúum. Sumarið er líka tíminn í ferðapjónustunni og fjöldi fólks kemur þá tímabundið til starfa hjá bændum víða um land. Margir bændur eru einnig með fólk í vinnu árið um kring.

Áð ýmsu er að hyggja við ráðningar á starfsfólki, hvort sem er tímabundið eða til lengri tíma. Þann 12. september 2011 voru undirritaðir kjarasamningar BÍ við Starfsgreina-samband Íslands og þrjú stéttarfélög; Framsýn, Verkalýðsfélag Þórshafnar og Verkalýðsfélag Akraness. Samningurinn gildir til 30. nóvember 2013 og nær til starfsmanna sem vinna við almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum.

Í fylgiskjali I með samningnum segir nánar: „Undir þetta falla hvers kyns búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi, fari hún fram á lög-býlum:

Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta.“ Auk þess falla ráðskonur og matráðar á bændabýlum undir samninginn. Hann nær hins vegar ekki til þeirra sem starfa við ferðapjónustu nema hún sé stunduð í smærri stíl eins og segir í samningnum, enda sé það samþykkt af hálfu viðkomandi stéttarfélags.

Kjarasamningur bindur ekki aðeins félagsmenn þess stéttarfélags sem hann gera, heldur einnig alla þá sem vinna þau störf sem samningur tekur til á félagssvæðinu. Samkvæmt **1. gr. laga um starfskjör launafólks og**

skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 skulu laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir. Því skiptir ekki máli hvort launamaður er félagsmaður í stéttarfélagi eða ekki, né hvort atvinnurekandi er aðili að samtökum atvinnurekenda eða ekki. Kjarasamningurinn kveður á um lágmarkskjör þessara aðila.

Laun þau sem samið er um í samningnum eru lágmarkslaun og miðast við að virkur vinnutími í dagvinnu sé 37 klst. og 5 mínútur á viku. Vinnutíma skal hagað þannig að unnið sé frá kl. 07.55 – 17.00 mánudaga til föstudaga eða 07.30 – 16.35 mánudaga til föstudaga. Í sérstökum tilvikum er heimilt að semja um rofinn vinnutíma ef skipulag búrekstursins krefst slíks. Dagvinna skal þó aldrei hefjast fyrr en kl. 07.00 og aldrei standa lengur en til kl. 19.00 Dagvinna getur þó ekki staðið lengur en 7 klst. og 25 mínútur (virkar vinnustundir) á þessu tímabili.

Í kjarasamningi Bændasamtaka Íslands og fyrrnefndra aðila eru ákvæði um launakjör, þ.m.t. desember- og orlofsuppbót, frídaga og fæði og húsnæði. Að jafnaði skulu starfsmenn búa í eins manns herbergjum og er nánar farið út í aðbúnað í þeim í samningnum. Hafi starfsmaður fæði, húsnæði og þjónustu á viðkomandi búi skal samið

Kauptaxtar á bændabýlum, 1. febrúar - 30. nóvember 2013

Starfsgreinasamband Íslands og Bændasamtök Íslands					
Launaflokkur 10	Byrjunarlaun	Eftir 1 ár	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár
18 ára og eldri	206.711	208.500	210.316	212.159	214.030
Dagvinna	1.192,59	1.202,91	1.213,38	1.224,02	1.234,81
Yfirvinna	2.146,69	2.165,27	2.184,13	2.203,27	2.222,70
Stórhátíðakaup	2.842,28	2.866,88	2.891,85	2.917,19	2.942,91

Starfsmenn sem lokið hafa búfræðinámi, fiskeldisnámi eða tveggja ára háskólanámi við tamningar					
Launaflokkur 17	Byrjunarlaun	Eftir 1 ár	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár
18 ára og eldri	219.812	221.798	223.814	225.859	227.936
Dagvinna	1.268,17	1.279,63	1.291,26	1.303,06	1.315,05
Yfirvinna	2.282,75	2.303,37	2.324,31	2.345,55	2.367,12
Stórhátíðakaup	3.022,42	3.049,72	3.077,44	3.105,56	3.134,12

- Við mat á starfsaldri til launa telst 22 ára aldur jafngilda eins árs starfi í starfsgrein.
- Við röðun í launatöflu skal starfsaldur í greininni jafnframt metinn til hækkunar í launatöflu.

Unglingataxtar	Launataxti	Dagvinna	Yfirvinna	Víkukaup	Stórhátíðakaup
17 ára - 95%	196.375	1.132,96	2.039,36	45.318,28	2.700,16
16 ára - 90%	186.040	1.073,33	1.932,02	42.933,11	2.558,05
15 ára - 75%	155.033	894,44	1.610,02	35.777,59	2.131,71
14 ára - 65 %	134.362	775,18	1.395,35	31.007,25	1.847,48

Orlofsuppbót • Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 28.700.

Desemberuppbót • Á árinu 2013 kr. 52.100.

Heimilt er þó að greiða desember- og orlofsuppbót jafnharðan óski starfsmaður eftir því, enda sé gengið frá því í ráðningarsamningi. Ofan á mánaðarlaun kemur þá hlutfall af desember- og orlofsuppbót miðað við fullt starf 173,33 klst. á mánuði.

Á árinu 2013 kr. 44,89 á klukkustund.

um endurgjald í ráðningarsamningi og dregst það frá útborguðum launum. Í samningnum eru einnig ákvæði um vinnu unglinga á vinnuvélum og

tækjum, starfsmenntun og aðbúnað og öryggi. Í 12. grein kjarasamningsins er fjallað um ráðningarsamninga. Skylt

er að gera skriflega ráðningarsamninga við alla starfsmenn sem ráðnir eru samkvæmt kjarasamningnum til meira en eins mánaðar, innan mánaðar frá ráðningu þeirra. Síðan segir: „Í ráðningarsamningi skal koma fram ef sérstaklega er samið um vinnutíma, sbr. 2. gr. Þannig skal í ráðningarsamningi tilgreint og útfært ef um hlutavinnu er að ræða eða ef skipulag búreksturs krefst þess að samið sé um rofinn vinnutíma.“

Samkvæmt lögum um vinnustaðaskirteini nr. 42 frá 18. maí 2010 skal atvinnurekandi sjá til að hann sjálfur og starfsmenn hans fái vinnustaðaskirteini er þeir hefja störf. Samkvæmt reglugerð 1174/2011 gildir þetta ákvæði m.a. um rekstur gististaða, þar með talið tjaldsvæða og svæða fyrir húsbýla og hjólhýsi. Einnig eiga allir starfsmenn í veitingasölu og þjónustu að bera vinnustaðaskirteini við störf sín.

Að mörgu er að hyggja við ráðningu fólks í vinnu. Auk þess að greiða laun og standa skil á gjöldum þeim tengdum bera atvinnurekendur ýmsar skyldur, t.d. varðandi aðbúnað starfsfólks og tryggingar. Bændur er hvattir til að kynna sér vel þá kjarasamninga og reglur sem gilda hverju sinni og tryggja þannig að þessi mál séu góðum farvegi.



Laugar landsins

Sundlaugin á Kleppjárnsreykjum

Sundlaugin á Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal í Borgarbyggð var byggð árið 1982 og íþróttahús við hana var síðan byggt árið 1989. Laugin er 10x25 metrar og við hana er heitur pottur.

Sundlaugin er í fallegu umhverfi, en tjaldstæði og veitingahús er í göngufæri frá sundlauginni. Í næsta nágrenni eru meðal annars margar fallegar gönguleiðir.

Á síðasta ári sóttu 2.388 gestir laugina heim.

Laugin er opin á þriðjudögum og fimmtudögum frá 19.00–21.00 yfir vetrartímann. Yfir sumartímann, frá 1. júní til 19. ágúst, er laugin opin frá 11.00-18.00 alla daga nema miðvikudaga en þá er laugin lokað. Nánari upplýsingar má fá í síma 430-1534 eða með því að senda tölvupóst á kleppjarnsreykja.laug@borgarbyggd.is



Vélabásinn

Hjörtur L. Jónsson

Land Rover Discovery 4:
Hlaðinn þægindum

Íslendingar hafa alltaf verið mikil jeppaþjóð allt frá því að fyrsti fjórhjóladrifnu jepparnir komu til landsins. Á tímabilinu frá 1950 til 1970 voru Land Rover-bílarnir mest seldu jepparnir, en upp úr 1970 komu jeppar sem voru þægilegri, kraftmeiri og vandaðari smíði að kröfu notenda. Í nokkur ár hefur verið á markaði Land Rover Discovery 4 sem hefur raðað inn verðlaunum og viðurkenningum.

Discovery 4 er hlaðinn þægindum

Discovery 4 af árgerð 2013 er til sölu og sýnis hjá BL Sævarhöfða. Þetta er jeppi sem kostar sitt en það er mikið í hann spunnið, eins og ég komst að raun um. Margar útgáfur eru af Discovery á mismunandi verði, en bíllinn sem ég ók var SE-útgáfan og er hlaðinn ýmsum þægindum. Strax og ég settist inn í bílinn leið mér vel, þægindin voru alls staðar og full langur listi til að telja upp hér í stuttri yfirferð um bílinn.

Hitarinn í sætunum var fljótur að hita leðursætin þó að það hafi verið töluvert frost þegar ég prófaði bílinn. Hiti er í öllum sætum í SE-bílnum og ég man ekki eftir að hafa keyrt bíl áður sem var með hitara í aftursætunum.

Líka með hita í stýrinu

Það sem kom mér mest á óvart og ég var hrifnastur af var hitinn í stýrinu, en ekki minnst ég þess að hafa keyrt bíl áður sem var með upphitað stýri. Miðstöðin var mjög fljót að hita bílinn upp að innan og þá eru hljómf lutningstækin einstaklega góð, 9 hátalarar og 240W magnari sem skilar einstaklega góðum hljómburði. Þegar ég sótti bílinn á föstudagskvöld hafði ég viðkomu í búð á heimleiðinni. Farangursrýmið aftur í er stórt og gott að hlaða inn í bílinn. Snemma á laugardagsmorgun keyrði ég upp á Mosfellsheiði og sýndi hitamælirinn í mælaborðinu að úti væri 9 stiga frost.

Tölvustýrt drif og fjöðrunarkerfi

Á leiðinni prófaði ég spólvörnina og bremsur, en spólvörnin virkar mjög vel og er Discovery fljótur að ná ferð þó að undir sé flughált. Tölvustýrða drifið vinnur með fjöðruninni (Terrain Response) og sér til þess að hvert hjól nái hámarksgripi. Ég var ekkert sérstaklega hrifinn af stöðvunarvegalegndinni, þar sem hjólbarðarnir sem bíllinn kemur á eru ekkert sérstaklega góðir til að bremsa í hálku þó svo að þeir gripi vel áfram. Að þessum sökum mæli ég með því að þeir sem keyra svona bíla í hálku kaupi sér betri dekk til hálkuaksturs, eða hagi akstrinum í það minnsta meðvitað um að þessi dekk séu ekkert sérstök þegar virkilega þarf að bremsa (það er aldrei of oft hamrað á að fara varlega og keyra eftir aðstæðum).

Mikill kraftur

Krafturinn í sex strokka dísilvélinni er hreint unaðslegur enda á vélín að skila 210 hestöflum og viðbragðið úr kyrrstöðu er næstum því hættulegt gagnvart punktastöfnun í ökuferilsskrána. Á malbiki liggur bíllinn vel og tók ég sérstaklega eftir hversu vel fjöðrunin tók hvassar



Í nokkur ár hefur verið á markaði Land Rover Discovery 4 sem hefur raðað inn verðlaunum og viðurkenningum.

hraðahindranir sem gefa flestum bílum högg, en Discovery fer yfir svona hraðahindranir mýkst af öllum bílum sem ég hef keyrt. Á malarvegi er fjöðrunin góð og ekkert veghljóð undir bílnum. Það eina sem ég sá athugasemjaverð er mikill sóði á afturhlerann eftir rykið á malarveginum

sem virtist sogast á afturgaflinn. Í ófærum og á vondum vegum er hægt að stilla fjöðrun á bílnum og í mælaborðinu með einum takka er hægt að hækka hann, sem ætti að koma sér vel á vegslóðum sem eru mikið grafnir með djúpum hjólförum, svipað og er meðfram mörgum veiðiám.

Sjaldan er ég orðlaus

Prufuaksturinn var óvenjulangur og verð ég að viðurkenna að ég skemmti mér svo vel að ég vildi helst ekki skila bílnum. Þegar ég lendi á svona skemmtilegum bíl verð ég stundum orðlaus og á erfitt með að lýsa hrifningu minni. Það

gerist sjaldan en þessi bíll gerði mig orðlausan. Það voru erfið skref að labba í gamla 13 ára 100 hestafla jepplinginn minn að prófun lokinni á Land Rover Discovery 4 SE, en núna skil ég betur þessa miklu bílaást kunningja minna sem eiga Discovery.



hlj@bondi.is



Þó að dekkinn séu merkt fyrir snjó og drullu mættu þau vera mýkri fyrir bremsun í hálku.

Verð: (Sjálfskiptur)	10.990.000
Lengd:	4.829 mm
Breidd:	2.176 mm
Þyngd:	2.583 kg.
Hestöfl: (1,3 L, 16v)	210

Bætt bros - betri líðan

Nýsmíði gervigóma
Gervigómar, viðgerðir og fóðranir
Samningur við Tryggingstofnun Ríkisins



Halldóra Friðriksdóttir
Hlíðasmára 9 - sími 565 5650

Í bílnum er yfir 1.200 lítra farangursrými.

Myndir / HLJ

VIROC 1.flokks eldvarnarplata

STÆRÐ PLÖTU: 1200 X 2600 mm
5 ÞYKKTIR: 8, 10, 12, 16 og 19mm
RÚMÞYNGD: 1300 kg/M3
BRUNARÞOL: 10 mm í flokki 1.

Viðurkennt af mannvirkjastofnun sem klæðning í flokki 1

UTANHÜSSKLÆÐNING

EININGAHÚS

MILLIVEGGIR

BITAKLÆÐNING

- málað eða hraunað

- ytra og innra byrði

- A6eldvörn

- eldvörn fyrir stálbita

- eldvörn í flokki 1 10mm og þykkara

BYGGINGAVÖRUVERSLUN
P. ÞORGRÍMSSON & CO
Ármúla 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Jón Gunnarsson bóndi í Árholti á Tjörnesi hóf búskap þar árið 1990 þegar hann tók við búinu af foreldrum sínum. Búskapur hefur að sögn Jóns lítið breyst frá því að hann tók við utan þess að hann hefur tæknivæðst.

Býli? Árholt.

Staðsett í sveit? Á Tjörnesi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Ábúandi? Jón Gunnarsson.

Stærð jarðar? Um 5.800 ha. Þar af eru 30 ha tún og 2 ha undir grænfóður.

Tegund búskapar? Sauðfjárrækt.

Fjöldi búfjár og tegundir? Búið er með 415 kindur og tíkina Perlu.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Á þessum tíma árs er hver dagur öðrum líkur. Ég byrja á að gefa kindunum og yfir daginn vinn ég síðan tilfallandi. Núna stendur til að mynda yfir rúningur. Eftir miðdegiskaffi fer ég svo aftur í fjárhúsin og gef seinni gjöfina.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Flest bústörfin eru skemmtileg. Þó stendur sauðburðurinn upp úr, sem og heyskapurinn, þegar vel gengur. Ætli það sé ekki leiðinlegast að taka til í hlöðunni eftir sauðburð.



Hvernig sérð þú búskapinn fyrir þér á jörðinni eftir 5 ár? Hann verður nú með svipuðu sniði og nú er. Ég stefni hins vegar á að byggja ný fjárhús og með þeim mun öll vinnuaðstaða breytast til hins betra.

Hvaða skoðun hefur þú á félagsmálum bænda? Ég ber mikla virðingu fyrir þeim sem eru tilbúnir að starfa að hagsmunum bænda.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Hann á mikla framtíð fyrir sér, ekki síst vegna okkar hreinu og góðu landbúnaðarvara. Og höldum okkur utan við ESB.

Hvar telur þú að séu helstu tækifærin í útflutningi íslenskra búvara? Við verðum að halda þeim mörkuðum okkar sem eru þegar til staðar og einnig að efla það markaðsstarf.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk og ostur eru alltaf til og eitthvað brauð.

Hvað er vinsælasti maturinn á heimilinu? Steikt lambakjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Nærtækast er að nefna þegar ég tók nýja rúllusamstæðu í notkun síðastliðið haust.

Vinsælar uppskriftir úr leikskólum landsins

Berglind Mari Valdemarsdóttir er nemi í Hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Hún hyggst ljúka námi í vor, en lokaverkefnið hennar er vefsíðan Uppáhalds uppskriftir leikskólabarna. Eins og nafn síðunnar bendir til miðlar hún vinsælum uppskriftum frá leikskólum héðan og þaðan af landinu.

„Hugmyndin að verkefninu kviknaði fyrir nokkrum árum þegar sonur minn var enn á leikskóla. Þá fékk ég alltaf að heyra hvað hann var duglegur að borða matinn þar, hins vegar var ekki sömu sögu að segja heima. Mig langaði mikið til að gægjast í uppskriftabók leikskólans en þorði þó ekki að biðja um slíkt. Þess í stað ákvað ég að stofna þessa síðu og fær sonurinn nú að smakka alla rétti sem á henni birtast. Það kemur mér skemmtilega á óvart hvað honum finnst réttirnir góðir. Greinilegt er að hér er um vinsæla rétti að ræða. Slóðin á síðuna er www.uppahalds.tumblr.com“ segir Berglind, sem deilir hér tveimur uppskriftum með lesendum Bændablaðsins.

Kryddbrauð frá Pakistan

Uppskrift frá leikskólanum Heklukoti á Hellu.

- 160 g hveiti
- 150 g sykur
- 2 tsk. kakó
- 1 tsk. sódaduft
- 120 g haframjöl
- 1 tsk. kanill
- 1 tsk. negull
- ¼ l mjólk

MATARKRÓKURINN

Aðferð:
Allt sett í eina skál og hrært saman. Bakað við 190-200 °C í 30 til 35 mínútur eins og formköku.

Indverskur fiskréttur (fyrir um fjóra)

Uppskrift frá leikskólunum Rauðuborg, Reykjavík og Sunnuhvoli, Garð abæ.

- 600 g ýsa eða þorskur
- 1 laukur
- salt eftir smekk
- pipar eftir smekk
- 1 tsk. Tandoori Masala
- 1 tsk. karrí
- 1 msk. sítrónusafi
- 1½ msk. matarolía
- 1 dl matreiðslurjómi

Aðferð;
Skerið fiskinn í bita, leggið í ofnskúffu og stráið lauknum yfir. Blandið saman kryddi, sítrónusafa, rjóma og olíu og hellið yfir. Bakið við 200 °C í 30 til 40 mínútur.

Berið fram með hrísgrjónum og salati. Það er líka skemmtilegt að bjóða upp á saxaða banana, döðlur, rúsínur og gúrkur í skálum ásamt kókosmjöli. Verði ykkur að góðu!

/ehg



FÓLKID SEM ERFIR LANDID

Hringdi óvart í neyðarlínuna

Styrmir Þór Wíum Sveinsson er níu ára gamall nemandi í Grunn-skóla Sandgerðis. Honum finnst skemmtilegast að læra nýja hluti í skólanum en það leiðinlegasta sem hann veit er þegar hann er truflaður við lærdóminn.

Nafn: Styrmir Þór Wíum Sveins-son.

Aldur: 9 ára.

Stjórnumerkí: Nautsmerki.

Búseta: Sandgerði.

Skóli: Grunnskóli Sandgerði.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Að læra eitthvað nýtt.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Bæði hundar og hestar eru skemmtilegust.

Uppáhaldsmatur: Hafragrautur er ofsalega góður.



Styrmir Þór Wíum Sveinsson.

Uppáhaldshljómsveit: Psy er góður.

Uppáhaldskvikmynd: Hobbitarnir er góð kvikmynd.

Fyrsta minningin þín? Það var þegar ég var lítill og ég var hræddur við langömmu mína.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég spila á píanó og harmonikku og ég er líka að æfa körfubolta.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir í tölvu? Mér finnst mest gaman að spila leikinn Minecraft.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Mig langar að verða læknir.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Það var þegar ég hringdi óvart í neyðarlínuna.

Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert? Mér finnst leiðin- legast að vera truflaður þegar ég er að læra.

/ehg

PRJÓNAHORNID

Hekluð páskakanínukarfa og egg

Páskakanínukarfa - efni og áhöld:
Kartapou junior soft gam bleikt nr. 699 og gult nr. 342
Knit star bambus hekluál nr. 3
Knopf budke tölur fyrir augu og nef.

Útskýringar á skammstöfunum:
Fl: Fastalykkja.
St: Stuðull.
ÚT: Úrtaka 2 lykkjur settar saman á sama hátt og á eggjunum.
AL: Aftari hluti lykkju.
Heklað í hring, hverjum hring lokað með fl og byrjað á nýrri umferð með 1 loftlykkju.

Karfan:
Með gulu Junior soft garni.

1) Fitja laust upp með 2 loftlykkjum og tengja í hring.

2) 6 fl í hringinn.

3) 2fl í hverja lykkju í hringnum.

4) Aukið út með 1fl, 2fl í aðra hverja í endurtaka allan hringinn.

5) 2 fl í sömu l, 1 fl, endurtaka allan hringinn.

6) 1 fl allan hringinn.

7) 1 fl, 2 fl í sömu l allan hringinn.

8) Fl í fl allan hringinn.

9) 1 fl, 2 fl í sömu l, endurtaka allan hringinn.

10-13) 1fl allan hringinn.

14) 3 fl, 2 fl í sömu lykkju endurtaka allan hringinn.

16) Fl í fl allan hringinn en aðeins tekið í aftari hluta lykkjunnar til að mynda kant.

17) Fl í fl allan hringinn.

18-21) Nú eru heklaðir stuðlar allan hringinn.

22) Heklið 9 stuðla,takið 2 saman, endur- taka allan hringinn.



- 23) Heklið 8 stuðla, takið 2 saman, endur- taka allan hringinn.
- 24) Heklið stuðla allan hringinn.
- 25) Heklið 8 stuðla, takið 2 saman, endur- taka allan hringinn.
- 26)-31) Heklið stuðla allan hringinn.

Handfang:
Með gulu Junior soft garni.
Brjóta körfuna saman og finna miðjuna.
Þar eru heklaðir 5 fastapinnar, snúið við og heklaðir þessir 5 fastapinnar þar til lengd sem óskað er eftir næst c.a. 25-30cm.
Sauma niður á sama stað á móti.

Eyru:
Með bleiku Junior soft garni.
Telja ca. 3-4 lykkjur frá handfangi.

- 6 fastalykkjur heklaðar fram og til baka þar til komin er lengja sem er ca. 7cm.
 - Byrja úrtökur
 - 6 fastalykkjur heklaðar fram og til baka þar til komin er lengja sem er ca. 7cm.
 - Byrja úrtökur
 - 2 fl, taka 2 saman, 2 fl.
 - 2 fl, taka 2 saman, 1 fl.
 - 1 fl, taka 2 saman, 1 fl.
 - Hlaupið yfir 2 lykkjur og heklið 1fl í síðustu umferð.
- Endurtaka alveg eins fyrir hitt eyrað
Heklið nú með gula garninu fastapinna allan hringinn utan um bæði eyrun.
- Andlit:
Sauma á tölur fyrir augu og nef.
Heklið nú með bleiku Junior soft, keðju sem er ca.12 loftlykkjur og saumið hana á fyrir munn.

Andlit:
Sauma á tölur fyrir augu og nef.

Hekla úr bleiku junior soft keðju sem er ca.12 loftlykkjur og sauma hana á fyrir munn.

Páskaegg - efni og áhöld:
Kartopu Junlor soft garn í öllum litum
Knit star hekluál nr. 3
Tölur frá Budke knopf til skrauts
Tróð til að fylla egg

Útskýringar:
Eggin eru hekluð með fastahekli í hring.
ÚT: úrtaka 2 lykkjur teknar saman í eina.
Hekluálinni stungið gegnum næstu fl garnið dregið í gegn, síðan stungið gegnum næstu lykkju og garnið dregið í gegn slegið uppá og dregið í gegn um báðar l.

Hver umferð er tengd saman í hring og ný umferð byrjuð með 1 loftlykkju.

Egg:

- Slá upp 2 loftlykkjum og mynda hring.
- 6 fl í hringinn.
- Hekla 2 fl í hverja lykkju [12]

Kjarni málsins Ekkert viðhald

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða gluggar@kjarnagluggar.is

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

AUGLEYSINGASTOFA E. BACKMAN



- Hekla 2 fl í fyrstu lykkju og síðan fl í næstu 3 lykkjur endurtaka 3 svar [15]
 - Fl allan hringinn [15]
 - Fl allan hringinn [15]
 - 2 fl í fyrstu lykkju og 1 fl í næstu endurtakið 7 sinnum (22 l)
 - Fl allan hringinn (22 l)
 - Fl í fyrstu 5 lykkjur, 2 fl í næstu lykkju, fl í næstu 10 lykkjur, 2 fl í næstu lykkju, fl í síðustu 5 lykkjurnar [24]
 - Fl allan hringinn [24]
 - Fl í fyrstu 2, [2 fl í næstu lykkju, fl í næstu 5 lykkjur] endurtakið 3svar sinnum
 - 2 fl í næstu lykkju og fl í síðustu 3 lykkjur endurtekið. [28]
 - Fl allan hringinn [28]
 - Fl allan hringinn [28]
 - Fl í fyrstu 3L, síðan 2 fl í næstu lykkju, fl í næstu 13 lykkjur. 2 fl í næstu lykkju, fl í næstu 10 lykkjur (30L)
- Fl allan hringinn [30]
 - Nú byrja úrtökur, fl í fyrstu 3 lykkjur, úrtaka með því að hekla 2 lykkjur saman samkv leiðbeiningunum fl í næstu 13 lykkjur, úrtaka, fl í næstu 10 l (28 l)
 - Fl í fyrstu 5 lykkjur, teknar 2 saman endurtaka 6 sinnum (24)
 - Fl allan hringinn [24]
 - Úrtaka, 2 fl, endurtaka 6 sinnum (18)
 - Fl. úrtaka endurtekið 6 sinnum (12)
 - Fl allan hringinn [12] hérna er gott að festa á töluna ef þess er óskað.
 - Fylla eggjö vel af tróði
 - Úrtaka allan hringinn, ganga frá og loka.
- Góða skemmtun og gleðilega páska
Hildur Elísabet Ingadóttir
Kópavogi

7			9	4	6		
				1	8		4
							5
				7			
	6			3	8	1	
1							
	8		2			7	
		4	3				1
		9		8	5	3	

	8					9	
			3		5		
5				7			4
	1			6			3
		4	8	3	1	2	
	6			4			1
2				5			7
			2		7		
	9					4	

5							6
					4		8 5
			2	3			
		6	5			9	7
	9	1			2	4	
				1	5		
7	2						
	4						7

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur frá 1-9 í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Þrautirnar eru miserfiðar, sú sem er lengst til vinstri er léttust og sú til hægri þyngst en sú í miðjunni þar á milli.

Hægt er að fræðast nánar um Sudoku-þrautirnar á vefsíðunni www.sudoku2.com og þar er einnig að finna fleiri þrautir ef þessi skammtur nægir ekki.



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

Gæða þakrennur



Hvitt PVC áratuga ending sendum um allt land

BYGGINGAVÖRUVERSLUN
P. ÞORGRÍMSSON & CO
512 3360 · korkur.is

KALDIR DAGAR

TILBOÐ Á ÖLLUM KÆLISKÁPUM!

CANDY SEVERIN
Blomberg Panasonic

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

MÁLUM, SMÍÐUM ALLT

Málum inni og úti.
Múr og sprunguviðgerðir.
Smíðavinna

Skiptum um og lagfærum glugga, hurðar og þak.
Viðbyggingar, klæðningar
Einangrun.

Steinlög (garðvinna)
Á sumrin þarf að panta tíma í það.
Margra ára starfsreynsla.

Flott verk

Skrifstofa 854-0222 Hanna
Þjónustubíll 854-0223 Ísfeld

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 1.700 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Weckman sturtuvagnar, 10 tonn.
Verð kr. 1.630.000,- með vsk. 12 tonn. Verð kr. 1.780.000,- með vsk.
Tilboð. Frír flutningur í heimabyggð.
H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Weckman flatvagnar. Verð kr. 1.972.000,- með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Hringgerði. Hringgerði til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is



2ja öxla kerrur, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Verð frá kr. 545.000 m. vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mosf. Sími 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunar-svæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsgandi, traktorsdrifnar dælur. Bensínkúnnar dælur með Honda móturum, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Sími 892-4163 / netfang: hak@hak.is / vefsíða: www.hak.is



Cemtec sænskar höffjaðrir. Góðar fjaðrir í stærðum E4 og E5 og slím ESL-3, ESL-4 og ESL-5. Pakkinn 250 stk. kr.2.890. Magnafsláttur. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf. Sími 894-5111 opið frá kl.13-16:30, www.brimco.is



Nýr Belarus 1221.3, verð kr. 5.145.000 án vsk. Rafvörur ehf. Dalvegur 16c, 201 Kópavogur. Uppl. í síma 568-6411. www.rafvorur.is



Vökvaknúnnar vatnsdælur fyrir tank-bíla og dráttarvélar. Sjálfsgandi dælur sem dæla allt að 120 tonnnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Sími 892-4163 / hak@hak.is / www.hak.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16:30.



Traktorsdrifnar rafstöðvar, 10,8 kW upp í 72 kW. Agrowatt, framleiðandi: Sincro á Ítalíu. Stöðvarnar eru 4 póla (1500 sn / mín) með AVR (automatic volt regulator). AVR tryggir örugga notkun við viðkvæman rafbúnað, t.d. mjáltaþjóna, tölvubúnað o.fl. Verðdæmi: (42 KWA) 33.6 KW = 566.000,- + vsk. Stöðin þarf 80 hest-afla traktor, PTO 430. Hákonarson ehf. Sími: 892-4163, netfang: hak@hak.is, vefsíða: www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi fyrir magnðælingu eða mjög háþrýstar dælur sem henta vel í vökvun á stórum svæðum. Einnig háþrýstar dælur, frá 2" sem henta mjög vel í að brjóta upp haug. Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir landbúnað og annan iðnað. Hákonarson ehf. Sími: 892-4163, netfang: hak@hak.is, vefsíða: www.hak.is



Bílskúrs- og iðnaðarhurðir. Mikið úrval, margir litir. CE merktar. Hagstætt verð. Hýsi-Merkur hf. Sími 534-6050 www.hysi.is / hysi@hysi.is



Cemtec sænskar skeifur. Frábærar skeifur framleiddar skv.reglum FEIF. Gangur 4 skeifur með sköflum aðeins kr. 2.812. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mosf. Sími 894-5111. Opið frá kl.13-16:30 www.brimco.is



Sveitahótelíð Vatnsholt í Flóahreppi. Gisting. Veitingar. Ráðstefnur. Veislur. Hvataferðir. Upplýsingar í síma 899-7748 og í netfangið alfheidur@hotel-vatnsholt.is



Mykjudreifarnir frá Figel hafa sleigið í gegn í Evrópu. Getum boðið örfáa á kynningarverði. 10.600 lítra á 700/50-26.5 dekkjum og með 12.00 lítra dælu. R.A.G. Import & Export, Helluhraun 4, Hafnarfirði, sími 565-4900 og 852-7502, www.rag.is



Weckman malar-/grjótvagn. Gerð M130 D 3. Hardox stál í skúffu. Verð kr. 3.450.000,- með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Er rafhlaðan dauð? Endurnýjum alla rafhlöðupakka fyrir borvélar og önnur tæki. Rafhlöður, eldvarnir ofl. Sjá á www.fyriralla.is eða í síma 899-1549 eftir kl 17.00 og um helgar.



Til sölu sementskúla í ágætu ásig-komulagi. Hentar ágætlega sem vatnstankur eða fyrir kornflutninga. Verð 800.000 + vsk. Til sýnis og sölu hjá Bíla- og vélasölu Borgarnesi. Sími 437-1200.



H og D-lásar

ÍSFELL
www.isfell.is
Óseyrarbraut 28 • Hafnarfjörður
Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

KEDJUR OG HNALLAR
Keðja með hnalli
13 hlekkir
Verð kr. 1.936

Vélaval
560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is



Rýmingarsala. Þýskir gæða snjóblásarar frá ALKO með rafstarti. Fullt verð kr. 199 þ. Rýmingarsöluverð kr. 119 þ. Þú sparar kr. 80 þ. Topplausnir ehf. Smíðjuvegi 40, sími 517-7718.



Fiat 80-90 DTC, árg. 1992. Vélin er í Bolungarvík. Uppl. gefur Heiðar í síma 456-7156.



Volvo V-70, árg. 1998. Ekin 231.000 km. Sk. '14. Mikið endurnýjaður. Sjálfsk. Verð kr. 650.000. Bensín. Gott verð. Uppl. í síma 896-5198.



Til sölu vel með farinn Dodge Ram 2500 dísel, árg. '98, ekin 215 þ. km. Er á nýjum 35" vetrardekkjum og felgum. Þokkalegur sumargangur + slappur vetrargangur, allt á felgum, með á pallinum. Verð kr. 1,5 millj. Netfang: gudjones@gmail.com



Bronco fornbiill. Bronco 88, stór, breyttur, 38" góð dekk, upptekin vél 4,9. Selst til uppgerðar eða í varahluti. Uppl. í síma 698-4967 eða 566-8366.



Til sölu Dodge Ram, árg. 2006, ek. 200 þ. km. Sjálfskiptur. Ásett verð kr. 3.500.000. Uppl. í síma 821-4812, Birgitta.



Til afgreiðslu strax: Reck mykjuhræður með 50-55- 60-65 cm turbo skrufuspaða fyrir 60-200 hö. traktor pto, 540-1000. Lágmarkar eldneytiseyðslu í hræringu. Uppl. í s. 587-6065 og 892-0016.



Á hagstæðu verði: Maschio hnífataetarar 235-260-285 cm, pinnataetarar 300 cm. Gaspardo 300 cm sáðvél fyrir allar gerðir af fræi. Uppl. í síma 587-6065 og 892-0016.



Verð á sumarskeifum. Gangurinn á kr. 1.600. Pottaður gangur kr. 1.880 Sendum um allt land. Helluskeifur, Stykkishólmi. Sími 893-7050.



Til sölu fjákkerra. Stærð 300x170x100 cm. Verð kr. 350.000 án vsk. Uppl. í síma 894-0172.



Getum útvegað hesta- og fjárflutningakerrur með og án milligöfils. Uppl. á www.topplausnir.is og í síma 898-7126.



Getum útvegað vélavagna, heildarþyngd 2600 til 3500 kg. www.topplausnir.is og sími 898-7126.



Súkkulaðibrúnir HRFÍ labradorrakkar til sölu. Áhugasamir geta haft samband við Elínu í síma 690-2602.



Myglueyðir. Mildex er öflugur myglueyðir sem eyðir myglublettum á áhrifaríkan hátt. Úðið yfir mygluna og hún hverfur. Kemi ehf. Tunguhálsi 10, sími 544-5466, www.kemi.is



Er stíflað? Trausti Hrausti er einn allra fljótvrækasti stíflueyðir sem völ er á. Kemi ehf. Tunguhálsi 10, sími 544-5466, www.kemi.is



Rothvati. Sept O Aid örverur í rotþrær. Kemur niðurbrotinu í gang og hindrar að ólykt berist frá rotþrónni. Fáðu ráðgjöf hjá okkur fyrir þínar aðstæður. Kemi ehf. Tunguhálsi 10, sími 544-5466, www.kemi.is



Flórsköfuglussi. Erum með mikið úrval af glussa fyrir allar gerðir tækja. Fáðu nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum okkar. Kemi ehf. Tunguhálsi 10, sími 544-5466, www.kemi.is



Eigum úrval af sterkum skerablöðum, ísblöðum, karbit og skeraboltum á góðu verði. Sendum samdægurs hvert á land sem er. Afvélur ehf. Vesturhraun 3, 210 Garðabæ. Sími 480-0000



Olía og smurvörur – Tilboð. 15 % afsláttur af allri olíu, smurfeiti og frostlegi í mars. Jötunn Vélar ehf. – 800 Selfossi – Sími 480-0400 – www.jotunn.is



Síur, Síur, Síur. 15 % afsláttur af öllum síum í mars. Jötunn Vélar ehf. – 800 Selfossi – Sími 480-0400 – www.jotunn.is



Tudor rafgeymar. Rafgeymar í flestar gerðir ökutækja og vinnuvéla. Einnig hleðslutæki í úrvali. Jötunn Vélar ehf. – 800 Selfossi – Sími 480-0400 – www.jotunn.is



Vökvatjakkar og dælur. Sérþöntum allar stærðir og gerðir af vökvatjökkum, vökvaðælum og stjórnlokum frá Þýskalandi. Einnig þéttisett og fódringar. Leitið upplýsinga hjá söluhöfðingjum okkar. Jötunn Vélar ehf. – 800 Selfossi – Sími 480-0400 – www.jotunn.is



Gæludýrafóður WAGG – Gott fóður á góðu verði. Jötunn Vélar ehf. – 800 Selfossi – Sími 480-0400 – www.jotunn.is



Til sölu notuð rafstöð 27 KVA 22 kW 400/230 volt. Keyrð 18.924 klst. Nýupptekin rafall. Er í lokuðu húsi, tilbúin til notkunar. Verð kr. 750.000-án vsk. Uppl. í síma 694-1500.



Til sölu er þessi glæsivagn, árg. 2005. Ekinn 67 þús. km. Einn eigandi. Uppl. í síma 892-3121, Jón Gunnar.



Til sölu Subaru Forester. árg. 2009. Ekinn aðeins 14.600 km. Leðurákl. og topplúga. Verð kr. 3.900.000 Uppl. í síma 898-9081.



Ódýrir sanddreifarar á lager. Verð frá kr. 190.000. Afvélur ehf. Vesturhraun 3, 210 Garðabæ. Sími 480-0000.



Á hagstæðu verði: Masai A300 fjórhjól árg. 2007, ekið 250 km. nýr rafgeymir, vökvabremsur, farangursgrind að framan og aftan, gótuskráð. Uppl. í s:5876065-8920016.



Til sölu Vélboða snekkjudæludreifari 8.000 lítra, árg. 2003. Vökva opnun/ lokun og bremsur. Ýmsir barkar fylgja. Nánari uppl. hjá Vélfang ehf. í síma 580-8200 og velfang.is



Fjárflutningakassi til sölu. Til Sölu fjárflutningakassi á þritengi. Allt járn galvinserað, klæddur með áli. Stærð 2.30x1.40 Uppl. í síma 898-4949, Gunnar



Til sölu OK beltagrafa RH5, árg. 1991, með bilaðan snúningsrótur. Vél er í góðu standi að öðru leyti. Óska eftir snúningsrótur á sömu vél. Mitsubishi L200, árg. 2008, er upphækkaður á 35" dekkjum. Keyrður aðeins 51 þ. km. Infraraður horn-sánaklefi 135x135 cm, lítið notaður. Sambyggð trésmíðavél, gömul og góð. Kerra fyrir tvö fjórhjól, galvaniseruð. Uppl. í síma 898-3100 eða í netfangið hildisey@emax.is



Tonutti T9 - 3GW rakstrarvél

Til afgreiðslu strax: Heytætlur 6,5m lyftutengdar, Sláttuvélur 3m miðjuhengd, 9 hjóla rakstrarvélur 6m, Þurrkublaðagúmi í öll tæki. Uppl. í s:5876065-8920016.

ÚRVAL GÆÐAHÚSA

Sumar- og gestahús 10-32 fm

Geymsluhús 7,6-15 fm

Garðskáli 10 fm

JABOHÚS, Ármúla 36, Rvk S. 581 4070, jabohus.is

Frostmerki Brennimerki - Sérsmíði

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Málmsteypan **HELLA ehf.**

Kaplahrauni 5 - Sími 565 1022 hella@hella.is - www.hella.is

V é l a s k e m m u r

Heitgalvaniseruð grind. Verð m. vsk. Miðað við gengi 4.2.2013.

30m²- 692.000	Væntanlegt.
45m²- 893.000	Væntanlegt.
45m²- 1.089.000	Hátt. Til á lager.
120m²- 2.940.000	10x12m
210m²- 3.930.000	10x21m

Hýsi-Merkúr hf. Sími: 5346050
www.hysi.is / hysi@hysi.is

Varahlutir í vinnuvélar

S: 517-8240
Súðarvogi 20
www.eyjalind.is

KALDIR DAGAR

TILBOÐ Á ÖLLUM KÆLISKÁPUM!

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is

Það styttist í vorið



Överum plógar



Howard jarðtætarar og rótherfi



Kongskilde fjarðaherfi



Nordsten sáðvélar

Pantið tímanlega

KRAFTVÉLAR

Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is
kraftvelar@kraftvelar.is

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg - Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin **amerísk** tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c - 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 - WWW.RAFVORUR.IS



Amerísk
gæðavara



Vélavit útvegar varahluti í flestar gerðir traktora,
sérhæfum okkur í **JCB, Hydrema, Iveco, New
Holland og Case**

Erum einnig með alla varahluti í **JCB** vinnuvélar

Eigum allar síur í **New Holland** og **JCB** á lager

Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja

Hafið samband og látið okkur aðstoða við
að útvega réttu varahlutina

Oftast ódýrastir!
Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir

Skeiðarás 3 • Garðabær • Sími 5272600 • velavit@velavit.is

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

ÚTSALA-ÚTSALA

VIÐ MOKUM ÚT TÆKJUM

...og rýmum fyrir sumarvörum!

SNJÓPLÓGAR OG TENNUR Á GRÖFUR,
DRÁTTARVÉLAR, VÖRUBÍLA OG
PICK-UP BÍLA

- verð frá kr. 390.000 án,- vsk.

SANDDREIFARAR Á DRÁTTARVÉLAR
OG PICK-UP BÍLA

- verð frá kr. 190.000,- án vsk.

SNJÓBLÁSARI Á DRÁTTARVÉLAR (breidd 2,7m)

- verð frá kr. 1.790.000,- án vsk.



AFLVÉLAR

Vesturhraun 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • Fax: 480 0001

www.aflvelar.is

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR

Sáðvörulistinn kominn

Nú er rétti tíminn til að huga að sáðvörum.
Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af sáðvörum.

Grasfræ til túnræktar	Yrki	kg/ha	sekk/kg	Söluverð	kr/kg	
2000515	Grasfræblanda 1		25	25	19.975	799
2000520	Grasfræblanda 2		25	25	18.880	755
2000516	Grasfræblanda 1a		25	25	20.122	805
2000521	Grasfræblanda 2a		25	25	19.629	785
2000525	Grasfræblanda 3		25	25	22.232	889
2000530	Grasfræblanda 4		25	25	22.725	909
2002032	Vallarfoxgras	Snorri	25	10	7.550	755
2002033	Vallarfoxgras	Snorri	25	25	18.875	755
2002036	Vallarfoxgras	Jonatan	25	10	7.330	733
2002030	Vallarfoxgras	Grinstad	25	10	7.330	733
2002028	Vallarfoxgras	Engmo	25	25	17.250	690
2003020	Vallarsveifgras	Sobra	18	25	18.250	730
2003030	Vallarsveifgras	Balin	18	25	20.250	810
2004013	Fjölært rýgresi	Calibra	35	25	17.500	700
2001021	Túnvingull	Gondolin	20 til 25	20	12.200	610
2004074	Hvítsmári	Undrom	5 til 6	10	13.150	1.315
2004087	Rauðsmári	Ares	5 til 6	10	17.990	1.799

* 1a: Vallarfoxgras Tuukka 70% - Vallarfoxgras Tenho 20% - Vallarfoxgras Baron 5% - Fjölært rýgresi Dunluce 5%.

* 2a: Vallarfoxgras Tuukka 75% - Vallarsveifgras Baron 25%.

* 3: Vallarfoxgras Tuukka 30% - Vallarfoxgras Tenho 30% - Hávingull Inkeri 30% - Vallarsveifgras Baron 5% - Vallarrýggresi Bargala 5%.

* 4: Vallarfoxgras Tuukka 25% - Vallarfoxgras Tenho 20% - Hávingull Inkeri 45% - Vallarsveif Baron 10%.

Grænfóðurfræ		Yrki	kg/ha	sekk/kg	Vaxtad.**	Söluverð	kr/kg
2012015	Sumarrýgresi	Barspectra	35	25	50-60	12.250	490
2012020	Sumarrýgresi	Bartigra	35	25	50-60	12.250	490
2013015	Vetrarrýgresi	Barmultra	35	25	70-100	11.880	475
2013024	Vetrarrýgresi	Turgo	35	25	70-100	10.800	432
2011014	Sumarhafrar	Belinda	180-200	25	75-110	3.990	160
2011016	Sumarhafrar	Belinda	180-200	600	75-110	95.216	159
2014020	Sumarrepja	Pluto	15	10	50-75	8.720	872
2015015	Vetrarrepja	Barcoli	10	25	90-120	12.480	499
2015025	Vetrarrepja	Hobson	10	25	90-120	11.900	476

** Vaxtadagar – eða nýtingartími frá sáningu. Oftast miðað við daga frá 31. maí.

Bygg til þroska		Yrki	kg/ha	sekk/kg	Söluverð	kr/kg
2022517	2ja raða	Kría	700	180-200	107.154	153
2022510	2ja raða	Kría	25	180-200	3.884	155
2023031	2ja raða	Filippa	700	180-200	100.500	144
2023010	2ja raða	Filippa	25	180-200	3.590	144
2023035	2ja raða	Barbro	25	180-200	3.690	148
2022017	2ja raða	Lómur	700	180-200	107.154	153
2022010	6 raða	Lómur	25	180-200	3.884	155
2021005	6 raða	Tiril	40	180-200	6.950	174
2022020	6 raða	Judit	25	180-200	3.690	148
2011081	Hafrar til þroska	Cilla	600	180-200	93.900	157
2011079	Hafrar til þroska	Cilla	25	180-200	3.850	154

Athugið! Öll verð eru án vsk. Gengisbreytingar hafa ekki áhrif á verðið. Með fyrirvara um innsláttarvillur.



Frí heimkeyrsla ef pantað er
fyrir 19. apríl 2013

FB Reykjavík sími 570 9800
FB Selfossi sími 570 9840

FB Hvolsvelli sími 570 9850
FB Egilsstöðum sími 570 9860



FÓÐURLANDAN
www.fodur.is